ÁSLAUG TRAUSTADÓTTIR

*Skemmtilegt að elda fjölbreytta rétti úr fiski*

matur helgin

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



GUÐMUNDUR PÁLSSON

*Slasaðist á hendi í rokinu*

Meiðslin á versta tíma fyrir Baggalútsmenn

FÓLK 46









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. maí 2008 — 119. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Tækifæri til að hittast

Félag Fulbright-styrkþega á Íslandi var nýlega stofnað.

TÍMAMÓT 26



### Bæjarar rassskelltir

Bayern München tapaði 0-4 gegn Zenit frá Pétursborg í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 42



### Létt í sumar

Léttur og leikandi fatnaður er áberandi á tískuvikunni í Ástralíu sem nú stendur yfir.

FÓLK 36



## FÖSTUDAGUR

### Móðurhlutverk og matarást

Yesmine Olsson lætur drauma rætast.




FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST NORÐVESTAN TIL**

Í dag verður allhvöss eða hvöss norðaustan átt á landinu norðvestanverðu, annars mun hægari. Þurrt sunnan og vestan til, annars víða vætusamt.

VEÐUR 4



**BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS** Fjöldi fólks tók þátt í hátíðarhöldum í gær á 1. maí þar sem farið var í kröfugöngur og fólk kom saman til að berjast fyrir bættum kjörum launafólks. Í Reykjavík fóru Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur fyrir göngu frá Hlemmi að Ingólfstorgi þar sem hefðbundin dagskrá fór fram undir slagorðinu Verjum kjörin. Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Birti ákæru eftir bílslys:

## Sýslumaður sakaður um kaldlyndi

**DÓMSMÁL** „Við teljum að ákvörðun sýslumannsins á Selfossi um að ákæra, hafi ekki bara verið hlutlæg og faglega séð röng heldur einnig sérlega kaldlynd og skeytingarlaus í okkar garð eins og sakir stóðu,“ segir Helga Jónsdóttir lögfræðingur í grein sem birtist í Fréttablaðinu í dag.

Sýslumaðurinn á Selfossi hefur birt eiginmanni Helgu ákæru eftir bílslys sem þau hjónin lentu í ásamt þriggja mánaða dóttur þeirra.

Helga og maður hennar voru þau einu sem slösuðust í árekstrinum og þurfti hún að fara í endurhæfingu á Grensás í kjölfarið. Eiginmanni Helgu var birt ákæra, fyrir að hafa valdið henni tjóni, hálfu ári síðar.

Samkvæmt grein Helgu leitaði hún til sýslumannsins í von um að hann myndi falla frá ákærunni. „Ég höfðaði í einlægni til hans, eða öllu heldur laganna sem honum bar að gæta, fyrir hönd mína og mannsins míns.

Svar hans var: Nei.“

Sjá síðu 24

# Sveitarfélögin leiti réttar síns

**Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur fulltrúa sveitarfélaga til að höfða skaðabótamál vegna olíusamráðsins. Lagaprófessor telur niðurstöðu Hæstaréttar sýna að allir geti höfðað mál hafi þeir gögn.**

**DÓMSMÁL** Það er frumskylda sveitarfélaga að leita réttar síns gagnvart olíufélögunum. Þetta segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hann segist vita til þess að mörg sveitarfélög séu að kanna sína stöðu gagnvart olíufélögunum í kjölfar Hæstaréttardóms sem kveðinn var upp á miðvikudag. Sveitarfélögin muni væntanlega mörg hver kanna rétt sinn til bóta á þeim skaða sem þau urðu fyrir vegna samráðsins.

Málið höfðaði Sigurður Hreinsson, trésmiður frá Húsavík, gegn Keri, áður Olíufélaginu. Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að hann hefði orðið fyrir fjárhagstjóni vegna samráðsins og voru honum því dæmdar fimmtán þúsund krónur í skaðabætur. Segir Steinar Guðgeirsson, lögfræðingur mannsins, dóminn merkilegan því hann sýni fram á að óumdeilt sé að neytendur hafi orðið fyrir tjóni vegna samráðsins en hingað til hafa olíufélögin haldið því fram að samráðið hafi ekki bitnað á neytendum.

Sigurður Líndal lagaprófessor telur líklegt að dómurinn sé einsdæmi hér á landi og kunni að vera mjög fordæmisgefandi. Mótað hafi verið fordæmi sem þeir sem eigi hliðstæðar kröfur geti byggt mál sín á. „Þá geta verið um mun hærri fjárhæðir að ræða,“ segir hann.

Mál sem Vestmannaeyjabær hefur höfðað vegna samráðsins hefur þegar verið dómtekið og bíður nú frekari meðferðar í dómskerfinu. Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir eðlilegt að sveitarfélög sem eigi til gögn sem styðji að þau hafi orðið fyrir fjárhagsskaða geri slíkt hið sama. Þegar hafa olíufélögin verið dæmd til þess að greiða Reykjavíkurborg og Strætó bs. um 79 milljónir króna í bætur vegna samráðs félaganna fyrir útboð árið 1996. Sá dómur féll í febrúar. Sigurður segir dóminn sem kveðinn var upp nú í vikunni sýna að allir geti leitað réttar síns gagnvart olíufélögunum, hafi þeir tiltæk gögn sem sýni að þeir hafi orðið fyrir skaða. Ekkert sé því til fyrirstöðu að heilu sveitarfélögin geti byggt mál sín á því.

Hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur eru þegar til gögn um 200 einstaklinga sem talið er að gætu átt skaðabótakröfu á hendur olíufélögunum vegna verðsamráðs. Sigurður telur líklegt að olíufélögin muni fara samningaleið við þá sem á eftir koma til að spara vinnu og peninga. - kdk






Kostir og gallar fylgja því að taka sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna:

# Möguleiki á að hafa áhrif

**UTANRÍKISMÁL** „Ef Íslendingar telja að einhver af þeim stóru málum sem semja verður um á næstu árum, svo sem umhverfismál og öryggismál, skipti Ísland einhverju máli, skiptir miklu að íslenska utanríkisþjónustan hafi sem mesta möguleika á því að hafa áhrif,“ segir Colin Keating, framkvæmdastjóri Security Council Report.

Hann segir ríki hafa skýran ávinning af því að taka sæti í öryggisráði SÞ. Tími tvíhliða samninga sé að líða undir lok, nú snúist utanríkismál um alþjóðlegar lausnir. Þá skipti sýnileiki landsins, tengsl við mikilvæg ríki og reynsla utanríkisþjónustunnar miklu. Þetta styrkist þegar ríki taki sæti í ráðinu.

Ekki fylgi því þó aðeins kostir að taka sæti í ráðinu. Tvíhliða sambönd ríkja geta skaðast verulega vegna ágreinings um mál innan ráðsins.

Þannig kulnuðu samskipti Bandaríkjanna við ríki á borð við Þýskaland, Frakkland og Mexíkó árið 2003, þegar ráðið samþykkti ekki sameiginlegar hernaðaraðgerðir gegn Írak. Þar höfðu ríkin val milli eigin hagsmuna og grundvallarafstöðu í alþjóðasamskiptum, segir Keating. - bj / sjá síðu 16







## SPURNING DAGSINS



*Sveinn, var andrúmsloftið rafmagnað á landsþingi Landssambands lögreglumanna?*

„Já, það voru allir í stuði og þetta var gasalega gott þing.“

Sveinn Ingiberg Magnússon lét af embætti formanns Landssambands lögreglumanna á landsþingi sambandsins sem lauk í gær. Þar var samþykkt ályktun þar sem þess er krafist að öllum lögreglumönnum verði útvegað Taser-valdbeitingar- og rafstuðtæki sem allra fyrst.

Framkvæmdastjóri SÞ leiðréttir misskilning um stuðning hans við Austurríki:

# Öll ríkin hæf til setu í ráðinu

**UTANRÍKISMÁL** Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna frétta af stuðningi hans við framboð Austurríkis til setu í öryggisráði SÞ. Austurríki keppir við Ísland og Tyrkland um tvö laus sæti.

Í yfirlýsingunni er haft eftir Ban að ríkin þrjú séu öll hæf til setu í ráðinu, og að hann óski þeim öllum góðs gengis í kosningunum í haust. Sem framkvæmdastjóri SÞ geri hann ekki upp á milli þeirra. Með yfirlýsingunni vilji hann leiðrétta misskilning í kjölfar ummæla sinna. „Persónulega vona ég innilega að Austurríki nái kjöri,“ hafði austurrískt vikurit eftir Ban, eins og greint var frá í Fréttablaðinu.

Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, segir að fulltrúar fjölmargra ríkja hafi furðað sig á ummælum Ban. Bæði Ísland og Tyrkland hafi komið á framfæri mótmælum við framkvæmdastjórann.



**ÓHEPPILEGT** „Persónulega vona ég innilega að Austurríki nái kjöri,“ sagði Ban Ki-moon í samtali við austurrískt vikurit nýverið. Hann hefur nú leiðrétt ummælin. NORDICPHOTOS/AFP

Önnur ríki hafa einnig gert athugasemdir. „Það er ekki einkamál Íslands ef starfsmaður Sameinuðu þjóðanna tjáir sig með þessum hætti,“ segir Grétar.

Hann telur orð Ban ekki hafa skaðað framboð Íslands til öryggisráðsins. Þau hafi þó verið óheppileg, en vonandi sé málið úr sögunni nú þegar þau hafi verið leiðrétt. **- bj**

Könnun á fylgi flokkanna:

# Samfylkingin undir kjörfylgi

**STJÓRNMÁL** Fylgi Samfylkingarinnar mælist nú innan við 26 prósent. Það er undir kjörfylgi, og sjö prósentustigum lægra en í síðustu könnun. Þetta kemur fram í niðurstöðum Þjóðarpúls Gallup, sem Sjónvarpið birti í kvöldfréttatíma sínum í gær.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 37 prósenta fylgi, óbreytt frá síðustu könnun. Vinstri græn mælast með 21 prósent fylgi, sem er fjórum prósentustigum meira en í síðustu könnun.

Framsóknarflokkurinn mælist með tæplega tíu prósenta fylgi, og Frjálslyndir tæp sex prósent. **- bj**

# Rottur verða sífellt fáséðari í borginni

**Minna er um rottugang í Reykjavík nú en áður. Í 99 prósentum tilvika má rekja rottugang til þess að dýrin sleppa út þar sem verið er að vinna að bilunum í holræsakerfinu. Minna er um rottur hér en víða annars staðar í Evrópu.**

**MEINDÝR** Sífellt minna er um rottugang í Reykjavík. Á fyrstu þremur mánuðum þessa árs hefur verið farið í 35 útköll vegna rottna en á sama tímabili í fyrra og einnig árið þar áður voru þau 58.

Í síðustu viku var mikið rætt um rottugang í Réttarholti. Guðmundur Björnsson, rekstrarstjóri meindýravarna Reykjavíkurborgar, segir að farið hafi verið á vettvang, ein rotta drepin og engar vísbendingar séu um að fleiri hafi verið á ferð. Hann segir að ávallt sé brugðist við ábendingum um rottugang og á síðasta ári var farið í 274 útköll, sem er reyndar nokkru meira en árið þar á undan en aldrei hefur borið minna á rottum en það ár. Árið 1999 voru útköllin hins vegar 619.

„Fyrir nokkrum áratugum máttu menn búast við því að eiga við þúsund rottur í útkalli en nú eru engir hænsnakofar í borginni eða dýrahús þar sem rottan getur sótt í fóður,“ segir Guðmundur. „Svo erum við komin með dælustöðvar sem loka fyrir úrgang í fjöruna þannig að eini staðurinn þar sem hún hefur fóður er í holræsakerfinu. Og það má segja að í 99 prósentum tilfella þar sem rottugangs verður vart megi rekja það til bilana. Það er að segja þegar verið er að laga kerfið og mönnum yfirsést að loka fyrir rörin eða eitthvað slíkt.“



**ROTTU KOMIÐ FYRIR KATTARNEF** Guðmundur Björnsson fær sífellt færri útköll vegna rottugangs, enda er holræsakerfið orðið eini staðurinn þar sem þær komast í fóður og sjaldgæft er að þær sleppi þaðan út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mest verður þeirra vart frá maí og til ágúst en veðurfar getur haft nokkur áhrif á rottugang. „Ef það rignir mikið eða ef leysingar eru þrengir að þeim í holræsakerfinu og þá leita þær allra mögulegra og ómögulegra leiða til að komast út.“

En þó að minna sé um rottur hér en víða annars staðar er í mörg horn að líta hjá meindýraeyðum, því vargur sem seint sæist vappa um stórborgir Evrópu er fastur gestur innan borgarmarka Reykjavíkur. „Það er alltaf eitthvað um mink, reyndar aðallega við ár og strendur, en þó hefur sést til hans í íbúðarhverfum og það er ekki mjög langt síðan hann komst niður að Tjörn.“ **jse@frettabladid.is**

> Fyrir nokkrum áratugum máttu menn búast við því að eiga við þúsund rottur í útkalli en nú eru engir hænsnakofar í borginni eða dýrahús þar sem rottan getur sótt fóður.
>
> **GUÐMUNDUR BJÖRNSSON**
> REKSTRARSTJÓRI MEINDÝRAVARNA

**ROTTUÚTKÖLL Í REYKJAVÍK**

| 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 619 | 505 | 520 | 419 | 340 | 292 | 289 | 219 | 274 |

Sturla Jónsson:

# Mótmæli boðuð við Smáralind

**MÓTMÆLI** „Nei mér fannst ekki rétt að mótmæla 1. maí,“ segir Sturla Jónsson, talsmaður vörubílstjóra, sem boðar nú til mótmæla við Smáralind klukkan fimm á morgun.



**STURLA JÓNSSON**

Gærdaginn segir hann að nafninu til vera baráttudag verkalýðsins. „En í raun og veru er dagurinn bara orðinn fjölskyldudagur. Það er allt gott og blessað en það hæfir ekki að vera með alvöru mótmæli um leið og foreldrar njóta frídags ásamt börnum sínum niðri í bæ.“

Sturla vonar hins vegar að sem flestir sjái sér fært að mæta við Smáralind og láta í sér heyra á morgun. **- kdk**



**HÓPAKSTUR** Mikill fjöldi vélhjólafólks tók þátt í hópakstrinum, enda veður með besta móti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hópakstur vélhjólamanna:

# Sniglar minna á mótorhjólin

**FÉLAGSMÁL Sniglarnir, Bifhjólasamtök lýðveldisins, efndu í gær til stærstu hópkeyrslu ársins undir yfirskriftinni Líttu tvisvar.**

**Stór hópur vélhjólafólks lagði af stað frá Marel í Garðabæ og ók Reykjanesbraut og Sæbraut sem leið lá að Skarfabakka við Reykjavíkurhöfn. Afar góð þátttaka var í hópakstrinum og spillti gott veður þar ekki fyrir.**

**Að akstri loknum var slegið upp veislu á Skarfabakka. Þar reyndu vélhjólamenn með sér í ökuleikni og fengu kynningu á öryggisbúnaði, vélhjólagöllum og fleiru.** **- bj**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tvö reiðhjól í árekstri

Tveir reiðhjólamenn voru fluttir á bráðamóttöku Landspítalans með minniháttar meiðsli eftir árekstur á Suðurholti í Hafnarfirði í gær.

### Renndu fyrir lax án leyfis

Tveir unglingar fengu tiltal frá lögreglu eftir að þeir voru staðnir að verki við að renna fyrir lax við Naustabryggju í Reykjavík í gær. Laxveiðar í sjó eru ólöglegar, en ekki hafði bitið á hjá veiðimönnunum ungu þegar lögregla greip í taumana.




Maður sem var handtekinn í átökunum við Suðurlandsveg er enn óvinnufær:

# Segjast ætla að kæra lögregluna

**LÖGREGLUMÁL** „Drengurinn kom bara til að taka bensín en ekki til að mótmæla. Hann var þó handtekinn og lemstraður svo illa að hann hefur verið óvinnufær síðan,“ segir móðir ungs manns sem lögregla handtók á mótmælasvæðinu við Suðurlandsveg 23. apríl. Fjölskylda mannsins undirbýr málshöfðun gegn lögreglunni vegna meðferðarinnar sem þau segja hann hafa þurft að sæta.

Móðir mannsins vill ekki koma fram undir nafni til að hlífa syni sínum við frekara áreiti. „Bolurinn var rifinn utan af honum og svo var honum gert að standa hálfber fyrir framan alla á staðnum og svo myndavélar. Honum var sýnt algert virðingarleysi af lögreglumönnunum og úðinn, sem þeir sprautuðu svo ótæpilega á hann, skolaður úr augum hans með ávaxtasafa,“ segir hún. Son sinn segir hún aðeins hafa staðið við bensíndælu og verið að tala í síma þegar honum var ýtt til af lögreglumönnum. Honum hafi svo ofboðið þegar hann sá lögreglu nærri troða niður fréttakonu, kippt henni undan og öskrað eitthvað á þá leið að þeir væru greinilega gengnir af göflunum. Þá hafi hann verið úðaður með piparúða, skellt í götuna og ólaður á höndum með plastböndum. Lögreglumenn hafi því næst reynt að dröslа honum á fætur með því að rífa í hendur hans. „Það ættu allir að geta ímyndað sér hve mikið það tekur á líkama manns af hans stærðargráðu að reyna sé að draga hann upp á höndunum einum saman,“ segir móðirin. Hún segir lögreglu hafa ekið syni sínum á slysadeild enda hafi hann verið tognaður í hálsi og baki eftir meðferðina. Þar hafi hann verið látinn nær berhátta sig þar sem föt hans voru öll útötuð í piparúða. Honum hafi aðeins verið fengið lak til að hylja sig og þannig verið fluttur í fangaklefa. Á lögreglustöðinni hafi hann dúsað til hálf tíu um kvöldið. „Vitanlega ætlum við að kæra þessa meðferð,“ segir móðir mannsins. **- kdk**



**SEGIR SONINN BARA HAFA ÆTLAÐ AÐ TAKA BENSÍN** Móðir ungs manns sem lögregla handtók í mótmælum við Suðurlandsveg segir hann enn óvinnufæran. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Deilum um sjávarlóð lokið:

# Ekki heimilt að byggja á lóðinni

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjaness, sem hafnaði kröfu eiganda umdeildrar sjávarlóðar um að fella úr gildi ákvörðun sveitarfélagsins Álftaness. Sveitarfélagið synjaði eigandanum um byggingarleyfi.**

**Eigandi lóðarinnar ætlaði að byggja einbýlishús á lóðinni, en skipulagsyfirvöld töldu annmarka á teikningum og veittu ekki leyfi.**

**Hæstiréttur hafnaði kröfu lóðareigandans, þar sem húsið sem hann hugðist reisa samræmdist ekki deiliskipulagi. Húsið átti að vera á tveimur hæðum, en skipulag gerði ráð fyrir húsi á einni hæð.** **- bj**

## Sumarleg veislufönd og skemmtun fyrir þá yngstu

Pylsur, gos og ís verða á boðstólnum bæði laugardag og sunnudag. Einnig verður andlitsmálun, litríkar blöðrur og skemmtilegur hoppkastali fyrir yngstu gestina.



## Tiguan torfærubraut

Prófaðu hinn magnaða Tiguan í sérstakri torfærubraut.
VW Tiguan - hann breytir öllu.



## Vorglaðningur á verkstæðinu

Við förum yfir alla Heklubíla sem mæta um helgina. 25% afsláttur af varahlutum sem notaðir eru.



## Jeppadagar hjá Bílaþingi Heklu

20% afsláttur af völdum notuðum jeppum.




## Myntkörfulán í erlendri mynt

Við bjóðum 80% fjármögnun sem er að fullu í erlendri mynt með aðeins 8% vöxtum!

# Fögnum lægra verði

Við höfum náð nýjum og hagstæðari samningum og getum því boðið lægra verð á nýjum bílum. Varanleg verðlækkun um allt að 17% er okkar framlag til þess að ná verðbólgunni niður. Það verður sannkölluð hátíðarstemmning hjá okkur um helgina því nýja verðið hefur þegar tekið gildi. **Komdu og taktu þátt í því að keyra niður verðbólguna.**

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um allt land

Opið föstudag 10-18, laugardag 12-16, sunnudag 13-16. Umboðsmenn með opið á laugardag.

HEKLA

**GENGIÐ 30.04.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,38 | 74,74 |
| Sterlingspund | 146,23 | 146,95 |
| Evra | 115,49 | 116,13 |
| Dönsk króna | 15,474 | 15,564 |
| Norsk króna | 14,470 | 14,556 |
| Sænsk króna | 12,332 | 12,404 |
| Japanskt jen | 0,7131 | 0,7173 |
| SDR | 120,64 | 121,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
149,1537

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ungmenni á kristilega útihátíð í Bandaríkjunum með styrk frá Kópavogsbæ:

# Krakkar úr Krossinum utan á útihátíð

**SVEITARSTJÓRNIR** Kópavogsbær styrkir hóp ungmenna úr trúfélaginu Krossinum um samtals 100 þúsund krónur til að fara á kristilegar samkomur í Bandaríkjunum.

Fram kemur í styrkumsókn Krossins að fara eigi í lok júní til Pennsylvaníu þar sem fram fari stærsta kristilega útihátíð Bandaríkjanna. Þar slái hópurinn upp tjaldbúðum ásamt 100 þúsund öðrum gestum og njóti uppbyggilegs og örvandi samfélags „milli þess sem við dillum okkur við dynjandi tónlist flutta af mörgum af fremstu hljómlistamönnum hins kristilega geira“.



**GUNNAR ÞORSTEINSSON** Leiðtogi Krossins er Gunnar Þorsteinsson. Fimmtán manns úr söfnuðinum ætla í Bandaríkjaferð í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Eftir hátíðina ætlar íslenski hópurinn að sæka unglingamót við Mexíkóflóa. Samtals á flug og mótsgjöld að kosta 1.350 þúsund krónur fyrir hinn fimmtán manna hóp.

Annar bæjarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Hafsteinn Karlsson, greiddi einn atkvæði gegn styrkveitingunni. Hafsteinn er með sendinefnd bæjarins í vinabæjarheimsókn í Kína, en Guðríður Arnardóttir, flokkssystir hans, segir Hafstein ekki vera mótfallinn styrkveitingunni í sjálfu sér. Hann hafi aðeins viljað að hún færi til afgreiðslu hjá íþrótta- og tómstundaráði bæjarins.

Sjálf greiddi Guðríður atkvæði með styrknum. „Ég hafði strax jákvæða tilfinningu fyrir þessari umsókn. Ferðin er vitanlega áfengislaus og hefur örugglega gott forvarnargildi,“ segir Guðríður og útskýrir að margir sambærilegir hópar, til dæmis skátar, sæki um slíka styrki til bæjarins. - gar

Reykur á gangi fjölbýlishúss:

# Eldur í íbúð við Bárugranda

**LÖGREGLUMÁL** **Engan sakaði þegar eldur kom upp í íbúð á þriðju hæð fjölbýlishúss við Bárugranda í Reykjavík í gær.**

**Barst Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins tilkynning laust fyrir klukkan sex síðdegis um að reykur og reykjarlykt væru á gangi fjölbýlishússins. Var þá fjöldi slökkviliðsmanna sendur á staðinn með tvo dælubíla, körfubíl og tvo sjúkrabíla. Enginn var í íbúðinni þegar eldurinn kom upp. Greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins, en töluverðar skemmdir urðu í íbúðinni vegna reyks og hita.** - ovd

## Ókeypis nám í framhaldsskóla

„Krafa mín er bætt kjör, lægri efnisgjöld og hærri laun fyrir kennara,“ segir Bjarni Svanur Friðsteinsson, námsmaður við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Einnig þætti honum gott ef nám í framhaldsskólum væri ókeypis.



Bjarna finnst mikilvægt að halda upp á fyrsta maí. „Mér finnst mjög mikilvægt að fólkið í landinu sýni hvað því finnst. Þetta er alveg möst.“

## Vill bætt kjör lægst launaðra

„Bætt launakjör fyrir þá lægst launuðu er náttúrlega krafa númer eitt,“ segir Kristjana Hávarðardóttir, heilbrigðisritari hjá Miðstöð heilsuverndar barna. Jafnréttismál eru henni einnig hugleikin á fyrsta maí og nefnir hún þar sérstaklega launamun kynjanna.



Kristjana hefur nokkrar áhyggjur af stöðunni í þjóðfélaginu í dag. „Þetta lítur ekki vel út núna en maður er alltaf bjartsýnn og vonar að staðan verði betri.“

## Hörð barátta fram undan

„Ég býst við að við þurfum að vera hörð í baráttunni til að halda þessu sem við höfum,“ segir Kristján Meyvant Jónsson, rafvirki. Hann segir það vera kröfu dagsins „að halda þessum kjörum sem við höfum nú“.



„Ég býst við að atvinnuleysi aukist, hjá okkur rafvirkjum alla vega.“ Telur Kristján það tengjast samdrætti í byggingaframkvæmdum. „Ég vona að þetta verði allt í lagi þetta árið en svo verður þetta erfiðara.“

# Aukin misskipting á Íslandi

**Ástand efnahagsmála, verðbólga og háir vextir voru ræðumönnum hugleiknir á baráttudegi verkalýðsins sem haldinn var í gær. Kallað var eftir ábyrgð ríkisstjórnar sem annars gæti misst tiltrú almennings.**

**VINNUMARKAÐUR** Mikill fjöldi fólks tók þátt í kröfugöngum launafólks í gær, 1. maí, á baráttudegi verkalýðsins. Í Reykjavík fór Lúðrasveit verkalýðsins fyrir göngu frá Hlemmi, niður Laugaveg, Bankastræti og Austurstræti að Ingólfstorgi þar sem hefðbundin 1. maí dagskrá fór fram undir slagorðinu Verjum kjörin.

Aukin misskipting í þjóðfélaginu var ræðumönnum hugleikin. Georg Páll Skúlason, formaður Félags bókagerðarmanna, minnti á þjóðarsáttina sem gerð var fyrir tæpum tveimur áratugum og kallaði eftir slíkri aðferðafræði við að koma böndum á ástandið.

Taldi Georg Páll fróðlegt að sjá áhrif af ástandi efnahagsmála á árangurstengd ofurlaun forstjóra. Minnti hann á að kjarabótum og réttindum væri ekki troðið upp á fólk og því væri 1. maí mikilvægur baráttudagur, enda væri lykillinn að bættum kjörum fólginn í samstöðunni.

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu – minntist baráttu fyrir uppbyggingu velferðarkerfisins. Sagði hann samfélagið byggt á samkennd og velferð borgaranna.

Hann sagði nauðsynlegt að vera stanslaust á verði. Nú hefði þjóðinni verið sundrað, þar sem búið væri að telja henni trú um að viðunandi væri að himinn og haf skildu almenning frá ofurlaunaaðlinum. Árni Stefán sagði það ekki viðunandi að launataxtar gætu verið 120 þúsund krónur á mánuði á meðan ofurlaunaaðallinn væri með fimm milljónir á mánuði, og hlaut hann mikið lófaklapp fyrir.

Árni Stefán sagði harða efnahagslendingu bitna á þjóðinni á meðan núverandi ríkisstjórn kyi að gera ekkert, og slíkt græfi undan trú almennings á að stjórnvöld réðu við ástandið.

Hann varaði við hugmyndum um einkavæðingu Landspítala og sagði almenning aldrei samþykkja slíkar aðgerðir. „Þótt hér hafi verið dregin upp dökk mynd af ástandinu þá vitum við að með sameiginlegu átaki getum við unnið okkur út úr því og haldið áfram á þeirri braut sem frumherjarnir mótuðu. Við getum þróað íslenska velferðarkerfið enn frekar þannig að enginn þurfi að líða skort í þessu landi.“




**SKILABOÐIN** Í kröfugöngunni mátti sjá mörg mismunandi skilaboð göngumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, sagði í ræðu sinni í Vestmannaeyjum í gær að BSRB hefði lagt til skammtímasamninga við ríkið í ljósi þeirrar stöðu sem nú væri í efnahagslífinu, að hér ríktu óðaverðbólga og himinháir vextir. „Það þolir ekkert heimili eða veikburða atvinnurekstur okurvextina til frambúðar eða þá holskeflu verðhækkana á vöru og þjónustu sem nú ríður yfir,“ sagði Ögmundur, og kallaði þá sem stýra verðlagi til ábyrgðar. Þá spurði hann um ávinning af lækkun virðisaukaskatts á matvælum. „Þá þurfum við að heyra hvenær stjórnvöld ætli að framfylgja fyrirheitum um að bæta kjör umönnunarstétta og annarra hópa sem búa við óviðunandi kjör og aðstæður.“

olav@frettabladid.is



**KRÖFUGANGAN** Fánaborg göngunnar var tignarleg að sjá þar sem göngumenn fóru um Austurstrætið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 08-0808

ÚTRÁSIN TIL MARS

Forseti tölvunarfræðideildar HR átti þátt í að hanna tæki sem notuð eru af NASA til rannsókna á Mars.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**VINDSTRENGUR NORÐVESTAN TIL**
Í dag og um helgina verður áberandi hvassast á Vestfjörðum, enda þótt hann geti verið hægur inni á einstaka fjörðum. Annars staðar á landinu verður vindur yfirleitt mun hægari. Í dag má búast við nokkuð björtu veðri suðvestanlands.



**Á MORGUN**
8-15 m/s NV-til, annars mun hægari.

**SUNNUDAGUR**
8-15 m/s NV-til og með suðurströndinni.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Billund | 15° |
| Ósló | 14° |
| Stokkhólmur | 15° |
| Gautaborg | 15° |
| London | 16° |
| París | 19° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Berlín | 18° |
| Alicante | 23° |
| Mallorca | 23° |
| Basel | 20° |
| Eindhoven | 19° |
| Las Palmas | 27° |
| New York | 14° |
| Orlando | 29° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Með bílinn handa þér

# RISA AFMÆLISVEISLA Í B&L
# Á MORGUN – LAUGARDAGINN 3. MAÍ

# LAND ROVER 60 ÁRA

Traustur þjónn íslensku þjóðarinnar í gegnum tímana tvenna

1948–2008





Bubbi Morthens er án efa einn frægasti Land Rover eigandi á Íslandi og er óþreytandi að bera út Land Rover boðskapinn.

Bubbi verður að sjálfsögðu í afmælisveislunni og upp úr klukkan eitt ætlar hann að grípa gítarinn úr skottinu og leika nokkur vel valinn lög. Eins og flestir vita þá eru fáir bíleigendur jafn hressir og Land Rover eigendur og því má búast við að fólk taki vel undir í söng með kónginum á morgun.

## Laugardaginn 3. maí – risa afmælisveisla í B&L – Grjóthjálsi 1 – Kl. 12:00–16:00

- Pylsur og gos.
- Blöðrur og andlitsmálun.
- Sýning og prufuakstur á eldri gerðum Land Rover bifreiða.
- Kennsla og reynsluakstur á Range Rover, Range Rover Sport, Discovery G4 og Freelander í sérstökum aksturshring. Sérfræðingar Íslandrover-klúbbsins sýna hvernig stilla á bílnum upp í torfærum.

**HÓPAKSTUR:** Kl. 16:15 leggja Land Rover eigendur upp í hópakstur um borgina sem endar í Laugardalnum. Öllum velkomið að slást í hópinn.

60 YRS

LAND ROVER

GO BEYOND

**KJÖRKASSINN**



*Studdir þú hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum í kjaradeilu þeirra?*

| | |
|---|---|
| Já | 69,7% |
| Nei | 30,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú fylgjandi því að lögreglumenn fái árangurstengd laun?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Haldið var upp á verkalýðsdaginn víðs vegar um heim:

# Óeirðir og átök í kröfugöngum

**ERLENT, AP** Nokkrir lögreglumenn særðust og kveikt var í fjölda bíla þegar til mikilla átaka kom í Hamborg í Þýskalandi í gær. Þar var fjölmenn kröfuganga haldin á degi verkalýðsins, en að auki voru rúmlega sjö þúsund manns á svæðinu til þess að mótmæla göngunni. Lögregla í Hamborg sagði átökin í gær versta ofbeldi sem sést hefði í borginni undanfarin ár.

Í Berlín er hefð fyrir óeirðum aðfaranótt 1. maí, en í ár var nóttin fremur róleg. Þó voru 24 handteknir og þrettán lögreglumenn særðust.

Rúmlega 500 mótmælendur voru handteknir og 38 slösuðust í átökum við lögreglu í Istanbúl í Tyrklandi. Til átakanna kom þegar mótmælendur reyndu að fara í kröfugöngu að Taksim-torgi, en þar eru fjöldasamkomur bannaðar.

Í Chile kom einnig til átaka eftir kröfugöngu í höfuðborginni Santiago. Það voru grímuklæddir mótmælendur sem stofuðu til óeirða. 92 voru handteknir og lögregla notaði meðal annars táragas til að dreifa þeim fimmtán þúsund manns sem þar voru saman komin.

Í Caracas í Venesúela voru haldnar tvær mismunandi kröfugöngur. Önnur var fyrir stuðningsmenn forsetans Hugo Chavez, en hin fyrir andstæðinga hans. Á Kúbu komu svo hundruð þúsunda saman í höfuðborginni Havana. Forsetinn Raúl Castro mætti þangað en ávarpaði ekki fólkið. **- þeb**



**MÓTMÆLI** Grímuklæddir mótmælendur eyðilögðu meðal annars fjölmörg umferðarskilti í Santiago í Chile í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið í Bretlandi í gær:

## Mjótt á munum í London

**BRETLAND, AP Úrslit úr sveitarstjórnarkosningum í Bretlandi verða tilkynnt í dag, en kosningarnar fóru fram í gær. Mest er spennan í London en þar hefur baráttan verið hörðust.**

**Kannanir síðustu daga hafa bent til þess að íhaldsmaðurinn Boris Johnson muni sigra borgarstjórann Ken Livingstone naumlega. Þriðji frambjóðandinn, Brian Paddick, er ekki talinn eiga nokkra möguleika.**

**Úrslitin í kosningunum eru talin munu gefa nokkra mynd af fylgi flokkanna í næstu þingkosningum.** **- þeb**

Sáttir við söluna:

## Baugur selur MK One

**VIÐSKIPTI** Baugur Group gekk í dag frá sölu á verslanakeðjunni MK One. Kaupverðið er trúnaðarmál en kaupandi er Hilco Retail Investment.

„Við erum mjög sáttir við að hafa klárað þetta söluferli,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs, í samtali við Vísi í dag. Hann vildi ekki tjá sig um kaupverð en leiða má líkur að því að það sé lægra en þær 55 milljónir punda sem Baugur greiddi fyrir MK One árið 2005.

Í Daily Telegraph í morgun er ýjað að því að MK One væri mögulega á leið í greiðslustöðvun ef ekki tækist að selja félagið. Þær áhyggjur eru víst óþarfar nú.

Gunnar sagði ekki standa til að selja fleiri félög úr eignasafni Baugs. Eignasafnið væri þó alltaf í skoðun. **- bg**



**HVÍTABJÖRN** Bandarísk stjórnvöld hafa sextán daga til að ákveða sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarísk stjórnvöld:

## Úrskurða um friðun bjarna

**BANDARÍKIN, AP Alríkisdómari í Kaliforníu hefur gefið bandarískum stjórnvöldum sextán daga frest til að ákveða hvort hvítabirnir verði skráðir sem tegund í útrýmingarhættu vegna loftslagshlýnunar. Með þessu var dómarinn, Claudia Wilken, að úrskurða dýraverndunarsinnum í vil sem benda á að innanríkisráðuneytið hafi látið hjá líða að úrskurða um skráningu dýra á válista fyrir frest sem rann út 9. janúar.** **- aa**

# Vandi útigangskvenna að verða sýnilegri

**Sífellt fleiri konur leita á náðir Kaffistofu Samhjálpar í leit að mat og skjóli. Forstöðumaður Samhjálpar segir vísbendingar um að kjör þeirra sem minnst megi sín séu að versna. Fíklar nái botninum hraðar en áður.**

**FÉLAGSMÁL** „Ekki er gott að segja til um hvað veldur fjölgun kvenna fyrir utan að kjör virðast hafa versnað meðal þeirra sem minnst mega sín. Þó held ég að tilkoma Konukots fyrir konur hafi haft þau áhrif af vandi kvenna hafi orðið sýnilegri en hann var áður en það tók til starfa,“ segir Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar, en heimsóknum kvenna sem þar leita ásjár hefur fjölgað um 177 prósent á tveimur árum.



**HEIÐAR GUÐNASON**

Heiðar útskýrir að oft sé erfitt að koma auga á vanda kvenna þar sem þær fái oft húsaskjól og fæði frá mönnum í stað kynlífsgreiða. Eftir að Konukot var opnað þurfi þær síður að leita slíkra ráða og því geti verið að vandi þeirra sé að koma upp á yfirborðið nú.

Kaffistofan er hugsuð fyrir utangarðsfólk og aðra sem ekki hafa efni á mat. Við lok ársins 2007 voru heimsóknir á kaffistofuna orðnar 20.628 á móti 23.012 heimsóknum 2006 og því um nokkra fækkun heimsókna á milli ára. Af þeim sem heimsóttu kaffistofuna í fyrra voru karlar 1.132 gesta en konur 241 en árið 2005 leituðu 87 konur þar ásjár.

Það sem Heiðar segir þó koma á óvart er að sú fækkun hafi ekki verið meiri, sem og að fjöldi einstaklinga á bakvið komurnar var 1.373 í fyrra, eða 130 fleiri en árið á undan. Þetta segir Heiðar vekja margar spurningar. Að hans mati eru þetta sterkar vísbendingar um að kjör þeirra sem minnst mega sín fari versnandi.

„Kaffistofan var á hrakningum stóran part árs í fyrra og því kemur mér það nokkuð á óvart að fjölgað hafi í hópi notenda þótt heimsóknunum sjálfum hefði fækkað aðeins af skiljanlegum ástæðum,“ segir Heiðar en vegna erfiðleika við að finna Kaffistofunni nýtt húsnæði var starfsemin í nokkra mánuði á hrakhólum áður en núverandi húsnæði stofunnar var opnað í desember í Borgartúni 1.

Þá bendir Heiðar á að aldur þess fólks sem fari í meðferð í Hlaðgerðarkoti, sem rekin er af Samhjálp, fari lækkandi. „Á árinu 2007 lögðust inn til meðferðar 149 einstaklingar sem er rúmlega 37 prósent fjölgun frá 2006 en þá taldi hópurinn 93 einstaklinga,“ segir hann og bendir á að árið 2004 voru 54 29 ára og yngri og var þá tiltölulega jafnt í öðrum aldurshópum. Þessar tölur segir hann vera vísbendingu um að yngra fólk nái botninum hraðar en áður var. Meðal annars vegna aukins framboðs af hörðum efnum. **karen@frettabladid.is**



**LEITAÐ TIL SAMHJÁLPAR** Af þeim sem heimsóttu Kaffistofu Samhjálpar, sem ætluð er fátækum, í fyrra voru karlar 1.132 gesta en konur 241 en árið 2005 leituðu 87 konur þar ásjár. Fjölgun kvenna á tveimur árum nemur því 177 prósentum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


# Hluthafafundur

Stjórn FL Group hf. boðar hér með til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica föstudaginn 9. maí 2008, kl. 8.30.

**Dagskrá:**

1. Tillaga um að stjórn félagsins verði falið að óska eftir afskráningu hlutabréfa félagsins úr kauphöll OMX Nordic Exchange á Íslandi.
2. Tillaga um að stjórn félagsins verði falið að kaupa hluti þeirra hluthafa í félaginu er þess óska fyrir kl. 16 þann 21. maí 2008. Greitt verði fyrir hlutina með hlutum í Glitni banka hf. Gengi hlutabréfa í FL Group hf. við kaupin skal vera kr. 6,68 fyrir hvern hlut. Gengi hlutabréfa í Glitni banka hf. skal vera kr. 17,05 fyrir hvern hlut. Þannig fær hver hluthafi er tekur kauptilboðinu 0,39 hluti í Glitni banka hf. fyrir hvern hlut í FL Group hf.
3. Tillaga um að stjórn félagsins verði heimilað í tengslum við framangreind kaup á hlutabréfum í FL Group hf., sbr. lið 2 hér að ofan, að kaupa allt að 20% eigin hluta fyrir kr. 6,68 hvern hlut. Heimildin skal gilda til og með 20. júní 2008. Verði eigin hlutir í eigu félagsins umfram 10% eftir viðskiptin skal stjórn félagsins lækka hlutafé félagsins í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög, þannig að eigin hlutir eftir slíka hlutafjárlækkun verði ekki umfram 10% af hlutafénu.
4. Tillaga um að stjórn félagsins verði heimilað, í því skyni að mæta framangreindum kaupum á hlutum í FL Group hf., sbr. lið 3 hér að ofan, að kaupa allt að 862.017.533 hluti í Glitni banka hf. fyrir kr. 17,05 hvern hlut og greiða fyrir með lántöku.

**Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um tillögurnar bréflega. Atkvæðaseðlar eru fyrirliggjandi á skrifstofu félagsins frá og með mánudeginum 4. maí n.k. og þar er ennfremur hægt að greiða atkvæði. Þeir hluthafar sem þess óska skriflega fyrir þriðjudaginn 5. maí n.k. geta fengið atkvæðaseðla senda sér. Bréfleg atkvæði skulu berast á skrifstofu félagsins eigi síðar en kl. 16.00 fimmtudaginn 8. maí eða afhendast á hluthafafundinum sjálfum. Atkvæði verða talin á hluthafafundinum þann 9. maí og verða einungis atkvæði þeirra hluthafa sem þá eru skráðir í hlutaskrá tekin með í atkvæðagreiðslunni.**

**Fundargögn, þ.m.t. tillaga stjórnar ásamt greinargerð, eru til sýnis á skrifstofu FL Group hf. frá og með föstudeginum 2. maí og verða send þeim hluthöfum sem þess óska. Gögnin eru ennfremur aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.flgroup.is.**

**Reykjavík, 1. maí 2008,**
**Stjórn FL Group hf.**

FL GROUP


# Predikararaunir



**FRIÐJÓN R. FRIÐJÓNSSON**
skrifar frá Bandaríkjunum

Undanfarna daga hefur umræðan í prófkjöri demókrata öll snúist um samband Baracks Obama við prest sinn séra Jeremiah Wright. Sérann hefur í prédikunum skellt fram ýmiss konar staðhæfingum sem flestum Bandaríkjamönnum og skynsömu fólki almennt þykja geðveikislegar. Hann staðhæfir m.a. að bandarísk stjórnvöld hafið fundið upp AIDS til að drepa svart fólk og að stjórnvöld beri fulla ábyrgð á hryðjuverkunum 11. september. Þá hefur hann blótað Bandaríkjunum sem þykir ekki góð lenska. Vandi Obama er sá að hann hefur sótt þessa kirkju og setið undir ræðunum í 20 ár, og á síðasta ári gaf hann tæpar tvær milljónir króna til kirkjunnar.

Í sögulegri ræðu sem hann hélt fyrir mánuði lýsti hann sambandi sínu við séra Wright þannig að hann gæti ekki hafnað honum frekar en fjölskyldumeðlimi. Það hefur nú breyst. Undanfarna daga hefur séra Wright farið mikinn um fjölmiðla og endurtekið fullyrðingar sínar og um leið ásakað Obama um að vera bara enn einn pólitíkusinn. Það hreyfði við Obama þannig að hann steig fram sl. miðvikudag og sór af sér sérann, sagði hann ekki vera sama mann og hann áður þekkti.

Það sem ekki er ljóst eru ástæður séra Wright fyrir þessum fjölmiðlaspretti, ein gæti verið hrein athyglissýki, önnur gæti verið sú að hann ætli sér að skrifa bók og selja. Þriðja og kaldrifjaðasta ástæðan gæti verið sú að hann telji sig vera að hjálpa Obama. Með því að gefa Obama tækifæri að sverja af sér prestinn núna er hægt að klára málið núna áður en kemur að kosningunum í haust. Þannig verður framkoma séra Wright ekki að vopni í höndum repúblikana. Málið verður dautt í hugum almennings og ekki síst fjölmiðla.

Þessi skýring virðist kannski langsótt, en séra Wright er óvitlaus og varaði Obama við því fyrir rúmu ári að hann yrði að afneita sér. Spretturinn sem sérann er á núna er líklega það besta sem gat komið fyrir Obama því málið sem virtist ætla að vera honum þungt í skauti virðist leyst og hann getur haldið áfram baráttu sinni fyrir útnefningunni. Séra Wright kemur honum ekki lengur við.



**PRESTURINN** Umræðan í prófkjöri demókrata síðustu daga hefur snúist um samband Obama við klerkinn Jeremiah Wright. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# VIÐ BJÓÐUM NÚNA ÖRFÁA

# ASTRA TURBO

## Á ALGERU SMÁBÍLAVERÐI!

# 2.390.000 KR.




**Ríkulegur búnaður fylgir Opel Astra Turbo**

- 17" álfelgur
- Spoiler
- iPod tengi
- 185 hestöfl

ENNEMM / SÍA / NM33417

### FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ!

Ertu ekki að grínast? 185 hö fyrir 2,39 milljónir? Þetta færðu hvergi nema í Astra Turbo, bíl sem er betur búinn en best búni fólksvagn á Íslandi. En bíddu ekki of lengi, við eigum ekki nema örfáa bíla á þessu verði og því skaltu koma strax og tryggja þér taumlausa akstursgleði áður en sumarið gengur í garð.

IH
INGVAR HELGASON

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvaða lönd bjóða sig fram ásamt Íslandi til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir árin 2009 til 2010?*

**2** *Hvað heitir hinn þrettán ára leikstjóri stuttmyndarinnar Auga fyrir auga?*

**3** *Hjá hvaða fyrirtæki mun Lára Ómarsdóttir, fyrrverandi fréttamaður á Stöð 2, hefja störf á næstunni?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 46

Póstburðartöskur geymdar á palli við einbýlishús án leyfis eiganda hússins:

# Engin virðing fyrir póstinum

**FÓLK** „Ég kæri mig ekkert um að fá einhverja menn hérna inn á pallinn hjá mér sem henda hér póstpokum og labba í burtu," segir Jón Hlíðar Runólfsson, íbúi við Hringbraut í Hafnarfirði.

Í um hálft ár hafa póstflutningamenn lagt póstburðartöskur inn á lóð Jóns, sem hann er ósáttur við. „Þeir skilja alltaf póstpokana eftir hér fyrir utan og hér standa þeir í tvo til þrjá tíma."

Segir hann að á þriðjudaginn hafi bíll frá póstinum ekið upp að húsinu, flutningamenn opnað hliðið og sett póstburðartöskurnar inn á pall við einbýlishús sitt. Jón Hlíðar segir að venjulega sé pósturinn lagður í tröppur við hús hans þar sem hann blasi við öllum.



**PÓSTBURÐARTASKA Á PALLINUM** Jón Hlíðar, íbúi í Hafnarfirði, er ósáttur við að pallur við hús hans sé notaður til að geyma póstburðartöskur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

En á þriðjudag hafi töskurnar verið lagðar upp á pallinn.

„Þeir koma í leyfisleysi inn á pallinn hjá mér og geyma þar póstpokana." Ekki hefur verið haft samband við Jón til að fá leyfi fyrir því að geyma póstpokana á pallinum. „Ég var nú að spá í að fara að hringja til að skammast í þeim. Ég hringdi einhvern tímann, var settur á bið í fimmtán mínútur og þá gafst ég upp."

Á þriðjudaginn þurfti Jón að tína póst í garðinum hjá sér þar sem illa hafði verið gengið frá honum í póstkassanum hans. „Það er engin virðing borin lengur fyrir þessum pósti sem verið er að bera út." - ovd

Útivistartími breytist:

# Börn og unglingar lengur úti

**BÖRN Útivistartími barna og unglinga tók breytingum í gær, 1. maí. Nú mega tólf ára börn og yngri vera úti til klukkan 22 en þrettán til sextán ára unglingar mega vera úti til miðnættis. Aldur miðast við fæðingarár.**

**Börn mega ekki vera á almannafæri utan fyrrgreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Undantekning frá þessu er þegar unglingar þrettán til sextán ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum.** - ovd





Inntökupróf í læknadeild HÍ

Sjúkraþjálfun og læknisfræði

Inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun verður haldið í Reykjavík miðvikudaginn 11. og fimmtudaginn 12. júní 2008. Nánari upplýsingar verða sendar próftakendum eftir að skráningu er lokið.

Þátttakendur þurfa að skrá sig sérstaklega í inntökuprófið fyrir **20. maí 2008**. Sjá eyðublað á heimasíðu læknadeildar, **www.laeknadeild.hi.is**. Umsókn um skrásetningu ásamt staðfestu afriti af stúdentsprófsskírteini eða staðfestingu um að stúdentspróf verði lokið, skal skila eða senda í pósti til skrifstofu læknadeildar, Vatnsmýrarvegi 16, 101 Reykjavík. Skráning getur farið fram enda þótt nemandi hafi þá ekki lokið stúdentsprófi, en þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi og skilað inn staðfestingu því til sönnunar.

» Inntökuprófið er eitt próf sem tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próflotum hvorn daginn, eða 12 klst. alls. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggi fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

» Árið 2008 fá 48 nemendur í læknisfræði og 25 í sjúkraþjálfun rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir hafa skráð sig hjá Nemendaskrá fyrir 1. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í læknadeild, eiga þess kost að skrá sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

» Nánari upplýsingar um prófið og dæmi um prófspurningar má finna á heimasíðu læknadeildar Háskóla Íslands, **www.laeknadeild.hi.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 42206 05/08




**MÆÐGUR** Dóttir Hillary Clinton, Chelsea, fékk ofurkjörmannsatkvæði fyrir móður sína á ferð um Púertó Ríkó á miðvikudag. Í gær voru mæðgurnar svo komnar til Indiana, þar sem kosningar fara fram næsta þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hart barist um ofurkjörmenn

**Hillary Clinton og Barack Obama berjast nú um stuðning ofurkjörmanna Demókrataflokksins. Obama hefur saxað verulega á forskot Clinton, sem þarf stuðning mikils meirihluta ætli hún sér sigur.**

**BANDARÍKIN, AP** Joe Andrew, háttsettur embættismaður og ofurkjörmaður í Demókrataflokknum, hefur lýst yfir stuðningi sínum við Barack Obama sem forsetaefni flokksins. Andrew hafði stutt Hillary Clinton allt frá því að hún tilkynnti um framboð sitt. Hann tilkynnti þessa ákvörðun sína á blaðamannafundi í Indiana í gær, þar sem hann hvatti kjósendur til að kjósa Obama. Forvalskosningar fara fram í Indiana og Norður-Karólínu á þriðjudag.

Andrew hefur sent bréf á alla ofurkjörmenn í Demókrataflokknum þar sem hann segist hræðast að síharðnandi barátta frambjóðendanna sé skaðleg fyrir flokkinn. Þá segir hann langdregna baráttu frambjóðendanna beina athygli almennings frá málefnunum og hjálpa John McCain, forsetaframbjóðanda Repúblikanaflokksins. Af þessum sökum segist hann hvetja aðra ofurkjörmenn til þess að styðja Obama einnig.

Leiðtogar Demókrataflokksins hafa hvatt ofurkjörmenn flokksins til þess að ákveða fyrir júnílok hvort þeir hyggist styðja Clinton eða Obama sem forsetaefni flokksins. Þeir óttast einnig að of löng barátta verði flokknum skaðleg.

Frambjóðendurnir tveir reyna nú að safna stuðningi sem flestra ofurkjörmanna, þar sem ljóst er að hvorugt þeirra nær nægilega mörgum kjörmönnum úr forvalskosningum. Obama leiðir þó baráttuna og stuðningur ofurkjörmanna er þess vegna sérstaklega mikilvægur fyrir Clinton. Hún þarf að fá mikinn meirihluta ofurkjörmanna ætli hún sér að ná útnefningu flokksins. Hún fékk stuðning margra ofurkjörmanna allt frá upphafi, en flestir þeirra sem eru að ákveða sig núna hafa lýst yfir stuðningi við Obama. Hann hefur því náð að saxa töluvert á forskot hennar undanfarna mánuði.

Ofurkjörmennirnir eru tæplega 800 í heildina, 263 styðja Clinton, 247 styðja Obama, en um 230 eru enn óákveðnir.

thorunn@frettabladid.is

Félagshyggjuverðlaunin veitt í gær:

# Bættu samfélagið

**STJÓRNMÁL** Starfsmenn Barna- og unglingadeildar Landspítalans (BUGL) og Rannveig Traustadóttir, dósent við uppeldis- og menntunarfræðiskor Háskóla Íslands, hlutu í gær Félagshyggjuverðlaun Ungra jafnaðarmanna.

Starfsmenn BUGL hljóta verðlaunin fyrir að hafa bætt samfélagið með störfum sínum með börnum og unglingum með geðraskanir.

Innflytjendur, fatlaðir og samkynhneigðir eru sagðir hafa notið góðs af störfum Rannveigar, sem átt hafi mikinn þátt í að stuðla að jafnara samfélagi.

Þá hlaut Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, sérstaka heiðursviðurkenningu en hún á þrjátíu ára starfsafmæli í ár þar sem hún var fyrst kosin til setu á Alþingi árið 1978. - ovd


Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið




# DENON ÞAÐ BESTA Í HLJÓÐI OG MYND

*Með Denon DVD-Home Entertainment System*





## DENON S-302

- Vandað og kraftmikið heimabíókerfi
- Surround hljóð úr 2 hátölurum og bassaboxi
- DVD/CD afspilun – AM/FM útvarp
- DVD/VCR uppskölun - kapall eða gervihnattamóttaka – 1080P HD
- Spilar tónlist af tölvum, iPod, CD diskum eða internet útvarpi
- Hægt að tengja við iPod
- Hátalarastandar fást sem aukahlutir



Network HDMI AL24 Processing iPod DCD MP3

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



**FÁTÆK STÚLKA Í HONDÚRAS** Í fjallahéruðum Hondúras sat þessi stúlka af Tolupan-ættbálknum og hreinsaði baunir í skál. Matarskortur hrjáir nú Tolupan-fólkið, sem er það fátækasta í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

Orkuveita Reykjavíkur biður umsækjendur sem ekki fengu þar vinnu afsökunar:

# Netföng nær allra umsækjenda birt

**PERSÓNUVERND** Kvörtun hefur borist til Persónuverndar vegna þeirra vinnubragða sem starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur sýndi gagnvart umsækjendum um sumarstörf.

Þegar þeim umsækjendum sem ekki fengu vinnu barst neitun við umsókn þeirra var það í tölvupóstskeyti. Tölvupósturinn var sendur til tæplega 600 umsækjenda og sáust netföng hvers umsækjanda í öllum skjölum.

Einhverjum umsækjendum þykja þetta ekki góð vinnubrögð og að ekki sé virtur trúnaður eða kurteisi við þá sem leita eftir starfi hjá Orkuveitunni.

Þau svör fengust hjá Braga Axelssyni, lögfræðingi hjá Persónuvernd, að kvörtunin væri til athugunar en málið væri ekki komið í neinn farveg.



**ORKUVEITAN** Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, segir að mistök hafi orðið og séð verði til þess að þau endurtaki sig ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, segir að handvömm starfsmanns hafi orðið þess valdandi að svona fór. Send var út tilkynning til allra umsækjanda í fyrradag vegna málsins sem í stóð: „Ágæti umsækjandi um sumarstarf hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Athygli okkar hefur verið vakin á þeim mistökum sem urðu við útsendingu svars við umsókn þinni, að netföng umsækjenda birtust í tölvuskeytinu. Um leið og við biðjumst velvirðingar viljum við taka það fram að Orkuveita Reykjavíkur lítur þau alvarlegum augum og hefur gripið til ráðstafana til að þau endurtaki sig ekki.“ - kdk

Hollvinir Hallargarðsins:

# Sjö kosnir í stjórn Hollvina

**SAMTÖK Á framhaldsstofnfundi samtakanna Hollvina Hallargarðsins sem haldinn var á þriðjudag var samþykkt að hvetja borgarstjórn Reykjavíkur til að vernda Hallargarðinn í sem upprunalegastri mynd.**

**Einnig var á fundinum kosið í stjórn samtakanna og er hún skipuð eftirtöldum meðlimum: Auði Sveinsdóttur, Erlu J. Þórðardóttur, Heimi B. Janusarsyni, Katrínu Fjeldsted, Samson B. Harðarsyni, Sólveigu Arnardóttur og Þorgrími Gestssyni. Varamenn eru Vésteinn Valgarðsson, Júlíana Gottskálksdóttir og Jón H. Björnsson.** - kg

Tónleikar Roger Waters:

# Risasvínið heimt úr helju

**TÓNLEIKAR Risavaxið uppblásið svín sem fauk í burtu af tónleikum fyrrverandi Pink Floyd-meðlimsins Rogers Waters í Kaliforníu um síðustu helgi er fundið.**

**Böndin sem héldu svíninu losnuðu og það fauk út í buskann á tónleikum Waters í Kaliforníu meðan hann söng Pink Floyd-lagið Pigs on the Wing.**

**Svínið fannst, mikið skemmt, í bænum La Quinta.**

**Fjölskyldurnar sem fundu svínið fengu að launum um 740.000 íslenskra króna auk lífstíðaraðgangs á tónleikahátíðina.** -kg

**STÉTTARFÉLÖG**

## Efling og Boðinn sameinast

Félagsmenn í Verkalýðs- og sjómannafélaginu Boðanum samþykktu með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða að sameinast Eflingu stéttarfélagi.

Fastafulltrúi Íslands hjá SÞ flutti ræðu í öryggisráðinu:

# Nýjan sáttmála þarf gegn handvopnum

**UTANRÍKISMÁL** Ólögleg dreifing og sala ýmiss konar handvopna er ógn við öryggi fólks, friðaruppbyggingu og þróunarstarf. Þetta sagði Hjálmar W. Hannesson, fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, á fundi öryggisráðs SÞ.

Hjálmar ávarpaði öryggisráðið fyrir hönd Norðurlandanna allra, í opinni umræðu um handvopn á miðvikudag.

Ríki heims verða að taka höndum saman um að berjast gegn dreifingu vopna, og full þörf á því að gera löglega bindandi sáttmála til að koma í veg fyrir ólöglega sölu, sagði Hjálmar.

Hann sagði SÞ verða að leiða baráttuna gegn ólöglegum handvopnum í heiminum, en baráttan vinnist ekki nema haft sé samráð við svæðisbundnar stofnanir þar sem vandinn sé mestur.

Ísland sækist eftir sæti í öryggisráðinu fyrir árin 2009-2010, með stuðningi hinna Norðurlandanna. Ísland keppir um tvö laus sæti við Austurríki og Tyrkland.

Á undanförnum árum hafa fulltrúar Íslands flutt fjölda erinda fyrir hönd Norðurlandanna allra.

Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, segir ræðu Hjálmars mikilvæga fyrir framboð Íslands. Hún auki sýnileika Íslands, og veki athygli á sterkri stöðu Norðurlandana innan SÞ, og samstöðu þeirra í framboði til öryggisráðsins. - bj



**ÚR FISKBORÐINU** Greenpeace leggur að jöfnu alla stofna þorsks í Atlantshafi, sama hvernig fiskveiðistjórnun er háttað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




TÖLVUNARFRÆÐI
KEMUR ÞÉR Á KORTIÐ
HJÁ ATVINNULÍFINU

Tölvunarfræði er afar fjölbreytt fagsvið sem býður upp á marga valkosti fyrir nám og störf, allt frá hagnýtum verkefnum til fræðilegra, frá umsjón tölvukerfa til smíði flókinna hugbúnaðarkerfa, frá forritun til stjórnunar. Tölvunarfræðinám er góður grunnur fyrir starfsferil á fjölmörgum sviðum.

Tölvunarfræðinám við Háskólann í Reykjavík einkennist af fjölbreytileika og skapandi umhverfi þar sem nemendum gefst kostur á að vinna verkefni í nánum tengslum við fræðimenn og fyrirtæki.

Tölvunarfræðideild HR býður upp á nám í

- BSc í tölvunarfræði (90 einingar)
- BSc í hugbúnaðarverkfræði (90 einingar)
- BSc í stærðfræði (90 einingar)
- MSc í tölvunarfræði
- MSc í hugbúnaðarverkfræði
- MSc í máltækni
- PhD í tölvunarfræði
- Kerfisfræðigráða (60 eininga nám í fjarnámi og með vinnu)

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


# Herferð gegn fiski á Bandaríkjamarkaði

## Greenpeace-samtökin í Bandaríkjunum standa nú fyrir herferð gegn sölu fiskmetis. Framkvæmdastjóri LÍÚ segir að um rógsherferð sé að ræða.

**SJÁVARÚTVEGUR** Greenpeace-samtökin í Bandaríkjunum hafa sett saman lista með 22 fisktegundum og farið fram á að smásölukeðjur þar í landi hætti sölu þessara tegunda. Nokkrar þeirra eru íslenskt sjávarfang. Heildarinnkaup þessara smásöluaðila á fiski myndu dragast saman um tæpan helming ef farið yrði eftir þessum lista að mati forsvarsmanna National Fisheries Institute (NFI), stærstu hagsmunasamtaka fyrirtækja í sjávarútvegi Bandaríkjunum.



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON**

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir að í ljósi framgöngu Greenpeace í Evrópu þar sem samtökin hafa víða herjað á smásölukeðjur, meðal annars á Norðurlöndunum og í Bretlandi, þurfi ekki að koma á óvart að nú skuli samtökin beina spjótum að bandarískum innkaupaaðilum. „Í Bretlandi voru smásölukeðjurnar flokkaðar í góðar og slæmar, allt eftir því hversu vel þær voru tilbúnar til að fylgja fyrirmælum samtakanna. Þeir sem ekki mættu kröfum þeirra urðu fyrir barðinu á ólöglegum aðgerðum af ýmsum toga.“

Greenpeace-samtökin segja að ofveiði, óæskilegar veiðiaðferðir og of hátt hlutfall meðafla séu helstu ástæður þess að viðkomandi fisktegundir séu á listanum, en meðal fisktegunda sem er að finna á honum eru þorskur úr Atlantshafi, karfi, skötuselur og Alaska-ufsi.

Friðrik segir að erfitt sé að átta sig á því hvað liggi að baki því að ákveðnar tegundir lendi inn á þessum listum samtakanna. Rökin fyrir því að Alaska-ufsi er á listanum eru meðal annars þau að kvóti hafi verið skorinn niður um 28 prósent á þessu fiskveiðiári. Þetta segir Greenpeace að endurspegli hvað stofninn sé veikur. „Það er út í hött að samtök eins og Greenpeace sem segjast vera boðberar umhverfisverndar skuli níðast á þeim sem ganga fram af ábyrgð með þessum hætti,“ segir Friðrik.

Í Bandaríkjunum hefur John Connelly, framkvæmdastjóri NFI, sent félagsmönnum bréf og varað við aðgerðum Greenpeace, en meðal félagsmanna eru fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi á ýmsum sviðum. Hjá NFI hefur það verið reiknað út að ef farið væri að tillögum Greenpeace yrði að hætta sölu á um 47 prósentum af þeim fiski sem seldur er í bandarískum smásöluverslunum í dag.

svavar@frettabladid.is

Sjávarútvegssýning í Brussel:

## 40 íslensk fyrirtæki tóku þátt

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sótti í vikunni sjávarútvegssýningu í Brussel. Meira en 1.600 fyrirtæki frá um áttatíu löndum tóku þátt í henni. Á fjórða tug íslenskra fyrirtækja kynntu starfsemi sína við þetta tækifæri.

Í fyrra sóttu 24 þúsund gestir hana frá 140 löndum. Búist var við enn fleiri hafi sótt sýninguna í ár. Þetta er í sextánda sinn sem efnt er til sýningarinnar sem er stærsta fagsýning í heimi á sviði sjávarútvegs. - shá

Hekla kynnir listaverðlækkun um allt að sautján prósent á nýjum bílum:

# Fordæmi sem er fagnaðarefni

**VIÐSKIPTI** „Fordæmi Heklu er fagnaðarefni, enda erum við hér nánast komin inn í óðaverðbólgu,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ. Hann lét þessi orð falla í tilefni af því að bifreiðaumboðið kynnti í fyrradag allt að sautján prósenta verðlækkun á nýjum bílum.

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, fagnar einnig útspili Heklu. „Mjög mikilvægt er að við siglum hratt í gegnum þennan verðbólgukúf.“

Hekla hefur hækkað verð á bílum í takt við veikingu krónunnar. „En við höfum undanfarna mánuði, undir stjórn Sverris Viðars Haukssonar, framkvæmdastjóra bílasviðs, unnið að því að fá lækkanir hjá framleiðendum,“ segir Knútur G. Hauksson, forstjóri Heklu.

Sverrir Viðar segir markmiðið nú hins vegar hafa verið að ná verðinu niður í það sem var fyrir gengisfall krónunnar. Hann segir bílaframleiðendur þá sem Hekla er með umboð fyrir hafa sýnt íslenskum aðstæðum skilning og því hafi verið hægt að semja við þá um verðtilslakanir. „Allir komu til móts við okkur,“ segir hann, en kveður það þó hafa verið í mismiklum mæli, eftir umfangsmiklar samningaviðræður. - óká

**DÆMI UM LÆKKANIR**

| Bíll | Var | Er | Breyting |
|---|---|---|---|
| VW Golf Treadline 1.6* | 2.560.000 | 2.280.000 | -10,94% |
| Skoda Octavia 1.9. TDI* | 3.050.000 | 2.770.000 | -9,18% |
| Audi A4 TFSI* | 5.090.000 | 4.220.000 | -17,09% |
| Mitsubishi Pajero DID** | 5.970.000 | 5.350.000 | -10,39% |
| KIA Sorento EX 2,5 | 4.420.000 | 3.995.000 | -9,62% |

*BEINSKIPTUR / **SJÁLFSKIPTUR HEIMILD: BIFREIÐAUMBOÐIÐ HEKLA



**KYNNING HEKLU** Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, og Knútur G. Hauksson, forstjóri Heklu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SÝRA** Albert Hofmann fann upp LSD.

Guðfaðir sýrunnar látinn:

## Sýru-Hofmann fallinn frá

**ANDLÁT Albert Hofmann, svissneski efnafræðingurinn sem uppgötvaði ofskynjunarlyfið LSD, lést af völdum hjartaáfalls á þriðjudag, 102 ára að aldri.**

**Hofmann, sem uppgötvaði LSD við rannsóknir á læknandi áhrifum jurtasvepps, framleiddi lyfið fyrst í þeirri von að hægt væri að nýta það til að lækna geðsjúkdóma. LSD varð hins vegar vinsælt vímuefni á sjöunda áratugnum, ekki síst vegna áhrifa frá poppstjörnum og leikurum sem tóku við það ástfóstri.**

**LSD hefur verið ólöglegt í flestum löndum frá síðari hluta sjöunda áratugarins. - kg**

Nýjung í fiskrannsóknum:

## 800 hrognkelsi hafa verið merkt

**LÍFFRÆÐI** Nú hafa 800 hrognkelsi verið merkt í hrognkelsaverkefni BioPol á Skagaströnd. Að sögn Halldórs G. Ólafssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, er búið að merkja 800 hrognkelsi, mestmegnis grásleppur, en einnig nokkra rauðmaga. Ætlunin er að merkja 2.000 hrognkelsi á vertíðinni. Þetta kemur fram á vefnum smabatar.is.

Eins og við mátti búast hafa nokkrar grásleppur verið endurheimtar nú þegar. Sjómenn hafa skráð niður veiðistað og sleppt þeim síðan. Það hefur vakið athygli að endurheimtur hafa verið langt frá merkingarstað, því búist var við að hrognkelsi myndu hrygna skammt frá þeim stað sem hún veiddist á. - shá

**GRÍMSNES**

### Dýrt rusl

Eigandi tveggja sumarhúsalóða í Grímsnesi á von á því að þurfa að greiða tuttugu þúsund krónur á dag vegna slæmrar umgengni sem sveitarfélagið hefur lengi en árangurslaust reynt að fá hann til að lagfæra. Eigandi annarrar lóðar þarf að borga tíu þúsund á dag ef hann fjarlægir ekki ónýtt hús.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Innbrot í Gaulverjabænum

Tvisvar var brotist inn í Gaulverjabæjarskóla í Flóa í apríl. Í fyrra skiptið var tveimur Philips-hátölurum og magnara stolið. Í seinna innbrotinu var Dell-fartölvu og tveimur geislaspilurum stolið. Málin eru óupplýst og biður lögreglan á Selfossi um upplýsingar í síma 480-1010.



## „ORÐRÉTT“

*Steinhissa söngkona*

**„Við urðum steinhissa þegar við fengum þetta tilboð.“**

SIGRÍÐUR THORLACIUS, SÖNGKONA HJALTALÍN, EN SVEITINNI HEFUR VERIÐ BOÐIÐ AÐ SPILA Á TIME FOR PEACE-HÁTÍÐINNI Í LONDON.

Fréttablaðið 1. maí

*Nikótíndjöfullinn*

**„Mér hefur aldrei tekist að hætta að reykja.“**

KALLI BJARNI IDOLSTJARNA UM FÍKN SÍNA.

DV 1. maí

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÚLFAR LINNET VERKFRÆÐINGUR OG BJÓRÁHUGAMAÐUR

## *Fagnar sumri með garðrækt og bjórsmökkun*



„Ég var bara að klára að stinga upp kartöflugarðinn og undirbúa sumarið í góða veðrinu,“ segir Úlfar Linnet, sem er að hrinda af stað nýju verkefni um þessar mundir. Úlfar er mikill áhugamaður um bjór og er nú farinn að vera með skipulagðar bjórsmakkanir. „Ég er að fara á vinnustaði, svona á föstudögum, með margar tegundir af bjór og kynni mismunandi bjórstíla fyrir fólki. Svo kenni ég hvernig á að smakka bjór og svona, og þetta hefur gengið mjög vel hjá mér.“ Úlfar segir fólk nánast líkja bjórsmökkuninni við trúarlega upplifun. „Flestir eru hættir að drekka rauðvín og eru orðnir kúltíveraðir bjórdrykkjumenn, svo hér reynum við að fagna sumrinu með garðrækt og bjórsmökkun.“

Aðspurður segist Úlfar ekki hafa farið í kröfugöngu í gær, 1. maí, en það er ástæða fyrir því. „Ég fór í skrúðgönguna á sumardaginn fyrsta hér í Hafnarfirði og hún var svo löng, hún var lengri en Víðavangshlaupið. Það sem gerðist var að ég var með krakkana og ég bara sprakk og þurfti að stytta mér leið. Ég er ennþá að jafna mig eftir þetta þannig að mér finnst að svona hljómsveitir ættu að ganga hægar. Það eru mín skilaboð til lúðrasveita.“ Úlfar treysti sér af þessum sökum ekki í kröfugönguna en segist þó styðja kröfur verkalýðsins heilshugar.

## RAUÐI FÁNINN
### ELDRI EN SÓSÍALISMI

■ Sögulega er rauði fáninn alþjóðlegt tákn fyrir „blóð reiðra verkamanna.“ Rauður fáni er sem tákn mun eldri en sósíalismi, en frá því hreyfingu sósíalista og síðar kommúnista hóf að vaxa ásmegin varð hann að alþjóðlegu tákni hennar. Hefð er fyrir því víða um lönd að skjóta rauðum fánum á loft í fyrsta maí-göngum. Dæmi um notkun rauðs fána fyrr úr sögunni er til að mynda þegar víkingar sigldu upp eftir fljótum Evrópu í herfangsleit. Þá sýndu þeir rauð flögg sem tákn fyrir að þeir tækju enga fanga ef einhver skyldi reyna að sýna þeim vopnaða mótspyrnu.



## SJÓNARHÓLL
### ÁSTAND EFNAHAGSMÁLA



**AÐALSTEINN BALDURSSON**
Formaður Framsýnar

## *Nú reynir á ríkisstjórnina*

„Efnahagsástandið er mjög slæmt um þessar mundir,“ segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar, stéttarfélags Þingeyinga. „Verðbólgan er í sögulegu hámarki sem þýðir að vöruverð hefur farið úr öllum böndum. Það bitnar ekki síst á þeim sem hafa lægri launin. Bensínverð og olíuverð eru einnig í sögulegu hámarki og það breytist svo hratt að við tölum um að skiltin á bensínstöðvunum séu eins og hraðamælingar. Það er aldrei sama verðið.“ Aðalsteinn nefnir líka húsnæðisverð og vexti. „Lán hækka nú alveg stöðugt á milli mánaða og það er ekkert í spilunum sem segir okkur að þetta sé neitt að batna. Það eru örugglega leiðir út úr þessu þó að þetta sé ekki auðvelt mál. Undanfarnar ríkisstjórnir voru að glíma við góðæri og því léttara að fást við efnahagsmálin en núna reynir fyrst á ríkisstjórnina.“ Hann sér fyrir sér að hægt sé að gera ýmislegt. „En við höfum ekki efni á að láta þetta halda áfram eins og þetta er núna, það er alveg á hreinu.“

# Fimir laganna verðir

**Nokkrir nemendur úr Lögregluskóla ríkisins eru nýkomnir úr keppnisferðalagi frá Finnlandi. Aðalsteinn Bernharðsson, yfirþjálfari við skólann, er sáttur við frammistöðu sinna manna, sem meðal annars þurftu að sýna færni sína með skammbyssu.**

Hin árlega þríþrautarkeppni nemenda lögregluskóla á Norðurlöndum var háð í Tampere í Finnlandi hinn 26. apríl síðastliðinn. „Við lentum í fjórða sæti af fimm, sem er vel ásættanlegt miðað við hverja er við að eiga,“ segir Aðalsteinn. „Þessir lögregluskólar eru jafnvel með vel á annað þúsund nemendur en við erum venjulega með 30 til 48 nemendur, sem er rétt eins og einn bekkur í þessum stóru skólum sem við vorum að etja kappi við.“

Átta keppendur komu frá hverri þjóð; fimm karlmenn og þrjár konur. Keppt var í hlaupi, sundi og svo skotfimi með skammbyssu, og þótt lögregla og lögreglunemendur á hinum Norðurlöndunum séu vanari slíkum tólum en kollegar þeirra hér á landi voru íslensku keppendurnir engir eftirbátar þegar kom að þessari íþróttagrein. „Harpa Albertsdóttir náði 5. sæti í þessari grein og Heiðar Ingi Heiðarsson varð níundi af 25 keppendum, sem er afar góður árangur,“ segir þjálfarinn.

Að keppni lokinni var haldinn mikill gleðskapur og fór vel á með keppendum. „Þetta er ungt og frískt fólk og því var kátt á hjalla.“ Aðspurður hvort einhver hefði komist í kast við lögin í gleðskapnum segir hann: „Nei, við ættum nú ekki annað eftir.“ Að svo mæltu varð þjálfarinn að hverfa á braut enda kominn með skeiðklukkuna á loft þar sem nemendanna beið hin mesta þolþraut.

jse@frettabladid.is



**ÞRÍÞRAUTARHÓPURINN** Talið frá vinstri: Heiðar Ingi Heiðarsson, Kjartan Páll Sæmundsson, Hinrik Geir Jónsson, Bergsteinn Karlsson, Margrét Þóra Guðmundsdóttir, Birgir Már Vigfússon sem brosir sínu breiðasta, Harpa Hrund Albertsdóttir og Guðrún Helga Tryggvadóttir.



**HARPA STINGUR SÉR TIL SUNDS**



**GUÐRÚN HELGA Á LOKASPRETTI**



**HEIÐAR KEMUR HLAUPANDI Í MARK**

**Þetta er staðurinn!**



**Hágæða háskólanám:**

- ferðamálafræði
- hestafræði og reiðmennska
- fiskeldisfræði
- sjávar- og vatnalíffræði

Við erum sérhæfð.
Sérhæfingu fylgja gæði.
Úrvals kennarar og frábær aðstaða.
Fjölbreytt störf að loknu námi
í vaxandi atvinnugreinum.

HÓLASKÓLI HÁSKÓLINN Á HÓLUM

www.holar.is
Háskólinn á Hólum
551 Sauðárkrókur
s: 455 6300

Eyjamenn fara umhverfis landið á slöngubátum:

# Strandaferðin vatt upp á sig

Tíu manna hópur Eyjamanna hyggst sigla umhverfis landið í sumar á slöngubátum. Ferðin er til styrktar Krafti, stuðningsfélags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda þeirra.

Lagt verður af stað frá Vestmannaeyjum þann 16. júní næstkomandi og verður áhöfnin í Reykjavíkurhöfn á þjóðhátíðardaginn. Ráðgert er að áhöfnin komi svo aftur til heimahafnar hinn 4. júlí.

Bjartmar Sigurðsson, einn forsprakka hópsins, segir að hugmyndin hafi kviknað þegar hann var, ásamt Ölmu Eðvaldsdóttur og Friðriki Stefánssyni, að ræða hvað þau vildu gera í sumarfríinu. „Ölmu langaði að skoða Djúpuvík á Ströndum,“ segir hann. „Friðrik skaut því inn í að taka slöngubát með og skoða fjörðinn frá sjó og þá stakk ég upp á því að skoða gjörvalla Vestfirði frá sjó. Þessi umræða vatt þannig upp á sig þar til að hún tók þá lendingu að við sigldum hringinn í kringum landið.“

Hann segir undirbúning langt kominn, enda hafa fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar tekið þeim afar vel. Hins vegar vanti aðeins upp á til að endar nái saman. Hægt verður að fylgjast með ferðinni á slóðinni krafturikringumlandid.com. - jse



**KOMNIR Í BÁTINN** Daníel Reynisson frá Krafti, sem situr í aftara sæti og til vinstri, verður farinn úr bátnum þegar lagt verður í hann. Friðrik Stefánsson, sem situr við hlið hans, Hilmar Kristjánsson og Bjartmar Sigurðsson munu hins vegar sitja sem fastast. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

**VIKA 13**

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA



Junphen Sriyoha:

### Í NÝJA KJÓLNUM

Junphen var í sex manna danshópi sem sýndi taílenskan þjóðdans á áramótagleði Taílendinga sem haldin var 19. apríl í Vodafone-höllinni. Samkvæmt tímatali þeirra gekk nýtt ár í garð hinn 14. apríl en beðið var með hátíðahöld fram á fyrsta frídag þar á eftir. „Dansatriðið gekk bara nokkuð vel, reyndar höfðum við ekki nógu mikinn tíma til að undirbúa það en þetta slapp fyrir horn,“ segir Junphen.

Hún mætti í nýjum kjól sem hún hefur verið að sauma sjálf eins og hún hefur greint lesendum Fréttablaðsins frá. „Hann heppnaðist líka alveg ágætlega en ég hannaði hann sérstaklega fyrir þetta kvöld. Nú er ég reyndar að fara að hanna annan. Annars gengur lífið sinn vanagang nema hvað að ég er sennilega að fara á íslenskunámskeið hjá Mími. Þetta er sumarnámskeið og stéttarfélagið borgar hluta af þessu, sem er mjög gott.“

Charlotte Ólöf Ferrier:

### FER TIL LÍBERÍU Á VEGUM ICEAID

„Ég fer til Líberíu eftir þrjár vikur en ferðin er á vegum IceAid sem eru sjálfstæð íslensk samtök, stofnuð árið 2006.“



„Líbería er land í Vestur-Afríku þar sem þar til nýlega geisaði borgarastyrjöld. Vegna stríðsins eru tíu prósent íbúa landsins munaðarlaus börn, en það gera um 300 þúsund börn. Eitt af hverjum fimm börnum nær ekki fimm ára aldri og 75 prósent barnanna ganga ekki í skóla. Íbúar landsins geta ekki búist við að ná nema 42 ára aldri og atvinnuleysi er gríðarlega mikið.“

Charlotte segir þau hjá IceAid ætla sér að byggja heilsugæslustöð við Alfred & Agnes Memorial munaðarleysingjaheimilið í Monróvíu. „IceAid átti frumkvæði að enduruppbyggingu heimilisins árið 2006 en um áttatíu börn búa þar. IceAid stefnir að því að byggja skóla í Monróvíu og við munum því standa fyrir margskonar fjáröflunarviðburðum á Íslandi til að fjármagna þessi verkefni.“ Nánar má fræðast um IceAid á slóðinni www.iceaid.org

Tveggja milljóna króna styrkur:

# Þróa hagnýtt skimunarpróf

Dollarasjóður MND-félagsins veitti á miðvikudag Páli Ragnari Karlssyni sameindalíffræðingi og dr. Thomas Schmitt-John, leiðbeinanda hans í meistaranámi við Árósaháskóla í Danmörku, rannsóknarstyrk að upphæð 26 þúsund dollarar eða um tvær milljónir króna.

Styrkurinn er veittur til gerðar hagnýts skimunarprófs á MND-sjúklingum. Motor Neurone Disease er banvænn sjúkdómur sem ágerist hratt og herjar á hreyfitaugar líkamans sem flytja boð til vöðvanna. Leiðir hann til lömunar á meðan vitsmunalegur styrkur helst. Á hverju ári greinast um fimm einstaklingar á Íslandi með sjúkdóminn.

**- ovd**

Haldið upp á tímamót í Safamýrinni:

# Framarar fagna aldarafmælinu

Fulltrúar Reykjavíkurborgar og Steinar Þór Guðgeirsson, formaður íþróttafélagsins Fram, skrifuðu í gær undir samning um uppbyggingu á nýju íþróttasvæði Fram í Úlfarsárdal, í tilefni af aldarafmæli félagsins.

Nýja svæðið er um hundrað þúsund fermetrar en gamla svæðið í Safamýri er um fjögur þúsund fermetrar. Áætlaður kostnaður við svæðið er um 2,7 milljarðar króna.

Íþróttamannvirkið verður fjölnota, svo sem knattspyrnuvöllur, tveir handknattleiksvellir í fullri stærð og þrír minni íþróttasalir.

Knattspyrnufélagið Fram var stofnað 1. maí 1908. Í tilefni af aldarafmælinu var Stefán Pálsson, sagnfræðingur og Framari, fenginn til að rita sögu félagsins. Stefán segir margt merkilegt koma í ljós þegar horft er um öxl.

„Félagið hét upphaflega Kári, en líklega kemur Fram-nafnið frá stjórnmálafélaginu Fram sem var bakland Hannesar Hafstein. Framarar voru frumkvöðlar á mörgum sviðum, komu á fót Íslandsmóti í knattspyrnu árið 1921 og stóðu fyrir komu danska landsliðsins hingað 1946, þegar Ísland lék sinn fyrsta landsleik,“ segir Stefán.

Útgáfa sögu Fram er fyrirhuguð í lok árs. Þeim sem hafa einhver gögn eða upplýsingar sem nýst gætu er bent á að hafa samband við félagið.

**- kóp**



**SAMKOMULAGIÐ UNDIRRITAÐ** Kjartan Magnússon, Ólafur F. Magnússon og Steinar Þór Guðgeirsson skrifuðu undir samninginn í gær. MYND/FRAM




OFURHELGI!
50% afsláttur við kassa
Bláber 125 g
199 kr/pk
Merkt verð 399,-
50% afsláttur við kassa
1.189 kr/kg
Merkt verð 2.379,-
Svínalundir
50% afsláttur við kassa
649 kr/stk.
Merkt verð 1.299,-
MS bláberja og súkkulaði ostakökur
Tveir fyrir einn
Ítalía extra virgin ólífuolía
Tveir fyrir einn
Ítalía kaffi
50% afsláttur við kassa
1.999 kr
Verð áður 3.999,-
Telpna stígvél st. 24-35
1.999 kr
JAKKI
1.499 kr
BUXUR
Sumardragt
st. 36-48
50% afsláttur við kassa
1.999 kr
Verð áður 3.999,-
Jogginggallar
st. 92-128
true
1.699 kr
Verð áður 2.999,-
Dömuskór
st. 36-41
60% afsláttur við kassa
1.299 kr
Verð áður 3.499,-
Sængurverasett
margir litir
67% afsláttur við kassa
999 kr
Verð áður 2.999,-
Náttbuxur
dömu og herra
Gildir til 4. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta



FRÁBÆR TILBOÐ
á vinsælum vörum
RUGBY JEANS CO.
Bolur
st. S-XXL
65% afsláttur við kassa
699 kr
Verð áður 1.999,-
50% afsláttur við kassa
1.299 kr
Verð áður 2.499,-
Hettupeysa
st. S-L
Lambalæri
- ferskt
50% afsláttur við kassa
865 kr/kg
Merkt verð 1.729,-
50% afsláttur við kassa
1.999 kr
Verð áður 3.999,-
!Solid
Gallabuxur
st. 28-38
50% afsláttur við kassa
14.999 kr
Verð áður 29.999,-
Prostyle 28" Gentleman
30% afsláttur við kassa
Maskarar
30% afsláttur af öllum möskurum
999 kr
Verð áður 1.799,-
999 kr
Verð áður 1.999,-
Shrek teikniborð
2 tegundir
87% afsláttur við kassa
499 kr
Verð áður 3.999,-
Meistarinn borðspil
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**FRÉTTASKÝRING:** Framboð Íslands til öryggisráðs SÞ **2. hluti**

# Úr höndum stóru strákanna

Í alþjóðavæddum heimi þarf að leysa fjölmörg vandamál þjóða í samvinnu við alþjóðasamfélagið. Fái Ísland sæti í öryggisráði SÞ eykst sýnileiki landsins, tengsl við mikilvæg ríki styrkjast og utanríkisþjónustan fær dýrmæta reynslu í að leysa alþjóðleg deilumál. Á móti kemur hætta á því að skemma fyrir tvíhliða samskiptum við einstök ríki þegar taka þarf afstöðu til erfiðra mála.

Hagnaður Íslands af framboði til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna verður ekki mældur í krónum og aurum, segir Hjálmar W. Hannesson, sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum (SÞ). Hann og aðrir sérfræðingar benda á að Ísland geti hagnast á annan hátt af framboði og mögulegri setu í ráðinu.

Ríki heims hafa afar misjafnar ástæður fyrir því að bjóða sig fram til setu í öryggisráðinu. Sum líta svo á að það sé komið að þeim, og önnur vilja komast í ráðið til að vernda ákveðna hagsmuni, segir Colin Keating, forstjóri Security Council Report.

Sum ríki sækjast eftir sæti til að staðfesta þá trú stjórnvalda og oftast landsmanna allra að ríkið eigi að vera mikilvægara en önnur í heimsmálunum. Svo eru það lönd á borð við Norðurlöndin, Kanada og Nýja-Sjáland sem hafa fjárhagslegt svigrúm til að taka á sig aukna ábyrgð, og vilja taka sæti í ráðinu til að taka þátt í því að leysa vandamál heimsins, segir Keating.

Skilja má stofnsáttmála SÞ þannig að það sé beinlínis skylda aðildarríkjanna að taka þátt í starfi samtakanna og bjóða sig fram til setu í ráðum og nefndum eins og kostur gefst. Þetta endurspeglast í orðum Johan C. Verbeke, fastafulltrúa og sendiherra Belgíu hjá SÞ: „Fyrir okkur er þetta spurning um skyldur okkar sem aðila að SÞ að þjóna í ráðinu.“

Ísland keppir um tvö laus sæti í ráðinu við Austurríki og Tyrkland, en kosið verður milli landanna um miðjan október.

Fulltrúar Tyrkja vildu ekki ræða baráttu landsins við Fréttablaðið. Hans Winkler, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis Austurríkis, segir utanríkisstefnu Austurríkis samofna stefnu SÞ frá því landið gekk í samtökin árið 1955.

SÞ rekur gríðarstóra skrifstofu í Vínarborg þar sem fjölmargar stofnanir samtakanna hafa höfuðstöðvar, og Austurríki hefur frá upphafi tekið virkan þátt í svo gott sem öllum friðargæsluverkefnum á vegum SÞ. Það er því rökrétt að Austurríki sækist eftir sæti í öryggisráðinu, segir Winkler.

### Fullnusta sjálfstæði þjóðarinnar

Fulltrúum íslenskra stjórnvalda hefur orðið tíðrætt um ástæður þess að Ísland sækist eftir sæti í öryggisráðinu.

„Færa má rök fyrir því að Ísland, eins og önnur ríki, deili fullveldi sínu með öðrum aðildarríkjum alþjóðastofnana svo sem Sameinuðu þjóðanna ekki síst vegna valdheimilda öryggisráðsins. Þess vegna má telja að framboðið sé skref til fullnustu sjálfstæðis þjóðarinnar, að Ísland sé, rétt eins og aðrar sjálfstæðar þjóðir, fullfært um að sitja við borðið,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra í ræðu um utanríkismál á Alþingi 8. nóvember síðastliðinn.

Þar minnti hún á að meira en fjörutíu af fimmtíu þróunarríkjum Afríku hafi tekið sæti öryggisráðinu, og á alþjóðavettvangi finnist „mjög mörgum að einmitt ríki eins og Ísland eigi að sitja í ráðinu; lýðræðisríki sem ekki á í deilum við önnur ríki; ríki sem samkvæmt venju leysir sín deilumál á friðsaman hátt; ríki sem virðir almenn mannréttindi; ríki sem ekki á sér forsögu sem flækt getur fyrir óhlutdrægri úrlausn deilumála“.

Hin hliðin á myntinni er þá spurningin hvað Ísland græði á því að bjóða sig fram, og mögulega setjast í öryggisráðið eitt tveggja ára tímabil.

„Ég sé ekkert annað en kosti fyrir Ísland við að taka sæti í öryggisráðinu,“ segir Lars Faaborg-Andersen, sendiherra og annar fastafulltrúa Danmerkur hjá SÞ. Seta í ráðinu muni auka sýnileika Íslands verulega, og bæta alþjóðlega ímynd landsins. Það muni til dæmis bæta möguleika íslenskra fyrirtækja sem vilji hasla sér völl fjarri heimaslóðum. Seta í ráðinu færi mikla landkynningu í för með sér, fyrir tiltölulega lítinn kostnað.

### Tvíhliða heimurinn að hverfa

Með alþjóðavæðingu undanfarinna ára þurfa ríki að leggja sífellt meiri áherslu á alþjóðlegar lausnir. Einfaldir samningar milli tveggja ríkja víkja fyrir samningum margra ríkja, segir Swadesh M. Rana, sérfræðingur í málefnum SÞ hjá World Policy Institute.

„Tvíhliða heimurinn er að hverfa,“ segir Keating. Með því að setjast í öryggisráðið fá ríki möguleika á því að auka sýnileika sinn, byggja tengsl við mikilvæg ríki og fá dýrmæta reynslu af því að leysa vandamál á alþjóðavettvangi. Starfslið utanríkisþjónustunnar eflist einnig, bæði með aukinni reynslu, en ekki síður með sterkara tengslaneti við kollega.

„Ef Íslendingar telja að einhver af þeim stóru málum sem semja verður um á næstu árum, svo sem umhverfismál og öryggismál, skipti Ísland einhverju máli, skiptir miklu að íslenska utanríkisþjónustan hafi sem mesta möguleika á því að hafa áhrif,“ segir Keating.

Þó Ísland fái ekki sæti í ráðinu er sú vinna sem lögð var í framboðið ekki töpuð. Í ræðu Ingibjargar Sólrúnar á Alþingi í nóvember kemur meðal annars fram að vinna í tengslum við framboðið hafi gert nýjar kröfur til utanríkisþjónustunnar, eflt hana og styrkt.

Í ræðu um utanríkismál á Alþingi 8. apríl skýrði hún gróða Íslands nánar: „Framboðið til öryggisráðsins hefur þegar skilað ávinningi til framtíðar. Samskipti Íslands við önnur ríki nær og fjær hafa aukist og síðan Ísland lýsti yfir framboði árið 1998 hefur verið stofnað til stjórnmálasambands við alls 75 ríki. Það eitt hefur haft ómæld áhrif til kynningar á okkar sjónarmiðum og hagsmunum. Að vera í framboði veitir aðgang.“

En það eru einnig gallar við að taka sæti í öryggisráðinu. Tvíhliða sambönd ríkja geta skaðast vegna setu í öryggisráðinu þegar ríki sem þar sitja greiða atkvæði um mál þvert gegn vilja ákveðinna ríkja. Keating tekur nærtækt dæmi, aðdraganda síðari innrásar Bandaríkjanna og bandamanna þeirra í Írak árið 2003.

Bandaríkin sóttu það hart að fá samþykki öryggisráðsins fyrir innrásinni, en ríki á borð við Þýskaland, Frakkland og Mexíkó lögðust gegn því þar sem innrás var sögð stríða gegn grundvallarsjónarmiðum stjórnvalda ríkjanna. Vegna þessarar afstöðu ríkjanna kólnuðu samskipti þeirra við Bandaríkin verulega.

„Þetta er gott dæmi um áhættuna sem fylgir því að sitja í öryggisráðinu. Ríkin þurfa að velja á milli hagsmuna í samskiptum við einstök ríki annars vegar, og grundvallarafstöðu í alþjóðasamskiptum hins vegar,“ segir Keating. Hann segir það þó sjaldnast alvarlegan vanda. Ríkin í ráðinu geti tekið afstöðu með ákveðnu ríki í einu máli og gegn því í öðru, ólíkt því sem hafi viðgengist í kalda stríðinu.

„Önnur ríki dæma ekki byggt á hverju einasta atkvæði í hverju einasta máli, heldur byggt á mati að lokinni tveggja ára setu ríkja í ráðinu,“ segir Keating.

### Vinalaus og einmana

„Það er alltaf áhætta að taka sæti í öryggisráðinu, en það er líka áhætta fólgin í því að halda sig úr hringiðu alþjóðamála,“ segir Keating. Það megi líkja því við barn sem ekki vilji leika með öðrum börnum, hvort sem það er vegna feimni eða eigingirni. Þá sé alltaf hættan að barnið endi vinalaust og einmana.

Kostirnir við að taka sæti í öryggisráðinu virðast vera fleiri en gallarnir, ef marka má aukna samkeppni um sæti sem losna, bæði frá stórum ríkjum og smærri.

Það stendur ekki á svari frá Jorge Urbina, fastafulltrúa og sendiherra Kosta Ríka hjá SÞ, þegar hann er spurður hvers vegna Kosta Ríka sóttist eftir sæti í öryggisráði SÞ, þar sem landið hefur átt sæti frá síðustu áramótum.

„Millistór og lítil ríki gegna líka mikilvægu hlutverki. Það er ekki rétt að skilja vandamál tengd friði og öryggi heimsins eftir í höndum stóru strákanna.“



**AUSTURRÍKI** Sameinuðu þjóðirnar reka stóra skrifstofu í Vín í Austurríki, þar sem meðal annars eru höfuðstöðvar ýmissa undirstofnana SÞ. Austurríkismenn gáfu stofnuninni bygginguna, en SÞ sér um reksturinn. MYND/SÞ/MARK GARTEN




**TYRKLAND** Tyrkir eru áberandi í New York, þar sem þeir auglýsa framboð sitt í skrifstofubyggingu gegnt höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Heimildir herma að þeir hyggist opna ellefu ný sendiráð í Afríku til að vinna framboðinu fylgi. FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN JÓNASSON

## AFSTAÐA ALMENNINGS LÍTIÐ BREYTT

Íslensk stjórnvöld hafa látið kanna stuðning við framboð Íslands til öryggisráðs SÞ reglulega í tæpt ár. Á þeim tíma hefur hann haldist nokkuð stöðugur.

Síðasta könnun, sem var gerð opinber í apríl, sýndi að 46,5 prósent aðspurðra voru mjög eða frekar hlynntir framboði Íslands. Um 17,4 prósent voru hlutlausir, og 36,1 prósent mjög eða frekar andvígir framboðinu.

Stuðningur við framboðið hefur aukist lítillega frá því utanríkisráðuneytið fékk Capacent Gallup til að gera slíkar kannanir reglulega, um mitt sumar 2007. Andstaðan hefur raunar aukist aðeins líka, þar sem þeim sem segjast hvorki fylgjandi né á móti fækkar talsvert.

Fyrir mitt sumar 2007 var stuðningur við framboðið kannaður mun sjaldnar. Stuðningur við framboðið hefur aukist verulega frá könnun sem gerð var í september 2005, þegar um 28 prósent studdu framboðið, en um 53 prósent voru á móti.

„Íslendingar hafa ávallt verið sammála um mikilvægi þess að taka þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, í umræðum um utanríkismál á Alþingi 8. apríl síðastliðinn.

„Framboðið til öryggisráðsins er eitt stærsta verkefni sem Ísland hefur ráðist í á alþjóðavettvangi. Stuðningur við framboðið hefur aukist umtalsvert hér innanlands. Það er mikilvægt að sem mest sátt ríki um öryggisráðsframboðið og ég vona að málefnaleg umræða muni áfram stuðla að því,“ sagði hún.






FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

**ÖNNUR GREIN AF FIMM**
**Á morgun:**
Kostnaður við framboðið og áhrif peninga


heima
HEIMA ER BEST!
200X80X80
FIORI
3JA SÆTA: 124.800
STÓLL: 68.000
Hvítt, og svart
80X80X80
LEÐURSTÓLL
15.900
Hvítt, svart og brúnt
TV SKENKUR
84.900
Hvítt og svart
210x57x49
SÓFABORÐ
49.800
Hvítt og eik
70x130
FIORI
TUNGUSÓFI
199.800
Hvítt og svart
250x160x80
Opið í dag 10-18
á morgun, lau. 11-16
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242
www.heimahusid.is - heimahusid@heimahusid.is
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Er verðbólgan á förum eða komin til að vera?

## Verst og best

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Stóra spurningin sem einstaklingar og fyrirtæki standa frammi fyrir lýtur að því hvort verðbólgan, sem nú er staðreynd, er á förum eða hvort hún er komin til að vera. Við því er ekkert einfalt svar. Það fer eins og oft áður bæði eftir viðbrögðum ríkisstjórnarinnar og þeim ákvörðunum sem teknar eru á markaðnum.

Skiljanlegt er að kallað sé eftir aðgerðum stjórnvalda. En framhjá því verður ekki litið að hlutverk þeirra í opnu hagkerfi er annað en áður. Í því samhengi má velta upp þeirri spurningu hvaða ákvarðanir eru líklegar til að hafa annars vegar verst áhrif á hag heimila og fyrirtækja og hins vegar best þegar til lengri er tíma er litið.

Hvað gætu menn gert verst? Tvennt má nefna helst. Trúlega gæti ríkisstjórnin ekki gert verri mistök en þau að kaupa tillögur formanns Framsóknarflokksins um að veikja stöðu ríkissjóðs um tugi milljarða króna með skattalækkunum. Það myndi auka skuldasöfnun og væri í raun ákvörðun um að bjóða verðbólguna velkomna til framtíðar.

Athyglisvert er að VG hefur sýnt mun ábyrgari afstöðu varðandi ríkisfjármálin og er sennilega að njóta þess í skoðanakönnunum. Þrýstingur á nýjar vondar ákvarðanir af þessu tagi sýnist því ekki vera mikill. Þó að staða ríkissjóðs hafi verið sterk er sannleikurinn sá að tekjuöflun hans miðað við útgjaldastig er of veik þegar horft er til næsta árs.

Gengisfall krónunnar orsakast mest af því að lífskjörin voru í heild komin fram úr verðmætasköpuninni. Það á sér ýmsar skýringar. Engin þeirra breytir hins vegar því að það versta sem vinnumarkaðurinn gerði í þessari stöðu væri að hleypa af stað nýjum víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Með slíkum ákvörðunum væri verðbólgan ekki á förum heldur að koma til frambúðar. Tímabundin kaupmáttarskerðing er af tveimur vondum kostum betri en langvarandi verðbólguskeið.

Hvað geta menn þá gert best? Það er einkum þrennt. Í fyrsta lagi getur ríkisstjórnin haft forystu um að greiða fyrir því að bankarnir geti með lánastarfsemi veitt nægjanlegu súrefni inn í atvinnulífið. Forsætisráðherra lagði línur þar um á ársfundi Seðlabankans. Breið pólitísk sátt virðist vera um ráðstafanir af því tagi. Eðli máls samkvæmt getur undirbúningur þeirra tekið marga mánuði en líklegt er að þrengri tímarammi hafi í raun verið settur þar um. Ætla verður því að þau mál séu í eðlilegum farvegi.

Í öðru lagi er mikilvægt að stjórnvöld greiði fyrir skynsamlegri frekari nýtingu orkulinda og nýrri orkufrekri iðn- og tæknistarfsemi sem á henni byggir til þess að auka verðmætasköpun. Ekkert bendir til annars en ríkisstjórnin fylgi slíkri línu þó að skilaboðin úr umhverfisráðuneytinu séu nokkuð misvísandi. Á þessu sviði hefur Framsóknarflokkurinn verið málsvari skynseminnar en VG er þar á móti á rangri hillu.

Í þriðja lagi gæti einhvers konar samstarf ríkisstjórnar og vinnumarkaðarins í þeim tilgangi að koma í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og launa bætt stöðuna. Um þetta ætti ekki að vera pólitískur ágreiningur. Hér er fremur spurning um vilja og lag allra þeirra sem hlut eiga að máli.

Verðbólgukúfurinn gæti að þessu virtu verið á förum á næstu vikum og mánuðum eins og forsætisráðherrann hefur látið í ljós vonir um. Hann gæti líka verið kominn til að vera. Það er þó ólíklegra. Eina raunhæfa leiðin til að styrkja krónuna og bæta efnahaginn er að auka verðmætasköpunina.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




aus

**Viltu úgga búggast?**
Hjálpa til:

- við að næra götubörn í Gana, læra afríkanska leirkeragerð og fara í safarí

- við að bjarga skjaldbökum í Mexíkó, gleypa rótsterkan chili og sóla þig á fallegri pálmaströnd

- við baráttuna gegn HIV/AIDS á Indlandi, læra jóga og taka þátt í Diwali hátíðinni

- við fornleifauppgröft á Ítalíu, prófa upprunalegu pizzuna og skella þér í siglingu um Feneyjar

aus.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rápherrar

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur barist fyrir því að ný nöfn verði fundin á ráðherra sem henni þykir um of karllæg nafngift. Fréttamenn á vefmiðlinum vísi.is tóku Steinunni á orðinu og nefndu Ingibjörgu Sólrúnu rápherra í fréttaumfjöllun sinni þegar þingmönnum Vinstri grænna blöskruðu tíðar ferðir íslenskra ráðherra til útlanda. Þeir sem kunnugir eru lyklaborðum tölva átta sig á að P er við hlið Ð á íslenskum lyklaborðum svo þar kann skýringa að vera að leita. En í ljósi umfjöllunarefnis fréttarinnar kann þessi meinta ásláttarvilla að verða til þess að Steinunni Valdísi verði að ósk sinni, að minnsta kosti að hálfu leyti því ráðherrar kunna hér eftir að verða kallaðir rápherrar ef þeir þurfa oft að bregða sér af landi brott.



### Gasalegt stuð

Landsþingi Landssambands lögreglumanna lauk í gær en á þinginu var samþykkt ályktun þar sem þess er krafist að öllum lögreglumönnum verði útvegað Taser-valdbeitingartæki. Til nánari útskýringar er um að ræða rafstuðtæki en í ljósi nýlegra dæma af valdbeitingu lögreglunnar má spyrja sig hvort piparúðinn sé ekki nógu gott vopn. Íslenskir lögreglumenn verði því hér eftir með gas og stuð.



### Gas, gas, gas!

Lögreglumenn sem hrópuðu gas á mótmælendur við Suðurlandsveg í síðustu viku hafa komið af stað nýrri tískubylgju þar sem menn eru vart með mönnum nema koma orðinu að á einhvern hátt. Bolir með áletruninni „gas“ seljast nú sem heitar lummur og fyrirtæki eitt auglýsir gasgrill með fyrirsögninni „gas“. Þá tók baráttufólk á fyrsta maí á Ingólfstorgi vel undir þegar piltarnir í Sprengjuhöllinni tóku að hrópa „gas“ í miðju lagi.

olav@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Leiðtogi sem ekki brást



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Bjarni Benediktsson

Dr. Bjarni Benediktsson, sem hefði orðið hundrað ára 30. apríl 2008, var einn merkasti stjórnmálamaður Íslendinga á tuttugustu öld. Hann var lagaprófessor, áður en hann hóf stjórnmálaþátttöku, og setti fram sterk, lagaleg rök fyrir sambandsslitunum við Dani 1944, sem voru okkur nauðsynleg í óvissu og umróti stríðsins. Þá þegar studdist Ólafur Thors, lengst allra leiðtogi sjálfstæðismanna, mjög við ráð hans. Bjarni var borgarstjóri í Reykjavík 1940-1947, þegar erlendir hermenn dvöldust hér tugþúsundum saman og geipilegur húsnæðisskortur var í bænum. Réð hann fram úr mörgum erfiðum verkefnum af röggsemi og átti drjúgan þátt í viðgangi hitaveitu Reykjavíkur, þótt Winston Churchill þakkaði sér hugmyndina að henni í æviminningum sínum, og hafa raunar fleiri síðan viljað þá Lilju kveðið hafa.

Eitt vandasamasta verkefni Bjarna Benediktssonar var, þegar hann gerðist utanríkisráðherra 1947: Áttu Íslendingar að halda fast við ævarandi hlutleysi landsins, sem lýst hafði verið yfir eftir fullveldið 1918? Eða ganga til liðs við aðrar frjálsar þjóðir? Bjarni hafði í upphafi hikað við að svara. En honum var ljóst, að Íslendingar höfðu í raun horfið frá hlutleysisstefnunni með samstarfinu við breska hernámsliðið, en það var síðan staðfest opinberlega með herverndarsamningnum við Bandaríkjamenn 1941. Þjóðinni var þetta hins vegar ekki eins ljóst eins og Bjarna, og síðan voru kommúnistar beinlínis andvígir frekari tengslum við Vesturveldin. Þeir spurðu með Jóhannesi úr Kötlum: Sovét-Ísland, óskalandið, hvenær kemur þú?

Á meðan Bjarni Benediktsson var utanríkisráðherra, 1947-1953, skýrði hann út í ræðu og riti hvernig utanríkisstefna Íslendinga hlyti að markast af legu landsins, aðstæðum í alþjóðamálum, vonum um viðskipti og lýðræðishugsjónum. Gerðist Bjarni einna fróðastur Íslendinga um alþjóðamál. Þessi árin töldu kommúnistar Bjarna hættulegasta andstæðing sinn og beindu spjótum óspart að honum. En hann stóð allt af sér, enda hafði hann óskorað traust flokkssystkina sinna og mikið fylgi með þjóðinni. Hámarki náðu deilur um utanríkismál þegar kommúnistar og meðreiðarsveinar þeirra gerðu árás á Alþingishúsið 30. mars 1949 til að koma í veg fyrir að Alþingi samþykkti aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Var þeirri árás hrundið af lögreglunni og varaliði, sem trúnaðarmenn Bjarna höfðu skipulagt.

Bjarni var um skeið menntamálaráðherra, síðan ritstjóri Morgunblaðsins í nokkur ár, dómsmálaráðherra í viðreisnarstjórn Ólafs Thors og forsætisráðherra frá 1963 til 1970, þegar hann féll sviplega frá. Hann hafði mjög beitt sér fyrir því um 1950, að hér yrði dregið úr þrálátum höftum og skömmtunarstjórn, en vegna erfiðra aðstæðna tókst það ekki sem skyldi. Tíðarandinn var öndverður atvinnufrelsi eins og því, sem þeir Ólafur Thors og Bjarni aðhylltust, og sterk verkalýðshreyfing undir stjórn kommúnista torveldaði aðlögunarhæfni hagkerfisins. Í forsætisráðherratíð sinni stjórnaði Bjarni af festu og skörungsskap. Stjórnmálaskoðunum hans má best lýsa með því, að hann hafi verið frjálslyndur íhaldsmaður.

Frjálslyndi hans kom fram í þeim umbótum, sem hann beitti sér fyrir í efnahagsmálum, en íhaldssemi hans í gætni og raunsæi, þjóðrækni, sögulegum áhuga og ræktarsemi við íslenska tungu. Bjarni fylgdist vel með alþjóðamálum, og sagði að virðing smáþjóða væri jafnan í öfugu hlutfalli við mælgi þeirra á alþjóðavettvangi. Sjálfur var hann forystumaður lítillar þjóðar, sem brást ekki, þegar á reyndi. Hans verður lengi minnst að góðu.

# VOR ÚTSALA

ASUS FERÐATÖLVUR MARGAR GERÐIR
VERÐ FRÁ 59.990
AFSLÁTTUR ALLT AÐ 80.000

## SJÓNVÖRP Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM Á FRÁBÆRU ÚTSÖLUVERÐI

PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED enox.

## TUGÞÚSUNDA AFSLÁTTUR

**15" LCD SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 34.990
TILBOÐ 24.990
enox. AFSL. 10.000 / 28%

**32" TOPP LCD TÆKI**
FULLT VERÐ 169.990
TILBOÐ 114.990
JVC AFSL. 55.000 / 32%

**42" LCD SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 199.990
TILBOÐ 139.990
JVC AFSL. 60.000 / 30%

**TÖKUVÉL MEÐ HÖRÐUM DISK**
FULLT VERÐ 79.990
TILBOÐ 49.990
JVC AFSL. 30.000 / 37%

HARMAN KARDON HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 35% AFSLÆTTI
JBL HÁTALARAR OG HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
BÍLTÆKI OG HÁTALARAR Á FRÁBÆRU VERÐI
JVC KENWOOD JBL Panasonic

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR FRÁ 9.990 - FRÁBÆR KAUP
OLYMPUS CASIO Panasonic

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

**Sjónvarpsmiðstöðin**
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KS FERSKT LAMAFILLET MEÐ FITURÖND

**2498**

2498 KR./KG.



## KJÚKLINGUR 30%-40% AFSLÁTTUR




30% AFSLÁTTUR

Bónus ferskir kryddaðir kjúklingabitar
385 kr./kg. MERKT VERÐ 549 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR

Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr./kg. MERKT VERÐ 398 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR

Holta fersk kjúklingalæri með legg
449 kr./kg. MERKT VERÐ 748 KR./KG.

NÝTT Í BÓNUS



40% AFSLÁTTUR

Holta ferskir kjúklingaleggir í texaskryddlegi
420 kr./kg. MERKT VERÐ 699 KR./KG.




30% AFSLÁTTUR

KF lambasaltkjöt 1.flokkur
698 kr./kg. MERKT VERÐ 998 KR.




30% AFSLÁTTUR

KF lambasaltkjöt ódýrt
349 kr./kg. MERKT VERÐ 498 KR./KG.

Nautaat

Nautaat ferskir
ungnautahamborgarar
4 stk með brauði
498 kr.




498



40% AFSLÁTTUR

KF frosið kjötfars í rúllu
299 kr./kg. MERKT VERÐ 498 KR./KG.




Með fyrirvara um prentvillur
og eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# KS FROSIÐ 1. FLOKKS LAMBALÆRI

20% AFSLÁTTUR

**879 KR./KG.**

MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

## Ali 100% ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT



40% AFSLÁTTUR

Ali ferskar svínakótilettur
**1070 kr./kg.** MERKT VERÐ 1783 KR./KG.



30% AFSLÁTTUR

Ali fersk svínarif
**769 kr./kg.** MERKT VERÐ 1098 KR./KG.



30% AFSLÁTTUR

Ali ferskar svínahnakkasneiðar
**1259 kr./kg.** MERKT VERÐ 1798 KR./KG.



498

Ali ferskur svínabógur **498 kr./kg.**



Toppur ávaxta appelsín
**2 ltr. 98 kr.**

98



30% AFSLÁTTUR

KF pepperoni magnkaup
**1959 kr./kg.** MERKT VERÐ 2799 KR./KG.



98

EuroShopper-snakk **200g 98 kr.**



NÝTT Í BÓNUS

179

Myllu speltbrauð **500g 179 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur og eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Verðhrun

Lagersala



VASKAR
HELLUBORÐ
INNBYGGÐIR ÍSSKÁPAR
FRYSTISKÁPAR
OFNAR
HÁFAR
VIFTUR

vilborga@centrum.is

Lagersala Eirvíkur að Suðurlandsbraut 20

**Opið frá kl. 10-18 föstudaginn 2. maí og 11-18 laugardaginn 3.maí.**

Einstakt tækifæri til að eignast glæsileg heimilistæki á frábæru verði. Takmarkað magn af sýningar- og lagertækjum ásamt lítið útlitsgölluðum tækjum.

**Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur heimilistæki á tækifærisverði.**

smeg hönnun og gæði | elica Collection | General Electric | Roblin | LIEBHERR | Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Af hverju inn í ESB?



Eftir Ágúst Ólaf Ágústsson

Það er þekkt staðreynd að stjórnarflokkarnir hafa ólíka stefnu um aðild Íslands að Evrópusambandinu enda eru þetta tveir ólíkir flokkar. Ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks ætlar hins vegar ekki að skila auðu í Evrópumálunum.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hefur því sett á laggirnar nefnd um þróun Evrópumála. Þessa nefnd leiðum við Illugi Gunnarsson en í nefndinni sitja einnig fulltrúar stjórnmálaflokka, ASÍ, BSRB, SA og Viðskiptaráðs Íslands.

Markmið nefndarinnar er í fyrsta lagi að fylgja eftir tillögum Evrópunefndar frá mars 2007 um aukna hagsmunagæslu tengdri Evrópustarfi. Í öðru lagi á hún að framkvæma nánari athugun á því hvernig hagsmunum Íslendinga verði best borgið í framtíðinni gagnvart Evrópusambandinu, á grunni niðurstaðna Evrópunefndar. Í þriðja lagi mun nefndin fylgjast með þróun mála í Evrópu og leggja mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga.

Samfylkingin hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að hagsmunum Íslendinga er betur borgið innan ESB frekar en utan. Að mínu mati er það að sama skapi engin tilviljun að nánast allir þjóðir Evrópu eru annaðhvort aðilar að ESB eða hafa sótt um aðild.

### Kostir aðildar

Í stuttu máli mætti segja að helstu kostirnir við aðild eru aukin áhrif, lægra matvælaverð, aukinn stöðugleiki, lægri vextir, sanngjarnara landbúnaðarkerfi, auknar erlendar fjárfestingar, minni gengisáhætta og gengissveiflur, lægri skólagjöld erlendis, minni viðskiptakostnaður og bætt félagsleg réttindi. Ekki má gleyma að Íslendingar eru evrópsk þjóð sem á heima í samfélagi annarra Evrópuþjóða.



Nú þurfum við að taka yfir stóran hluta af lykillöggjöf ESB án þess að hafa neitt um löggjöfina að segja. Um daginn var okkur í viðskiptanefnd Alþingis sagt af embættismönnum að við gætum ekki breytt frumvarpi sem var til meðferðar hjá nefndinni nema hugsanlega heiti laganna. Ekki er þetta beysið fyrir eina elstu lýðræðisþjóð í heimi.

Og varðandi meint áhrifaleysi Íslendinga innan ESB sýnir reynslan að smáríkjum hefur vegnað vel innan ESB. Í þessu sambandi minni ég á að þingmenn Evrópuþingsins skipa sér í hópa eftir stjórnmálaskoðunum en ekki eftir þjóðerni. Þessi staðreynd hefur allnokkra þýðingu.

Efnahagslegir kostir aðildar ættu einnig að vera ljósir. ESB er stærsta viðskiptablokk í heimi og um 70% af utanríkisviðskiptum Íslands eru við ríki ESB og EES.

Fróðlegt er að hagþróun þeirra ríkja ESB sem bjuggu við ólíkari hagsveiflu en þá sem mátti finna hjá meginþorra ESB-ríkjanna hefur ekki farið úr böndunum við upptöku evrunnar. Vitaskuld hafa hagsveiflur verið mismunandi á milli svæða þótt þau hafi notað sama gjaldmiðil. Hagsveiflan er ekki heldur sú sama í New York og Nebraska.

Margir nefna sjávarútvegsstefnu sem röksemd gegn aðild. Í því sambandi verður að hafa þá grundvallarstaðreynd í huga að sjávarútvegsstefna ESB byggist á veiðireynslu og þar sem ekkert ríkja ESB hefur veitt svo neinu munar í íslenskri landhelgi undanfarna tvo áratugi hafa ríki Evrópusambandsins engan rétt til að veiða í íslenskri lögsögu. Skilyrði um veiðireynslu er Íslendingum sannarlega ekki óhagstætt.

Um fjárfestingar útlendinga má hins vegar velta því fyrir sér hvort það sé svo slæmt að fá erlent fjármagn inn í íslenskan sjávarútveg þegar unnt er að tryggja, samkvæmt niðurstöðum Evrópudómstólsins, að fyrirtækin hafi raunveruleg efnahagsleg tengsl við það svæði sem reiðir sig á veiðarnar.

### Breytum stjórnarskránni

Það er grundvallarafstaða Samfylkingarinnar að Ísland eigi að sýna metnað í samskiptum við önnur ríki. Í því felst meðal ananrs að taka fullan þátt í Evrópusamstarfinu. En óháð hugsanlegri aðild að ESB þá er hins vegar tímabært að huga að breytingu á stjórnarskránni hvað varðar valdaframsal.

Enn er staðan sú í íslenskum stjórnmálum að ekki er samstaða um aðild að Evrópusambandsaðild en ég hef þá trú að þetta kunni að breytast, fyrr en síðar. Mikilvægast af öllu er þó sú staðreynd að það verður íslenska þjóðin sem mun hafa síðasta orðið þegar kemur hugsanlegri aðild Íslands að ESB.

*Höfundur er formaður Viðskiptanefndar Alþingis.*

**EVRÓPUSAMBANDIÐ – Hvað er til ráða?**

**1.** Hverjir eru helstu kostir við Evrópusambandsaðild?
**2.** Hverjir eru helstu gallar við Evrópusambandsaðild?
**3.** Hvað er til ráða?
**3.1.** Á að hafna aðild umsvifalaust?
**3.2.** Á að bíða og sjá til?
**3.3.** Á að sækja um aðild umsvifalaust?
**3.4.** Á að gera efnahagslegar og stjórnskipulegar ráðstafanir með það að markmiði að taka ákvörðun af eða á um aðildarumsókn eftir tiltekinn tíma, til dæmis innan þriggja ára?




Við stöndum upp úr

Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, er með 55% meiri lestur en Viðskiptablað Morgunblaðsins miðað við 20–45 ára en 46% meiri lestur miðað við 25–49 ára.

Viðskiptafréttir... ...alla daga

vísir.is

"...ég sá það á vísi"

# Byggingarlist í brennidepli

**UMRÆÐAN**

Aðalheiður Atladóttir og Laufey Agnarsdóttir skrifa um skipulagsmál

Nú á vordögum hefur Norræna húsið efnt til veigamikillar og metnaðarfullrar dagskrár í tilefni 40 ára afmæli þess. Þann 10. apríl sl. hófst Byggingarlist í brennidepli – mannlíf í miðborg, röð fyrirlestra, umræðna og sýninga.

Dagskrá þessi er afrakstur samvinnu Norræna hússins, Arkitektafélags Íslands, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, Listaháskóla Íslands og Listasafns Reykjavíkur. Arkitektafélag Íslands og Norræna húsið standa fyrir þremur málþingum sem hvert fyrir sig koma inn á hluti sem snerta höfuðborgarbúa miklu máli í dag, skipulag, uppbyggingu, samgöngur, mannlíf og miðborgin.

Fyrsta málþingið var haldið þann 12. apríl sl. undir yfirskriftinni Reykjavík í dag – umræður síðastliðinna missera. Sérlega vönduð og áhugaverð erindi voru flutt. Meðal flytjenda voru Dagur B. Eggertsson, fyrrverandi



**AÐALHEIÐUR ATLADÓTTIR**



**LAUFEY AGNARSDÓTTIR**

borgarstjóri, Helga Bragadóttir, arkitekt hjá Kanon arkitektum og fyrrverandi skipulagsfulltrúi, Pétur H. Ármannsson arkitekt og Kristín Einarsdóttir, aðstoðarsviðstjóri framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar. Komið var inn á þróun skipulags í Reykjavík og hver staðan er í dag, auk þess sem erindi voru flutt sem sýndu tengsl skipulags og samgangna á lýðheilsu og hvernig bæta megi ástandið.

Þann 29. apríl kl. 17 var annað málþing haldið á vegum Arkitektafélagsins og Norræna hússins undir yfirskriftinni Menningarstefna og uppbygging – stefnumótun í byggingarlist og borgarskipulagi. Erindi voru flutt um mikilvægi menningarstefnu og tengsl við skipulag, auk þess sem sýnd verða dæmi frá Skotlandi og Englandi.

Síðasta málþingið, Miðborgin mín – vangaveltur um miðborgina, verður haldið þann 6. maí kl. 17. Eins og segir í titlinum verða haldin erindi þar sem flytjendur velta fyrir sér miðborginni, mannlífi og Miðborgarhugtakið skilgreint. Auk þess munu verða kynnt nokkur ný byggingarverkefni í miðborginni. Meðal flytjenda eru Steve Christer arkitekt FAÍ, Snorri Freyr Hilmarsson formaður Torfusamtakanna og Jón Kaldal ritstjóri Fréttablaðsins.

Við hvetjum alla, almenning og fagaðila, til að fjölmenna á þessa viðburði, til að heyra áhugaverð erindi, ólík sjónarmið og taka þátt í pallborðsumræðum í lok hverrar dagskrár.

Málþingin fara fram í Norræna húsinu og lýkur þeim með pallborðsumræðum.

Frekari upplýsingar um dagskrá Byggingarlist í brennidepli – mannlíf í miðborg er að finna á heimasíðu Norræna hússins www.nordice.is.

*Höfundar eru arkitektar og sitja í markaðs- og dagskrárnefnd Arkitektafélags Íslands.*


30%
AFSLÁTTUR!
AF VÖLDUM
INNRÉTTINGUM!
BAÐ
INNRÉTTINGAR
Hvítt háglans innrétting 142 x 48 sm
Ölur á MDF 125 x 48 sm
Hvíttaður askur 120x48 sm
Hvíttuð eik 120x48 sm
Eplaviður á MDF 152x48 sm
Ölur á MDF 182x48 sm
Hnota á MDF 120 x 48 sm
Kirsuberjaviður á MDF 162 x 48 sm
Hvítt háglans 120x48
20%
AFSLÁTTUR!
AF GRANÍT-
OG MARMARA-
BORÐPLÖTUM
Fáanlegar á
ákveðnar stærðir innréttinga
Black Galaxy
Imperial Brown
Blue Pearl
Black Absolute
East White
Mocca Crema
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Hvenær eiga stjórnvöld að strá salti í sárin?

**UMRÆÐAN**
Helga Jónsdóttir skrifar um dómsmál

Ég varð fyrir því í maímánuði í fyrra að lenda í hörðum árekstri á Suðurlandsvegi. Við vorum þrjú í bílnum: ég, maðurinn minn, sem keyrði, og dóttir okkar sem þá var þriggja mánaða. Það slasaðist enginn í slysinu nema ég og maðurinn minn. Ökumaður hins bílsins meiddist ekkert. Slysið hafði þær afleiðingar að ég var í endurhæfingu á Grensási til áramóta. Í febrúar sl. byrjaði ég að vinna, dóttir mín byrjaði á leikskóla og maðurinn minn gat stundað nám sitt á ný. Líf okkar var að komast í eðlilegt horf eftir erfiðasta hálfa árið sem við og fjölskyldur okkar höfum upplifað.

Á fjórða degi mínum í vinnunni eftir að ég sneri aftur hringdi maðurinn minn í mig og sagði mér að honum hefði verið birt ákæra vegna slyssins. Sýslumaðurinn á Selfossi hafði sem sagt ákært hann fyrir að hafa valdið því að ég slasaðist, nánar tiltekið fyrir brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það ákvæði kveður efnislega á um að refsa eigi þeim sem veldur öðrum af gáleysi tjóni á líkama eða heilbrigði, sams konar og því sem fellur undir ákvæði laganna um meiri háttar líkamsárás. Við höfðum verið vöruð við því, að þar sem við lentum í slysi í þessu sýslumannsumdæmi þá gæti maðurinn minn átt von á því að verða ákærður en það væri samt ekki vaninn að ákæra í málum þar sem sá eini sem slasaðist væri svo nákominn þeim sem talinn væri valdur að slysinu.

### „Almennar refsivörsluástæður“ og „almannahagsmunir“

Eftir að ákæran var birt gerðum við allt sem í okkar valdi stóð til þess að fá sýslumanninn til að falla frá ákærunni. Ég sendi honum bréf þar sem ég lýsti því hvaða áhrif svona dómsmál myndi hafa á okkur og sendi honum m.a. vottorð frá lækninum sem hefur annast endurhæfingu mína þar sem kom fram að fólk sem hefði fengið heilaáverka eins og ég,


HELGA JÓNSDÓTTIR

væri í aukinni hættu á að fá kvíða og þunglyndi auk þess sem lítið þyrfti til að koma slíkum sjúklingum úr jafnvægi. Í vottorðinu kemur enn fremur fram að ákæra og allt það álag sem málaferlum fylgir myndi vafalítið hafa mjög slæm áhrif á bata minn.

Talað var við Ríkissaksóknara sem sagði að það væri einungis sýslumaður sjálfur sem gæti ákveðið að falla frá ákæru. Auk þess töluðu fleiri aðilar beint við sýslumann. En það skipti engu máli. Ég fékk svarbréf frá sýslumanni þar sem mér var tjáð að þetta slys hefði haft of miklar afleiðingar til þess að hægt væri að falla frá ákæru. Þá spyr ég: Afleiðingar fyrir hvern? Eru það ekki bara afleiðingar fyrir mig og mína sem þetta slys hefur haft? Það er engu líkara en með þessu hafi átt að láta mig finna fyrir þessum afleiðingum áfram.

Í c.lið 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 segir að falla megi frá saksókn ef brot hafi valdið sakborningi sjálfum óvenjulegum þjáningum og málsókn þykir ekki brýn af almennum refsivörsluástæðum. Ég lít svo á að þetta ákvæði eigi einmitt við í okkar tilviki. Sýslumaður hefur augljóslega litið svo á að vegna almennra refsivörsluástæðna væri brýn þörf á málsókn. Rök hans fyrir þeirri niðurstöðu hef ég ekki enn séð svart á hvítu en vildi gjarnan fá tækifæri til þess. Ég hef áður tekið fram það mikilvæga atriði, að ökumaður hins bílsins í árekstrinum meiddist ekkert, heldur vorum við maðurinn minn þau einu sem slösuðust. Þar sem ekki var um að ræða nein meiðsli annarra leyfi ég mér að efast um að ástæður sýslumannsins fyrir að ákæra geti komist nálægt því að vega upp gildi þeirra sjónarmiða sem með réttu ættu að leiða af ofangreindu ákvæði fyrir mál okkar. Ég held raunar að þar þurfi ekki einu sinni slík sérstök lagaákvæði til heldur standist útgáfa ákæru við þessar kringumstæður ekki almennustu kröfur mannlegrar samúðar og skynsemi.

Ég bendi líka á að í f.lið 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála er að finna almenna heimild fyrir lögreglustjóra til að falla frá ákæru ef sérstaklega stendur á og almannahagsmunir krefjast ekki málshöfðunar. Með þessu ákvæði hefur löggjafinn reynt að gefa lögreglustjórum svigrúm til að taka tillit til sérstakra atvika mála við mat sitt á því hvort gefa eigi út ákæru. Ákvæði sem þetta er nauðsynlegt til að vega upp á móti hugsanlega óréttlátri framkvæmd sem ella kynni að leiða af skilyrðislausri og einstrengingslegri fylgni handhafa ákæruvalds við meginregluna, sem kemur fram í 111. gr. sömu laga, um að sérhver refsiverður verknaður skuli sæta ákæru. Af sömu ástæðu er reyndar einmitt tekið fram í seinni málslið þeirrar lagagreinar: „nema annað leiði af lögum“.

Það hlýtur að mega slá því föstu að ofangreind ákvæði séu sýslumanni kunn og að hann hafi, vegna tilrauna okkar til að afstýra saksókn í málinu, tekið afstöðu til þeirra um leið og hann komst að þeirri niðurstöðu að hann yrði að ákæra manninn minn og halda fast við þá ákæru. Því má spyrja: hvaða almannahagsmunir og hvaða almennu refsivörsluástæður voru þess valdandi að sýslumaðurinn á Selfossi taldi óhjákvæmilegt að ákæra í máli okkar?

### Eiga lög að vera ólík eftir sýslumannsumdæmum?

Mér finnst það umhugsunarefni ef svo getur staðið á að maður sé ekki einungis svo óheppinn að lenda í bílslysi heldur sé maður líka það afspyrnu óheppinn að lenda í bílslysi í umdæmi Sýslumannsins á Selfossi. Maður hefði haldið að sýslumannsumdæmum á landinu bæri skylda til að gæta samræmis við ákvarðanatöku í ákvörðunum um saksókn, einkum

*Við teljum að ákvörðun sýslumannsins á Selfossi um að ákæra, hafi ekki bara verið hlutlægt og faglega séð röng heldur einnig sérlega kaldlynd og skeytingarlaus í okkar garð eins og sakir stóðu.*

í viðkvæmum málum á borð við okkar, þar sem atvik og aðstæður eru sérstakar. Ég held að óþarft sé að rekja í smáatriðum ástæðurnar fyrir því og læt nægja að vísa hér almennt til meginreglna stjórnsýslu- og stjórnskipunarréttar um jafnræði, sem einkum og sér í lagi þykir sérstök nauðsyn á að gætt sé í þaula í öllum aðgerðum yfirvalda sem varða sakamál. Er eðlilegt að bara sum umdæmi séu með strangari reglur en öll hin og ákæri í málum sem hin ákæri ekki í? Jafnvel bara eitt umdæmi?

Ég ákvað að leita á vef héraðsdómstóla að máli sem væri líkt okkar með það í huga að miðað við þann fjölda bílslysa sem yrðu á ári þá hlytu að fyrirfinnast fordæmi, þar sem einhver hefði slasast sem væri nákominn þeim sem talinn væri valdur að slysinu. Ég fann jú dæmi þar sem einhver tengdur þeim sem talinn var valdur að slysinu hafði slasast en það hafa þá í öllum tilvikum einhverjir slasast í hinum bílnum líka. Ég ítreka að það var ekki fyrir hendi í okkar tilviki. Ég fann ekkert mál sem líktist okkar máli en það skal tekið fram að einungis er hægt að leita að héraðsdómum á netinu frá árinu 2006.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 141/1999, frá 21. október 1999, má að mínu mati hafa til hliðsjónar þegar metin eru atvik í máli okkar. Í þessu máli voru atvik þannig að ákærði var að taka fram úr fólksbíl og 20 metra löngum vörubíl þegar árekstur varð með bíl hans og bíl sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður hins bílsins og farþegi í þeim bíl slösuðust töluvert í slysinu og einnig móðir ákærða, sem var með honum í bíl. Í ákærunni er málið sagt höfðað vegna meiðsla þeirra allra. Ákærði var sakfelldur bæði í héraði og með dómi Hæstaréttar og dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Ég vil benda sérstaklega á hér að í dómi Hæstaréttar er tekið fram að litið sé til þess við ákvörðun refsingar að móðir ákærða hafi slasast mikið.

Af þessu tel ég hægt að draga þá ályktun, þar til annað sannast, að það sé alls ekki vaninn að ákæra í svona málum. Ég vek athygli á ofangreindum hæstaréttardómi. Það er erfitt eða ekki hægt að bera gáleysi eins saman við gáleysi annars. Ég tel auk þess ekki þurfa að fara út í þá sálma. Ég bendi hins vegar sérstaklega á það að Hæstiréttur tekur sérstakt tillit til þess í dómi sínum hve mikið náinn ástvinur ákærða slasaðist. Ég tel að enda þótt þarna sé um að ræða sakfellingu af brotinu og þetta sjónarmið sé nefnt í samhengi við ákvörðun refsingar þá sé það til marks um áherslu dómstóla á því að tekið sé tillit til sjónarmiða á borð við þetta á öllum stigum málsmeðferðar sakamála.

### Í skjóli laganna

Með þessum skrifum ætla ég mér ekki að gera tæmandi grein fyrir máli okkar eða öllum sjónarmiðum okkar. Ég vil með þessu einungis reyna að vekja athygli á þeirri ákvörðun Sýslumannsins á Selfossi að ákæra manninn minn vegna slyssins sem við lentum í, ofan á allt annað sem við höfum þurft að ganga gegnum vegna þess á liðnum mánuðum. Fyrst og fremst vonumst við innilega til þess að þessi frásögn geti stuðlað að því að mál af þessum toga endurtaki sig ekki, hvort sem það myndi leiða af ákvörðunum eða afskiptum æðri yfirvalda á þessu sviði eða tímabærum sinnaskiptum þeirra sem fara að lögum með vald til að taka slíkar ákvarðanir.

Við teljum að ákvörðun sýslumannsins á Selfossi um að ákæra, hafi ekki bara verið hlutlægt og faglega séð röng heldur einnig sérlega kaldlynd og skeytingarlaus í okkar garð eins og sakir stóðu. Líkt og ofar greinir getum við ekki séð hvaða rök eða hvatir geta mögulega hafa legið þarna að baki hjá sýslumanni. Sérstaklega á það við ef horft er til ofangreindra lagareglna sem voru fyrir hendi og er einmitt ætlað að veita honum lögbundin úrræði til að fást við slík sérstök tilfelli. Við bendum aftur á að við fáum með engu móti séð hvaða almannahagsmunir eða almennu refsivörslusjónarmið geti hugsanlega gert ákæru óhjákvæmilega í svona tilvikum og ítrekum þá jafnframt enn bæði að enginn slasaðist í slysinu nema við sjálf.

Í tilvikum sem þessum er rétt að stjórnvöld, sem hafa þá skyldu fyrst og fremst að framfylgja lögum, spyrji sig: hverjum er lögunum ætlað að þjóna, hverja eiga þau að vernda? Eins og atvik voru teljum við að fullt tilefni hafi verið til að spyrja þessarar spurningar í máli okkar. Við efumst hins vegar um að henni hafi skotið upp í huga sýslumanns. Og engu breytti þó við og aðrir leituðumst við að koma honum í skilning um aðstæður okkar.

Ég veit þannig ekki hvort eða hvernig sýslumaður hefur með sjálfum sér svarað þessari spurningu áður en hann ákvað að gefa út ákæru í máli okkar. Það eina sem ég veit er hvert svar hans varð, þegar ég leitaði til hans sem laganna varðar í sinni sýslu og þess eina sem hafði valdið, en það var okkur báðum ljóst, til að taka ákvörðun af eða á í málinu. Ég höfðaði í einlægni til hans, eða öllu heldur laganna sem honum bar að gæta, fyrir hönd mína og mannsins míns.

Svar hans var: Nei.

*Höfundur er lögfræðingur.*


















4ra rétta tilboð
og nýr A la Carte

**Léttreiktur lax** með granateplum og wasabi sósu
**Tom Yum súpa** með grilluðum tígrisrækjum
**Kryddlegin dádýralund** með seljurótarsósu
**Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu

6.290 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.680 kr.*



PERLAN
Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Ofnbakaður fiskur er í uppáhaldi hjá Áslaugu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fiskur minnst tvisvar í viku

***Áslaug Traustadóttir snyrtifræðingur kann sitt fag þegar kemur að eldamennsku.***

Uppáhaldsréttur Áslaugar er ofnbakaður fiskur en henni þykir fiskur afskaplega góður og er hann á borðum minnst tvisvar í viku á heimili hennar. Ekki er verra að maður Áslaugar er sjómaður og því alltaf nóg til af fiski á heimili þeirra. „Mér þykir skemmtilegt að elda fjölbreytta rétti úr fiski. Oftast reyni ég að nota þorsk, enda í miklu uppáhaldi en ýsan klikkar líka sjaldan,“ segir Áslaug.

Ofnréttur Áslaugar er alls ekki flókinn að gerð og í raun sáraeinfaldur. Í ofnréttinn notar Áslaug fimm hundruð grömm af þorski, eitt stykki rauðlauk, eina eða hálfa krukku af fetaosti, ferska sveppi, brokkólí, hvítlauks-smurost, niðursoðin hvítlauksrif, rifinn ost, einn tómat, einn poka af hrísgrjónum og tvo desilítra af mjólk.

Hrísgrjónin eru soðin og látin þekja botninn á eldfasta mótinu. Þorskurinn er saltaður og skorinn í bita sem eru lagðir ofan á hrísgrjónin. Rauðlaukurinn er skorinn niður ásamt brokkólíinu, sveppunum og hvítlauksrifjunum. Öllu þessu er komið fyrir ofan á fiskinum og vel dreift úr því. Smurostinn á að setja í pott ásamt mjólkinni og hann látinn þynnast út svo úr verði sósa. Sósunni er svo hellt yfir allt það sem er þegar er komið ofan í eldfasta mótið og skal passa að dreifa henni vel. Svo er rifna ostinum stráð yfir allt saman og tómaturinn skorinn í þunnar sneiðar og þær lagðar ofan á ostinn.

Eldfasta mótið er sett inn í ofn á tvö hundruð gráðum og látið vera þar í tuttugu og fimm mínútur. Með ofnbakaða fiskinum ber Áslaug oftast fram hvítlauksbrauð og ferskt salat.

*mikael@frettabladid.is*


nýr matseðill
...og kroppurinn blómstrar



Sushi
SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI

202. Ferskt Nings Sushi 6 bitar.
203. Ferskt Nings Sushi 10 bitar.
204. Ferskt Nings Sushi 30 bita veislubakki.
205. Ferskt Nings Sushi 50 bita veislubakki.
Ath! Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara.

MSG
LO SALT
TRANS FITA

NINGS

www.nings.is
SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899

**Vínglas** með grillmatnum er gott fyrir góða skapið. Vínið verður betra ef það fær að anda í nokkrar mínútur áður en þess er neytt.



HÁDEGI / KVÖLD VEISLUR / FUNDIR

VEISLA
UM VEISLU
TIL VEISLU
Í GÓÐUM
VEISLU**SAL**



ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

DOMO

# Kryddaðar strútsbringur

***Grilltíðin er hafin með hlýnandi veðri og ilminn af kræsingunum leggur yfir stræti og torg.***

Strútsbringur, hjartarkótilettur og dádýr eru ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar kemur að grillmat en allt bragðast þetta ljómandi vel.

„Fólk er svolítið fast í þessu hefðbundna grillkjöti en hingað getur fólk komið með alls konar óskir,“ segir Valdimar Sveinsson verslunarstjóri í Galleríi Kjöti og fiski á Dalvegi en þar er hægt að panta framandi kjöt. Valdimar segir strútsbringur og hjartakjöt útvalsmat að grilla en kjötið af strútnum er rautt og er matreitt eins og annað rautt kjöt.

„Alla jafna erum við ekki með þessar framandi vörur í borðinu en þær er hægt að panta hjá okkur með smá fyrirvara ef fólk vill prófa eitthvað nýtt. þá getum við útvegað ýmislegt spennandi og hanterað kjötið svo það er tilbúið á grillið.“

Auk þess að geta útvegað óhefðbundinn grillmat er Valdimar með úrval af tilbúnum réttum á grillið sem kryddaðir eru eftir kúnstarinnar reglum. Hann segir verslunina leitast við að bjóða upp á eitthvað sérstakt sem ekki fæst annars staðar og fólk þurfi lítið að hafa fyrir.

„Við erum búin að liggja yfir því í allan vetur að hanna marineringar og fyllingar sem við bjóðum upp á í sumar,“ segir Valdimar. „Við leggjum upp úr því að hafa matinn sem heilnæmastan. Við notum ferskar kryddjurtir og réttar olíur í kryddlegina og reynum að sniðganga öll rotvarnarefni til að mæta kröfum neytandans um að fá þetta fljótlegt en hollt líka.“

*heida@frettabladid.is*



Valdimar Sveinsson hjá Galleríi Kjöti hvetur fólk til að prófa nýjungar á grillið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Tilbúin spjót af lamba- eða grísakjöti marineruð eftir innanbúðar uppskrift Gallerís Kjöts



Ljúffengur humar í hvítlauksolíu tilbúinn á grillið. Grillaður humar er tilvalinn forréttur í grillveisluna.



Marineraðar strútsbringur eru herramanns matur að grilla en þær þarf að panta með fyrirvara.

Ekta fiskur

Ekta réttir
NÝJUNG

Sérfræðingar í saltfiski

Fyrir verslanir, veitingahús, mötuneyti og stóreldhús, til suðu eða steikingar

- Saltfiskbitar, blandaðar stærðir
- Saltfiskhnakkar, tvær stærðir (lomos)
- Saltfiskkurl
- Gellur
- Gollaraþunnildi
- Ýsuflök og -hnakkar
- Steinbítskinnar og -bitar
- Þorskhnakkar
- Rækjur

Einnig frábært úrval tilbúinna rétta frá **Ekta réttum**, kíkið á vörulistana á netinu!

PÖNTUNARSÍMI:
466 1016
www.ektafiskur.is

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 • VIÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRAÐI - LOCALFOOD

LOXINS FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
Finnbogi og Ari - Láttu þá koma
LOXINS - LOXINS - STUÐ, STUÐ
RAIN
Reykjanesbæ • Hafnargötu 10 • s: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is

Við erum í svo **miklu vorskapi** að við ætlum að ljóstra upp leyndarmálinu okkar bakvið **Eika Feita-borgarann!**

McCain

UPPSKRIFTIN

ómótstæðilegt.



EIKI FEITI
Barðastöðum 1 - 5
S: 517 - 0667
www.eikifeiti.is

EF UPPSKRIFTIN HEPPNAÐIST EKKI HJÁ ÞÉR ÞÁ ERTU ALLTAF VELKOMIN TIL OKKAR!

## Hagnýt ráð

HANDBÓK UM MATARÆÐI ALDRAÐRA ER KOMIN ÚT Á VEGUM LÝÐHEILSUSTÖÐVAR.



Handbókin á að auðvelda þeim sem elda fyrir eldra fólk að bjóða því upp á hollan og ljúffengan mat. Þar eru hagnýtar upplýsingar um samsetningu mataræðis fyrir aldraða, hráefnaval, matreiðsluaðferðir, gerð matseðla, næringarfræði almennt, hreinlæti og innkaup.

Fæði sem öldruðum stendur til boða hefur áhrif á heilsu þeirra og líðan. Maturinn þarf ekki aðeins að uppfylla kröfur um næringargildi heldur skiptir ekki síður máli að hann sé bragðgóður og lystugur og fallega fram borinn.

Öldruðum, sem eru við góða heilsu og hreyfa sig daglega, hæfir yfirleitt fæði þar sem tekið er mið af ráðleggingum manneldisráðs um mataræði. Hætta á næringarskorti eykst hins vegar ef matarlyst minnkar. Við slíkar aðstæður þarf að gera sérstakar og oft einstaklingsbundnar ráðstafanir.



**Sjónvarpsgláp** er hollt um helgar. Settu tærnar upp í loft með góðan púða við bakið og horfðu á sjónvarpið um helgina.

# Safnamenn rykfalla ekki

***Eyfirski safnadagurinn verður haldinn á morgun með tilheyrandi safnarútum, pönnsum og smámunum.***



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Kristín Sóley Björnsdóttir á Minjasafninu á Akureyri, en þangað geta gestir komið með dýrgripi að heiman og látið sérfræðinga safnsins greina fyrir sig á eyfirska safnadeginum sem fram fer vítt og breitt um Eyjafjörð á laugardag.

„Þetta er í annað skipti sem eyfirski safnadagurinn er haldinn, en að honum var gerður góður rómur í fyrra. Í Eyjafirði er afar fjölbreytt og áhugaverð safnaflóra og alls munu sautján söfn og sýningar bjóða fólki heim,“ segir Kristín Sóley Björnsdóttir, kynningarfulltrúi á Minjasafninu á Akureyri, sem hefur haft í nógu að snúast í vetur.

„Það er algengur misskilningur að safnamenn sitji og rykfalli utan mesta annatíma sumarsins. Í lögboðnu starfi safna felst skráning og móttaka muna, húsakannanir, þátttaka í ýmsum viðburðum, undirbúningur viðburðadagskrár sumars og ekki síst móttaka skólabarna af öllum skólastigum,“ upplýsir Kristín Sóley, en áhersla eyfirska safnadagsins nú er einmitt kynning á innra starfi safnamanna.

„Á safnadegi verður hægt að skyggnast bak við tjöldin og sjá hvernig innra starf fer fram. Hingað á Minjasafnið geta gestir komið með gersemar að heiman til að láta sérfræðinga safnsins greina og geta þá komist að því hvort hluturinn er ævaforn og merkilegur með eindæmum; eitthvað sem safnið gæti hugsanlega falast eftir í framtíðinni. Þeir sem heimsækja Byggðasafnið Hvol á Dalvík fá að fylgjast með hvernig safnmunir eru skráðir í miðlæga gagnagrunninn Sarp sem öll stærri söfn nýta sér, og í gamla torfbænum að Laugaási verður sýnikennsla á torfþökum, enda sífellt sem þarf að dytta að bænum, eins og á öðrum heimilum. Á Síldarminjasafni Íslands á Siglufirði vinna bátasmiðir að sýningarbátum, en allt er þetta eðlilegur hluti af safnastarfi; að huga að safnkostinum svo hann drabbist ekki niður,“ segir Kristín Sóley sem hlakkar mjög til laugardagsins.

„Á safnadeginum verður listflug yfir Eyjafirði, kvikmyndasýning, upplestur grunnskólastúlkna í Nonnahúsi, leiðsagnir á Listasafninu á Akureyri, Iðnaðarsafninu og Amtsbókasafninu, og frásagnir í öllum skáldahúsunum; Nonnahúsi, Davíðshúsi og Sigurhæðum,“ segir Kristín Sóley sem helst langar að skella sér í safnarútu og halda á vit ævintýranna í Eyjafirði.

„Safnarúturnar eru ótrúlega spennandi. Þær fara í ólíkar áttir; önnur vestan megin í fjörðinn með stoppi á Árskógssandi fyrir þá sem vilja skoða Hús hákarla-Jörundar og Ölduhús í Hrísey, fara svo á Byggðasafnið á Dalvík, Náttúrugripasafnið í Ólafsfirði og Síldarminjasafnið og Þjóðlagasetrið á Siglufirði. Hin rútan fer fram í fjörð á Smámunasafnið, Safnasafnið og að Laugaási þar sem boðið verður upp á kaffi, kökur og pönnsur. Safnastrætó verður svo á ferðinni milli safna hér á Akureyri og alls staðar verða menntaðir leiðsögumenn sem segja frá sögu, landslagi og listum.“

*thordis@frettabladid.is*

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

Opið hús og vorsýning
**Kvöldskóla Kópavogs**

**2008**

verður sunnudaginn 4. maí
kl. 13 til 17
í Snælandsskóla v/ Furugrund

Bókband
Glerbrennsla
Crazy Quilt
Fatabreytingar
Fatasaumur
Þjóðbúningagerð
Frístundamálun
Skrautritun
Silfursmíði
Trésmíði
Útskurður
Baldering
Matreiðsla

*Allir velkomnir!*



# FÖSTUDAGUR

2. MAÍ 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS



Fangarnir á Kvíabryggju eru hugmyndasmiðir fatalínunnar Made in Jail

## DÓRA TAKEFUSA

Opnar Jolene á nýjum stað

# Yesmine Olsson

## Lætur ekkert stoppa sig

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Þorfinnur Ómarsson í Íslandi í dag*



„Það er vissara að vera í góðu formi, því allan laugardaginn ætla ég að spila fótbolta á hinu árlega og einstaklega skemmtilega árgangamóti hjá Fram. Þetta mót er algjör snilld, ekki síst nú þegar félagið fagnar aldarafmælinu. Á laugardagskvöldið verð ég svo á sýningu á „Systrum“ í Iðnó, þar sem Ástrós og Lára Stefánsdóttir heilla áhorfendur upp úr skónum, með fótafimi sinni og kynþokka.

Á sunnudaginn ætla ég svo að sýna lit og fara yfir stöðuna hjá syni mínum, sem glímir við hin alræmdu samræmdu próf. Hann þarf auðvitað ekkert á mér að halda, en maður er þó í það minnsta til taks,“ segir Þorfinnur Ómarsson þáttastjórnandi í Íslandi í dag.

# Vala er búin að selja

Fyrir nokkrum vikum birti Föstudagur innlit hjá sjónvarpskonunni Völu Matt en hún var að selja glæsiíbúð sína á Strandvegi í Garðabæ. Nú er Vala búin að selja íbúðina. Kaupandinn er Gunnar Thoroddsen, framkvæmdastjóri Landsbankans í Lúxemborg, en hann hefur gegnt því starfi frá því 2004. Áður var hann forstöðumaður Sértækra útlána og framkvæmdastjóri Hamla, dótturfélags Landsbankans. Það er ekkert skrítið að Gunnar hafi fallið fyrir íbúðinni því hún er búin öllum þeim lúxus og þægindum sem völ er á. Hvítar sprautulakkaðar innréttingar, hvíttuð eik á gólfum og glerveggir einkenna íbúðina sem er 120 fm. Það ætti því ekki að væsa um Gunnar og eiginkonu hans, Auði Stefánsdóttur, þegar þau dvelja á Íslandi með fjölskyldu sína.



Gunnar Thoroddsen



Vala Matt

## fréttir

### A-BA-NI-BI

Eurobandið, með þau Friðrik Ómar og Regínu Ósk í fararbroddi, hefur sent frá sér lagið A-Ba-Ni-Bi sem verður á fyrstu plötu sveitarinnar sem kemur í búðir á næstu dögum. Er því ætlað að fylgja eftir vinsældum This Is My Life. Tuttugu ár eru liðin síðan Ísraelar unnu Eurovision í fyrsta sinn með A-Ba-Ni-Bi og spurningin er hvort Eurobandið sé þarna að senda út skilaboð um að fyrsti sigur Íslands sé mögulega í vændum. Þess má geta að eftir að Ísraelar brutu ísinn árið 1978 unnu þeir einnig Eurovision árið eftir með laginu Hallelujah...



### ER ÞJÓÐIN SMEKKLEG EÐA EKKI?

Svarið við spurningunni verður opinbert í næstu viku þegar þjóðin fær kost á að velja sigurvegarann í sjónvarpsþættinum Hæðin, sem sýndur hefur verið á Stöð 2 í vetur. Hingað til hefur valdið verið í höndum dómnefndarinnar sem skipuð er af arkitektunum, Kristínu Guðmundsdóttur, Hallgrími Friðgeirssyni og Þorvaldi Skúlasyni, en nú fær þjóðin að ráða og verður spennandi að sjá hver útkoman verður. Það er eins gott að velja rétt því sigurparið fær tvær milljónir í vinning.



*Fangarnir á Kvíabryggju eru hugmyndasmiðir fatalínunnar Made in Jail*

# Prenta á boli og koma endurbættir út í samfélagið

Fyrstu afurðir fatalínunnar Made in Jail eru að koma á markað en það sem er sérstakt við fatalínuna er að hún er upprunnin hjá föngum á Kvíabryggju. Hluti fatalínunnar er hannaður og framleiddur af föngum á Kvíabryggju.

Það að láta fanga hanna föt er hugmynd sem kviknaði á Litla-Hrauni árið 2002 en síðan þá hefur hugmyndin verið í þróun. „Fangana langaði að skapa sér atvinnutækifæri meðan þeir sætu inni og þá kom upp sú hugmynd að prenta myndir og slagorð á boli,“ segir Áróra Gústafsdóttir, framkvæmdastjóri Brimarhólms, sem stendur á bak við Made in Jail. Þegar búið var að móta hugmyndina fór hún á fund með Fangelsismálastofnun og í framhaldinu var ákveðið að hefja verkefnið. Brimarhólmur kostar framleiðsluna en Fangelsismálastofnun leggur til vinnuaðstöðu. „Það er einn fangi sem er núna á Kvíabryggju sem er mikill listamaður í sér og hefur virkað hvetjandi á hina fangana,“ segir Áróra og bætir því við að markmiðið með verkefninu sé að gera fangana að betri mönnum. „Það eru alls konar verkefni sem fylgja svona litlu verkefni og það er hvetjandi fyrir fangana. Það er mikilvægt fyrir þá að lifa sem eðlilegustu lífi meðan þeir sitja inni. Það að vakna á morgnana og fara að vinna er ansi erfitt fyrir marga. En með verkefninu verða þeir vonandi betur í stakk búnir til að takast á við dagleg störf þegar þeir losna.“ Í dag er verkefnið eingöngu unnið á Kvíabryggju en í framtíðinni vonar Áróra að hægt verið að prenta á boli og sinna fataframleiðslunni í fleiri fangelsum.

Fatalína fanganna verður eingöngu seld á heimasíðunni www.inmate.is en í haust munu verslunin Brim og erlendar verslanir hefja sölu á afleiddri vöru sem er meiri tískulína. „Það kemur til af því að það spruttu svo margar hugmyndir tengdar þemanu þegar farið var að vinna með það,“ segir Áróra, sem fer með fatalínuna á sölusýningar í Kaupmannahöfn, Berlín og London og þá verður spennandi að sjá hvort hugmynd íslensku fanganna að fatalínu verði að erlendri tískuvöru.

*martamaria@365.is*



Áróra Gústafsdóttir



Spessi ljósmyndari, eiginmaður Áróru, myndaði fatalínuna fyrir bækling. Á myndinni klæðist grafíski hönnuðurinn AC Banana$ nýjustu afurðum Made in Jail en hann hefur unnið að framleiðslunni með Áróru, Jette Jonkers og Bobby Breiðholt.

### DÓRA DÚNA OG DÓRA TAKEFUSA ERU Á FULLU Í FRAMKVÆMDUM

# Jolene opnar 8. maí

„Við erum á milljón að vinna í breytingunum á staðnum,“ segir Dóra Takefusa en hún stefnir að því að enduropna barinn Jolene 8. maí á Flæsketorvet 81 á Vesterbro ásamt meðeigenda sínum, Dóru Dúnu Sighvatsdóttur. Hún segir að þær ætli ekki að gera neinar róttækar breytingar heldur verði þær með sömu stemningu, sama útlit og sömu tónlist, bara á öðrum stað. Jolene vakti mikla athygli þegar hann opnaði á Norðurbrú og danska pressan gaf staðnum toppeinkunn. Þegar Dóra er spurð að því hver sæki Jolene þá segir hún að níutíu prósent gestanna séu Danir. „Þetta eru meira og minna fastakúnnar sem eru svona jaðar listaspírur, fólk úr tískubransanum, tónlistarfólk og leikarar.“ Nýi staðurinn er í iðnaðarhverfinu við Istedgade en í hverfinu er að myndast blómlegt samfélag með smart börum, hönnunarverslunum og veitingastöðum. „Það voru 300 fyrirtæki sem sóttu um plássið sem við fengum. Við vorum mjög heppnar að fá þetta pláss því við þurftum ekki að borga fyrir leigusamninginn eins og tíðkast í Danmörku,“ segir Dóra. Spurð að því af hverju tvær íslenskar stelpur frá Reykjavík haldi til Danmerkur til að opna bar segir hún að þetta hafi fyrst og fremst verið til að skapa þeim sjálfum atvinnu. „Í janúar í fyrra fórum við í pílagrímsferð til Danmörku. Við skoðuðum hverfin og alla barina og tókum þá ákvörðun að opna bar sem væri í okkar anda því við vorum ekkert að fíla staðina hérna,“ segir Dóra Takefusa alsæl í Danmörku.

*martamaria@365.is*



Dóra Dúna og Dóra Takefusa kunna vel við sig í Danmörku enda hefur þjóðfélagið tekið þeim opnum örmum og vinsældir Jolene hafa ekki farið framhjá neinum.


## FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
**Forsíðumynd** Arnþór
**Blaðamenn**
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
Alma Guðmundsdóttir
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Guðný Gunnlaugsdóttir
*gunnyg@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000




the PIER

**Full búð af freistandi tilboðum**

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00



# Vordögg á Vox

**Kokkteillinn vordögg og er eftir Stefán Ólafsson barþjón á VOX bar á Hilton. Taktu fram kokkteilhristarann og gerðu þína eigin Vordögg heima hjá þér.**

Smirnoff 4 cl
Créme de Cassis 1,5 cl
hnetusýróp 1 cl
Nýkreistur sítrónusafi 1 cl
Angostoura bitter 3 dropar
myntulauf af einum stöngli

Allt sett í kokkteilhristara með miklum klaka og hrist kröftuglega. Síðan er klakinn og myntulaufin síuð frá, blöndunni hellt yfir mulinn ís og fyllt upp með engiferöli. Skreytt með jarðarberi, blæjuberi og myntu, eða öðrum fögrum skrautmunum.

*Hljómsveitin Skítamórall er ekki dauð úr öllum æðum*

# Taka upp þráðinn á 10 ára afmælinu

Hljómsveitin Skítamórall er í þann mund að fara aftur af stað eftir tveggja ára hlé. „Við munum taka upp tvö ný lög um miðjan maí en tökum stefnuna ótrauðir á haustmánuðina. Við erum nú þegar bókaðir út september og október, en þá verðum við meðal annars að spila á Nasa, Hvíta húsinu Selfossi og Sjallanum á Akureyri,“ segir Arngrímur Fannar Haraldsson, betur þekktur sem Addi Fannar. Skítamórall hefur átt ófáa slagarana en þeirra vinsælastur er án efa lagið Farin. „Við fengum tölvupóst frá Einari Bárðar nýlega þar sem stóð „til hamingju með daginn strákar“. Við vorum ekki alveg að fatta hvað hann var að meina þangað til við uppgötvuðum að það eru akkúrat tíu ár liðin síðan Farin var gefið út, árið 1998. Þá frumfluttum við lagið í beinni útsendingu í þættinum 19/20 á Stöð 2, daginn fyrir skírdag. Í kjölfarið hittumst við á Salatbarnum og ákváðum að það væri komin tími til að fara að spila á ný,“ segir Addi Fannar. Aðdáendur Skítamórals munu þó ekki þurfa að bíða alveg fram á haust eftir að sjá hljómsveitina spila því þeir munu taka forskot á sæluna á Selfossi 17. maí. „Þegar við vorum beðnir sérstaklega um að koma fram á 10 ára afmælishátíð sveitarfélagsins Árborgar rann okkur blóðið til skyldunnar og við gátum ekki neitað, þar sem við erum nú allir frá Selfossi,“ segir Addi Fannar að lokum og hvetur sem flesta til að kíkja á nýja Myspace-síðu sveitarinnar: www.myspace.com/skitamorall.



Arngrímur Fannar Haraldsson, Gunnar Ólason, Herbert Viðarsson og Jóhann Bachmann eru ennþá í stuði þótt tíu ár séu síðan þeir slógu í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


Topp 20 SKÍFULISTINN Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land. Listinn gildir 2-8 Maí 2008

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Hjaltalín | ↑ | Sleepdrunk Seasons |
| 2 | Bloodgroup | ↑ | Sticky Situation |
| 3 | Páll Óskar | ↓ | Allt fyrir ástina |
| 4 | Gus Gus | ↑ | Forever |
| 5 | Mugison | ↓ | Mugiboogie |
| 6 | Einar Scheving | ↑ | Cycles |
| 7 | Sverrir Bergmann | N | Bergmann |
| 8 | R.E.M | ↓ | Accelerate |
| 9 | Ellen Kristjánsdóttir | A | Einhversstaðar einhverntíma |
| 10 | Disella | A | Solo Noi |
| 11 | Benny Crespo´s Gang | A | Benny Crespo's Gang |
| 12 | Hjálmar | A | Ferðasót |
| 13 | Ýmsir | A | Femin 2008 |
| 14 | Ýmsir | ↓ | Pottþétt 45 |
| 15 | Sigurður Flosason | N | Blátt ljós |
| 16 | Radiohead | ↓ | In Rainbows |
| 17 | Sigur Rós | A | Takk |
| 18 | Sprengjuhöllin | ↓ | Tímarnir okkar |
| 19 | Bergþóra Árnadóttir | A | Heildarútgáfa |
| 20 | Muse | – | Haarp |

VINSÆLASTA DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Bee Movie |
| 2 | Enchanted |
| 3 | I Am Legend |
| 4 | Doddi þættir 9-16 |
| 5 | Ratatouille DVD |
| 6 | Jungle Book 2 |
| 7 | Assassination of Jesse James |
| 8 | Atonement |
| 9 | Doddi þættir 1-8 |
| 10 | High School Musical 1 |
| 11 | We Own the night |
| 12 | Jungle Book - Ísl.tal |
| 13 | Sydney White |
| 14 | Mannaveiðar |
| 15 | Planet Earth Box (5 discs) |
| 16 | Charlottes Web |
| 17 | 101 Dalmatians PE |
| 18 | Gulla og Grænjaxlarnir 3 |
| 19 | Lotta flytur að Heiman |
| 20 | Brave One |




S·K·Í·F·A·N

# DECUBAL

## KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

- Húðin okkar er viðkvæm og veðráttan á Íslandi getur verið húðinni erfið.
- Decubal er mjög vel rannsökuð húðlína og þróuð í samvinnu við norræna húðlækna.
- Decubal viðheldur heilbrigði og ferskleika húðarinnar – allt árið um kring.
- Kynntu þér eiginleika Decubal og kveddu þurra húð.




## KAUPAUKI

**Glæsileg rauð snyrtitaska fylgir ef keypt er fyrir 2500 kr. eða meira.**

**Tilboðið gildir til 10. maí eða meðan birgðir endast. ***

Decubal húðvörurnar fást í öllum apótekum.

*Vörur fylgja ekki með



*Selekzion er ný partílína frá Nikita*

# Glamúrföt sem fara illa á herðatré

Á dögunum leit ný lína dagsins ljós hjá íslenska fatafyrirtækinu Nikita. Rúnar Ómarsson, eigandi fyrirtækisins, segir að línan hafi orðið til vegna sköpunargleði fatahönnuðanna sem starfa hjá Nikita. „Nikita Selekzion-línan varð til úr sniðum og flíkum sem hönnuðir Nikita voru að leika sér með, stundum á föstudegi þegar verið var að fara út að djamma eða dressa sig upp af einhverju tilefni og þörfin fyrir eitthvað alveg nýtt spratt upp. Þetta gerist iðulega hjá fatahönnuðum rétt áður en þeir eiga að mæta í partí! Þessi þörf gerir líka vart við sig hjá stelpunum sem kaupa reglulega föt úr Nikita Streetwear-línunni og því eðlilegt að bjóða þeim að eignast þessar flíkur fyrir sínar bestu stundir. Ástæðan fyrir að við höfum sérnafn á línunni er til að undirstrika að hún er sér-konsept í sjálfu sér, sérvaldir stílar til að nota við sérstök tækifæri, fáanleg í takmörkuðu magni í sérvöldum búðum,“ segir Rúnar. Í Selekzion-línunni er meira partí og meira djamm en tíðkast hjá Nikita og línan er full af ófyrirsjáanlegum sniðum, sem eru jafnvel óhentug á herðatré en líta þeim mun betur út á fólki. „Það er mikið er um „tone on tone“ (litur á lit) prent, til dæmis svört grafík á svörtu efni, og önnur smáatriði sem poppa upp við réttar aðstæður. Við notum mikið svarta og gráa tóna í grunninn í bland við mjög bjarta liti og „metal print“ til dæmis svört flík með svörtu prenti, silfruðum „detailum“ og skærlitar leggings með. Línan er hönnuð til að líta vel út á kvöldin og fram á morgun en fer ekki vel saman með múslí og kaffi á morgnana nema þú sért þá komin með rétta varalitinn og auðvitað í réttu skónum,“ segir hann.

*martamaria@365.is*










G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Flottust

Opið
föstudag 11-18.30
laugardag 11-18
sunnudag 13-17

g-star.com

© 2008 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

ROLF
BENZ




      

# ego sýning

...sérfræðingur frá ROLF BENZ gefur ráð

**föstudag, laugardag og sunnudag**

Ef þú kemur með málin
þá teiknar hann upp rýmið
og hjálpar þér að setja saman
sófann sem hentar í þitt rými.

Reykjavík / Oslo

exó

Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

*Yesmine Olsson er landsþekkt sem dansari, danshöfundur og einkaþjálfari. Frá níu ára aldri vissi hún hvað hún vildi gera og fór sínar eigin leiðir til að láta drauminn rætast. Í viðtali við Ölmu Guðmundsdóttur segir Yesmine frá bókaútgáfunni, móðurhlutverkinu, móðurmissinum og framtíðaráformum sínum.*



Líf Yesmine hefur verið ævintýri líkast. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt en með jákvæðu hugarfari og dugnaði hefur henni tekist það sem hún ætlar sér. MYNDIR/ARNÞÓR

# Lætur ekkert stoppa sig

Yesmine Olsson á rætur að rekja til Srí Lanka en kom til Íslands frá heimalandi sínu Svíþjóð fyrir níu árum til að vinna sem einkaþjálfari. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og Yesmine hefur unnið að verkefnum sem hana óraði ekki fyrir. Í dag er hún trúlofuð Arngrími Fannari Haraldssyni, sem er betur þekktur sem Addi Fannar úr Skítamóral, og á með honum dótturina Ronju Isabel og fóstursoninn Harald Fannar sem er níu ára. En vissi hún alltaf hvað hún ætlaði sér að verða í framtíðinni? „Það er svolítið skondið en þegar ég var níu ára og sá Thriller-myndbandið með Michael Jackson vissi ég nákvæmlega hvað ég vildi gera. Ég hafði alltaf elskað að dansa og fór nú að sinna því áhugamáli enn betur, útvegaði mér búning og þegar ég var sextán ára bjó ég til atriði sem vann stærstu hæfileikakeppni Svíþjóðar. Í kjölfarið byrjaði ég að fara frá Helsingjaborg yfir til Kaupmannahafnar og sýndi atriðið mitt á Strikinu það sumar. Það var mjög skemmtilegur tími, ég kynntist mörgu hæfileikafólki og fékk fljótlega vinnu með einum vinsælasta danshópi Danmerkur. Þá var boltinn farinn að rúlla og áður en ég vissi af var ég komin til Englands og bauðst vinna sem danshöfundur Backstreet Boys,“ segir Yesmine um upphaf dansferilsins. Hreyfing og íþróttir voru alltaf stór hluti af lífi Yesmine og að eigin sögn gat hún aldrei setið kyrr sem krakki. „Einhvern veginn tók ég alltaf íþróttirnar fram yfir námið. Ég æfði fótbolta og fimleika þangað til dansinn tók við svo það var eðlilegt framhald að læra einkaþjálfun til að hafa fasta vinnu meðfram öðrum verkefnum,“ segir hún en Yesmine hefur meðal annars unnið með keppendunum í Idol, X-Factor, Ungfrú Reykjavík og Ungfrú Íslandi.

### Matreiðslan heillar

Á ferðalögum sínum sem dansari var Yesmine undir miklu álagi. Það leiddi til þess að hún veiktist og lenti á spítala með magasár. „Ég vann langt fram á kvöld og leyfði mér að borða nánast hvað sem er því ég hreyfði mig svo mikið og maturinn sem var í boði var ekki sá hollasti. Það var algjör vakning fyrir mig að takast á við þessi veikindi og þurfa að hugsa alvarlega um mataræðið. Það var þá sem ég ákvað að læra einkaþjálfun og tók sex mánaða nám í næringarfræði. Ég fór líka sjálf að æfa af miklum krafti og þegar ég var komin í mjög gott form ákvað ég að taka það alla leið og keppa í fitness. Ég lenti í topp tíu á stærsta fitness-mótinu í Svíþjóð nokkur ár í röð en aðalmálið fyrir mig var nú samt alltaf að hafa ástæðu til að halda mér í formi. Fyrir tveimur árum var mér meðal annars boðið á mót í Malasíu og Las Vegas.“

Yesmine hélt upp á tíu ára afmæli sitt sem einkaþjálfari í hittifyrra með útgáfu hinnar glæsilegu matreiðslubókar Framandi og freistandi – létt og litrík matreiðsla. „Ég hef oft ætlað að hætta að starfa sem einkaþjálfari, en ég er með svo góða viðskiptavini og líður svo vel hjá Dísu og Bjössa í World Class að ég held alltaf áfram,“ segir Yesmine og brosir. „Það hentar líka vel að vera einkaþjálfari með öðrum verkefnum sem ég tek að mér, því þá er ég yfirleitt að þjálfa fyrri partinn og er svo með æfingar fyrir hinar ýmsu sýningar seinni partinn eða á kvöldin.“

### Kláraði bókina rétt fyrir fæðinguna

Þegar Yesmine fékk hugmyndina að sinni fyrstu matreiðslubók ráðfærði hún sig strax við fólk sem hún treysti. Eftir mikla hvatningu og aðstoð ákváðu hún og Arngrímur að stofna eigið útgáfufyrirtæki og gefa bókina út sjálf. „Þetta hefði aldrei orðið að veruleika hefði ég ekki haft svona gott fólk í kringum

**UPPSKRIFT AÐ GIRNILEGUM OG SVALANDI SUMARDRYKK**

*STING* (grænn drykkur)
- myntulauf
- safi af einu lime
- ½ eða 1 grænt chili-aldin (steinhreinsað)
- 2 dl ananassafi
- mulinn ís
- allt sett í blandara

**Í HNOTSKURN**

*Besti tími dagsins:* Snemma morguns ef það er sólskin, annars er ég mest skapandi seint á kvöldin.
*Bíllinn minn er:* Svartur Nissan X-trail.
*Uppáhaldsmaturinn:* Íslenskt lambakjöt.
*Skyndibitinn:* Tommaborgari.
*Diskurinn í spilaranum:* Duffy/Madonna.
*Uppáhaldshúsgagnið:* Lampi frá afa.
*Hvers gætir þú ekki verið án?* Fjölskyldunnar og iPodsins.
*Hvenær ertu hamingjusömust?* Þegar ég á rólega helgi heima.
*Dekrið:* Að vera í sveitinni hjá Klöru og Halla tengdaforeldrum mínum og dýrunum.
*Mesti lúxusinn?* Að geta ferðast eins mikið og ég geri.
*Hverju myndirðu sleppa ef þú þyrftir að spara?* Ég myndi sleppa bílnum og hjóla í vinnuna.


**Laxveiðar í eyðimörk, hverjum dettur það í hug?**

„Skemmtileg og vel heppnuð.“
Sunday Telegraph

„Undraverð frumraun.“
Daily Mail

„Heillandi saga um ófyrirséðan hetjuskap og síðbúna ást.“
Daily Express

„Dásamleg saga.“
Marina Lewycka, höfundur bókarinnar
Stutt ágrip af sögu traktorsins á úkraínsku




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

mig. Það er kostnaðarsamt og tímafrekt að gefa sjálf út bók, en með þeim mikla stuðningi sem ég fékk borgaði útgáfan sig,“ segir Yesmine. „Áslaug Snorradóttir ljósmyndari átti stóran þátt í því að gera bókina að því sem hún er, því ég vildi alltaf hafa bókina litríka og þar spila myndirnar stórt hlutverk.“

Yesmine gekk með sitt fyrsta barn á meðan hún skrifaði bókina. Dóttir hennar ákvað hins vegar að koma fyrr í heiminn en áætlað var og Yesmine var því undir töluverðu álagi þegar kom að því að leggja lokahönd á bókina. „Ég fór upp á fæðingardeild til að eiga Ronju um kvöld og var sagt að ég yrði sett af stað klukkan tíu morguninn eftir. Þá stillti ég klukkuna á sex, lauk við skrifin og sendi bókina frá mér áður en klukkan sló tíu,“ segir hún brosandi. „Ég er ekki lærður kokkur svo ég er alltaf með atvinnufólk í faginu sem ráðgjafa og aðstoðarmenn. Ég er fyrst og fremst með mikla ástríðu fyrir mat og skapa uppskriftir út frá mínum hugmyndum. Ég útfæri oft hefðbundna rétti, geri þá hollari og gef þeim mitt eigið yfirbragð.“

### Móðurmissirinn setti strik í reikninginn

Á sama tíma og Yesmine var að takast á við móðurhlutverkið í fyrsta skipti féll móðir hennar skyndilega frá. „Það var rosalega erfiður og tilfinningaþrunginn tími því ég var að gleðjast yfir fæðingu Ronju og syrgja móður mína á sama tíma. Í fyrsta skipti á ævinni upplifði ég það að hafa enga löngun til að æfa og kom mér ekki aftur af stað fyrr en tæplega ári eftir fæðinguna. Á þessum tíma var X-Factor í fullum gangi og fram undan meðal annars sýningar fyrir Oasis í Kaupmannahöfn, GK, Habitat og Samtök iðnaðarins. Ég varð að ákveða hvort ég ætlaði að gera þetta allt eða ekki og spurði mig einfaldlega hvað mamma hefði viljað að ég gerði. Ég held að þessi skapandi en ólíku verkefni hafi hjálpað mér að takast á við sorgina og ég ákvað að vinna þau í minningu móður minnar. Þegar ég kom mér loksins af stað og fór að æfa aftur fann ég hvað það var margfalt erfiðara en það hafði verið fyrir fæðinguna og það var erfitt að losna við aukakílóin sem ég nældi mér í á meðgöngunni. En ég held að sú reynsla hafi gert mig að betri einkaþjálfara,“ segir Yesmine.

### Sótti innblástur til Indlands

Þessa dagana er Yesmine með sína aðra matreiðslubók í smíðum og að þessu sinni er matargerð með indversku og arabísku ívafi í aðalhlutverki. „Sem krakki var ég alltaf mjög forvitin um indverskan mat en á mínu heimili var yfirleitt venjulegur sænskur heimilismatur. Við bjuggum í litlu þorpi fyrir utan Helsingjaborg og á þessum tíma var lítið sem ekkert af indverskum veitingastöðum í Svíþjóð. Þegar ég var fimmtán ára fékk ég systur mína, sem er ári eldri en ég, til að stelast með mér yfir til Kaupmannahafnar til að borða á eina indverska veitingastaðnum sem ég vissi um. Fyrst þurftum við að taka bát yfir á Helsingjaeyri og svo lest til Kaupmannahafnar og koma okkur á veitingastaðinn, sem var á Istedgade, ekki beint öruggasta hverfinu í Kaupmannahöfn. Við þurftum að hafa mikið fyrir ferðinni, en hún var svo sannarlega þess virði því ég gleymi ekki bragðinu af fyrstu indversku máltíðinni minni. Við þorðum ekki að segja foreldrum okkar frá ferðalaginu, en þetta er skemmtileg minning,“ segir hún og brosir að endurminningunni.

Eftir að bókin Framandi og freistandi var komin út fór Yesmine fljótlega að hugleiða næstu bók. Hún var hins vegar upptekin við að sinna Ronju Isabel og sá ekki fram á hvenær tækifæri gæfist til að hefjast handa. „Í janúar fórum við af stað með bókina og við Ágústa M. Ólafsdóttir, útgáfustjóri bókarinnar, og Áslaug ljósmyndari ákváðum að skella okkur til Suður-Indlands. Áslaug hafði heyrt af íslenskri konu sem heitir Þóra Guðmundsdóttir og er búsett í Kochin-héraði þar sem hún er búin að koma á fót litlu hóteli sem heitir Secret Garden. Við höfðum samband, bókuðum gistingu og Þóra hjálpaði okkur að skipuleggja heimsóknir á veitingastaði og kynnti okkur fyrir stórkostlegum indverskum kokkum.“

Hún segir að dvölin í Kochin hafi verið draumi líkust. „Við vöknuðum á morgnana, fórum í jóga og hjóluðum svo um þorpið. Það var yndislegt að vera hjá Þóru og ekki verra að fá heimatilbúið brauð og múslí sem hún gerir sjálf frá grunni. Ég ráðlegg öllum Íslendingum sem ætla að ferðast til Indlands að fara til Þóru,“ segir Yesmine og bætir því við að þessi bók verði að öllum líkindum aðeins meira framandi en alveg jafn freistandi og sú fyrri. „Indversku áhrifin verða auðvitað allsráðandi í þessari bók en að auki kíktum við á matarhátíð til Dubai þar sem arabískir réttir og krydd urðu heilmikill innblástur,“ segir Yesmine að lokum, en nýja matreiðslubókin hennar er væntanleg í bókabúðir á haustmánuðum.




Móðurhlutverkið gerði Yesmine að betri einkaþjálfara.



*Stjörnustrigaskór*

# Skór eins og John Lennon

Nýjasta æðið hjá eldri skvísum og gæjum (yfir 25 ára) eru hvítir flatbotna strigaskór frá Spring Court. Skórnir eru með þykkum sóla og sérlega lögulegir. Fyrstu Spring Court-skórnir voru framleiddir árið 1936 fyrir tennisiðkendur. Skórnir slógu strax í gegn og ekki bara hjá tennisleikurum heldur líka hjá venjulegum borgurum. Það merkilega við skóna er að John Lennon klæddist Spring Court á plötuumslaginu Abbey Road og þykja þeir ennþá jafn smart og þeir þóttu þá. Skór Lennons voru hvítir en í dag eru skórnir framleiddir í ýmsum litum og margbreytilegum útfærslum. Spring Court fást í versluninni Evu, Gallerihúsinu á Laugavegi.



Spring Court fást í Evu á Laugavegi. MYND/PJETUR



John Lennon og Yoko Ono. Hér klæðist Lennon Spring Court strigaskóm sem eru núna einir heitustu strigaskórnir í dag.




## Þú kemst ekki í gegnum vikuna ...



...nema draga fram hörbuxurnar og reyna að vera svolítið sumarleg/ur í anda. Þótt það komi nokkrar skúrir af og til, hvaða máli skiptir það? Það er hugarfarið sem skiptir öllu máli.





...nema að byrja að spara. Græddur er geymdur eyrir. Mundu bara að telja klinkið sjálfur áður en þú leggur það inn í banka svo bankinn hirði ekki af þér 900 krónur í þóknun fyrir að telja.

...nema að fara í alvörunni að hugsa hvað þú lætur ofan í þig. Transmettaðar fitusýrur, ótæpileg áfengisdrykkja og sígarettureykingar drepa miklu fleiri en þig grunar.



...nema að læra að dansa salsa. Það er ekki bara kynþokkafyllsti dans í heimi heldur hleypir hann lífi í skrokkinn og þú brennir örugglega trilljón sinnum meiri kaloríum heldur en ef þú værir í ræktinni, bara af því það er svo mikið stuð.

...nema að ákveða hvaða þema þú ætlar að hafa í garðinum í sumar. Er það Hawaiistemning sem þú ert að sækjast eftir eða viltu hafa garðinn þinn eins og klipptan út úr Elle Decoration?





Veldu möguleika
Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur
JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Opið virka daga
9-18 og laugardaga 11-15
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 544-2136 www.jke-design.is




512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE
TRYGGÐU ÞÉR
ÁSKRIFT AÐ SÝN 2
ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu
30% afslátt af fyrsta mánuðinum.
enski boltinn




HLUSTENDA-VERÐLAUN FM 957
SKEMMTUN YFIR
HÆTTUMÖRKUM
Miðasala í verslunum Símans
og á midi.is.
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á FM957.IS.
Síminn
FM957

# heima

*gleði og glysgjörn húsráð*

**1.** Gulli sleginn skenkur frá ítalska fyrirtækinu Besana hefur hlotið mikið lof fyrir flotta hönnun. **2.** Gyllt skrifborð frá Besana. **3.** Bókahilla frá B&B Italia. Verslunin Heima í Síðumúla selur vörurnar frá fyrirtækinu og því ætti að vera auðvelt að nálgast þær. **4.** Hér sést hvernig bókahilla er notuð til að stúka herbergi af. Það kemur ótrúlega vel út eins og sést á myndinni. **5.** Gulli blöndunartæki eru smart þegar þau eru komin í rétt umhverfi. Hér fer lítið fyrir mínimalismanum en þeir sem hafa vit á húsgagnatísku segja líka að hann sé á undanhaldi.

*Retrófílingur inn á heimili, opnar bókahillur og gyllt sprautulökkuð húsgögn eru það sem koma skal.*

## Fortíðin mætir framtíðinni

Á húsgagnasýningunni Salone Internazionale del Mobile á Ítalíu var glamúrinn allsráðandi. Síðastliðin ár hefur einfaldleikinn ráðið ríkjum en í ár bar við nýjan tón. Kannski má greina kreppuna af sýningarbásunum, en þegar kreppir að verður íburðurinn og glamúrinn alltaf meiri. Áhrifa gætti frá sjötta og áttunda áratugnum og gullið er greinilega að koma inn aftur. Mikið var um gyllt sprautulökkuð húsgögn, gyllt blöndunartæki og það sem var ekki gyllt var krómað. Gyllti liturinn hefur oft verið flokkaður sem „kerlingarlegur“ en á Ítalíu var ekkert kerlingarlegt yfirbragð yfir honum. Þegar nýtískuleg húsgögn eru komin í gylltan lit eru þau allt annað en hallærisleg.

Í ár verður enginn maður með mönnum nema státa af stórum bókahillum í stofunni eða nota opnar bókahillur sem milliveggi ekki ólíkt og tíðkaðist á Íslandi í kringum 1970. Þetta kemur vel út, sérstaklega þegar fallegum munum er raðað í hillurnar í bland við bækur, stórar sem smáar. Að nota bókahillur sem milliveggi er frábær lausn því oft getur verið of yfirþyrmandi að hafa steypta veggi á milli rýma og fyrir þá sem eru orðnir þreyttir á alveg opnum rýmum geta stúkað þau niður á þennan hátt. Bókahillurnar má svo útfæra á alla kanta og leyfa sköpunargáfunni að njóta sín í botn.

*martamaria@365.is*





















# LANCÔME KYNNING Í LYFJU LAUGAVEGI

## LAUGARDAGINN 3. MAÍ KL. 12 – 17

**Förðunar- og snyrtifræðingar LANCÔME, Hildur Ingadóttir og Bára Hafsteinsdóttir, verða í versluninni laugardaginn 3. maí klukkan 12 - 17.**

Líttu við og fáðu húðgreiningu með aðstoð sérfræðings og húðgreiningartölvu, eða láttu kenna þér töfrandi förðun fyrir sumarið.

Við bjóðum alla herramenn velkomna, því LANCÔME býður einnig upp á vandaðar snyrtivörur fyrir karlmenn.

**Flottir kaupaukar fyrir dömur og herra þegar keyptar eru LANCÔME vörur fyrir 6.000 kr. eða meira, laugardaginn 3. maí.***




*gildir á meðan birgðir endast.

LYFJA
- Lifið heil

# bland

*í gær og á morgun ...*

## SYSTUR Í IÐNÓ

Ekki missa af dansverkinu Systur sem kemur úr smiðju Ástrósar Gunnarsdóttur og Láru Stefánsdóttur sem frumsýnt var í gær. Einn frumsýningargestur sagði að verkið ýfði upp lesbíuna í hverri konu en hver og einn verður að sjálfsögðu að meta það.



## HLUSTENDAVERÐLAUN FM957

Það verður mögnuð stemning í Háskólabíói á laugardagskvöldið þegar Hlustendaverðlaun FM957 fara fram. Fram koma til dæmis Gus Gus, Sprengjuhöllin, BloodGroup, Merzedes Club, Ný Dönsk, Haffi Haff og Páll Óskar svo einhverjir séu nefndir.











TOPP 10

# Ólöf Jakobína Ernudóttir innanhússarkitekt



Gauksklukkan sem ég keypti handa syni mínum. Við erum bæði alsæl með hana þrátt fyrir að gaukurinn sé ekki í takt við tímann.



Píanóið sem ég eignaðist loksins. Er ekki mikill píanóleikari en dóttirin er efnileg.





Litlu japönsku húsabækurnar sem fást í Kisunni. Endalaus uppspretta hugmynda.



Dóttir mín og bekkjarfélagar hennar perluðu íslenska fánann og gáfu mér í afmælisgjöf í fyrra.



Þessa dýrlegu bambastyttu fann ég í Góða hirðinum, en hún er í miklu uppáhaldi. Bambamamman hefur að vísu hálsbrotnað einhverntíma en virðist samt vera bara lukkuleg í dag, með sætu börnin sín tvö.



Stóra O-ið mitt sem ég fékk þegar verið var að taka niður FRÓÐA-merkinguna á Seljaveginum.



Franski fjölskyldubíllinn minn er fullkominn fyrir mig og mína.



Rauða PH5-ljósið mitt sem ég keypti notað í Kópavoginum.



Nýja gæludýrið, heimilisfuglinn frá Vitra.



Ljósmynd úr Þórsmörk, tekin 1942 af Ólafi Magnússyni. Þetta er bara svo falleg mynd – mikil stofuprýði.

Skoðaðu rúmin okkar
áður en þú tekur ákvörðun

auping

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal



# Nýr Heilsuleikskóli opnar í Hafnarfirði

## Spennandi störf í boði

**Skólar ehf.** hafa gert þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ um rekstur heilsuleikskóla við Hamravelli í Hafnarfirði, sem gert er ráð fyrir að muni opna að hluta til í júní á þessu ári.

Skólar hafa rekið leikskóla í rúm sjö ár bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á Suðurnesjum. Innan fyrirtækisins er mikil reynsla sem snerta bæði fag- og rekstrarsviði leikskóla.

Til að stýra leikskólanum hafa þær Salvör Jóhannesdóttir og Kristín Auður Harðardóttir gengið til liðs við Skóla. Salvör sem leikskólastjóra og Kristín sem aðstoðarleikskólastjóra. Salvör hefur lengi starfað eftir Heilsustefnunni og er með framhaldsmenntun í stjórnun. Kristín hefur starfað sem aðstoðarskólastjóri og er í meistaranámi við Kennaraháskóla Íslands.




„heilbrigð sál í hraustum líkama"

Stefna Skóla er að auka veg Heilsustefnunnar og fjölga Heilsuskólum á Íslandi

**www.skolar.is**

### Spennandi störf í boði

Ef þú ert leikskólakennari sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum átt þú samleið með okkur. Við leitum að kennurum til að vinna í nýjum heilsuleikskóla í Hafnarfirði þar sem næring, hreyfing og listir eru höfð að leiðarljósi í leikskólastarfinu.

Við leitum að:

- **Deildarstjórum**
- **Sérkennslustjóra**
- **Fagstjórum í íþróttum og listum**
- **Matráði**
- **Aðstoðarmanni í eldhús**
- **Leikskólakennurum og öðru uppeldismenntuðu fólki**

Hafðu endilega samband og kynntu þér málið ef þú hefur áhuga á að vinna í leikskóla sem er staðsettur á skemmtilegum stað í Hafnarfirði með sterk tengsl við náttúruna og þar sem skýr leikskólastefna er til staðar.

Unnur Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skólasviðs Skóla, mun taka vel á móti öllum fyrirspurnum.

**Netfang: skolar@skolar.is**
**Sími: 420-4213**

www.skolar.is

Skólar ehf. – Netfang skolar@skolar.is – Heimasíða www.skolar.is

Góð 2. herb. Íbúð í Vesturbæ 107 Rvk. Laus nú þegar. Leigu verð 120 þ. á mán. innifalið hússjóður og hiti. bankaáb./tryggingavíxill skilyrði. Uppl. í s. 898 1188.

Fallegt 140 fm. parhús á tveimur hæðum á rólegum og góðum stað í 104 Rvk. Stór og björt stofa með arin, þrjú svefnherbergi og góður garður. Nánari uppl. í s. 669 8313.

Leigjendur óskast í stórt einbýlishús í 101. 45-50 þús. pr. herb. 2 stofur, rúmgott eldhús & sólpallur fyrir sólina í sumar. internet. og allar græjur. s. 822 9761.

2 manna herb. í Hraunbæ til leigu m. eldhúsaðst., baði og þvottah. S. 698 8037.

Til leigu frá 1.júní, stórglæsileg 100 fm íbúð á Völlunum í Hafnarfirði. Ísskápur og uppþvottavél fylgja með auk stæði í upphitaðri bílageymslu. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Leiga 165 þús. á mán, innifalið hússjóður, hiti og rafmagn. Tryggingavíxill skilyrði. uppl. í síma 897-9703.

Room for rent with balcony, down town 101 (Bankastræti), sharing Bathroom, living room and big kitchen with washing machine. Only orderliness (reglusemi) people, no smoking or partying aloud. Available now. Information 897 9409 or 897 7922.

35 fm stúdió íbúð til leigu á Seltjarnarnes! Ótrúlegt útsýni! Stutt í alla þjónustu. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Laus strax! Áhugasamir hafið sambandi í s. 8985613.

## Húsnæði óskast

2 herb. 45 fm íbúð til leigu. Eldhúsaðst. og baðh. Uppl. í s. 896 1039.

Fyrirtæki óskar eftir einstaklings eða stúdíóíb. f. íslenskan starfmann. Uppl. í s. 899 6505.

## Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

## Atvinnuhúsnæði

Snyrtileg skirfstofuherb. til leigu við Ármúlann. Uppl. í s. 899 3760.

Til leigu gott iðnaðarbil með góðu aðgengi við Skemmuveg stærð 110m2. Frekari uppl. í s. 894 5675.

Vantar bílskúr eða 20-30 fm pláss til leigu í 1 mán. Frekari uppl í s: 846-1419

Til leigu 73 fm lagerhúsnæði á Smiðjuvegi. Verð 95 þ. á mán. Uppl. í s. 822 0090.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Búr ehf - Vaktstjóri**
**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig leitum við af sumarstarfsfólki. Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

VIÐHALDSVIRKNI

**Atvinna í boði**
**Fyrirtæki á Stórreykjavíkursvæðinu óskar eftir að ráða til starfa laghenta menn, helst vönum húsaviðgerðum, þó ekki skilyrði. S. 661 0117.**

V&V Vörubíla og vinnuvélaverkstæði

Vörubíla- & Vinnuvélaverkst ehf Bifvélavirki/vélvirki eða maður vanur viðgerðum vinnuvéla og tengi- og festivögnum með meirapróf óskast til starfa sem fyrst. Traust og gott fyrirtæki með næg verkefni. Frekari uppl. í s. 588 4970 Guðmundur.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

**Helgarvinna**
Feskar Kjötvörur óskar eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa um helgar. Nánari upplýsingar veitir Ómar í s. 660 6300.

VEGAMÓT

**Veitingahúsið Vegamót**
**Óskar eftir matreiðslumanni í eldhús. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl. á staðnum eða sendið umsókn á vegamot@vegamot.is**

**Lækjarbrekka**
**Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í framreiðslu. Óskum einnig eftir duglegum og áhugasömum starfsmönnum í sal. Góð íslenskukunnátta er áskilin. Upplýsinga veitir Ólína í s. 696 7684 milli 10-12 og 14-17 eða olina@lækjarbrekka.is**

**Veitingahúsið Nings Kópavogi**
**Óskar eftir duglegum og samviskusömum bílstjórum í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 822 8840 Elínborg og einnig inn á www.nings.is**

**Viltu vinna í leikfangaversluninni Einu Sinni Var?**
**Óskum eftir fólki, eldra en 20 ára, í sumar- og helgarvinnu. Upplýsingar gefur Helga í síma 533 1118 á milli kl. 11 og 13.**

Óskum eftir að ráða duglegan mann með góða þjónustulund til starfa í sumar, einnig vantar mann í aukavinnu á laugardögum. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 567 2818. Skóarinn í Kringlunni

N1

**Þjónustustöð**
N1 óskar eftir öflugum og áreiðanlegum starfsmanni til starfa á þjónustustöð félagsins í Fossvogi. Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini. Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Kristmundsdóttir í síma 554 2512 eða 660 3255. Áhugasamir geta einnig sótt um á www.n1.is

**Garðabær, 50 ára og eldri.**
Til leigu 90 fm íbúð ásamt stæði bílageymslu. Laus strax. Nánari upplýsingar í síma 693 7304.

**Sumar/Framtíðarstarf strax**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 17-27 ára með bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

HEILDSALA auglýsir: Skólafólk óskast í sumarvinnu og áfram með skóla næsta vetur. Vinnutími virkir dagar og f.p. á laugardögum. Umsóknir sendist fyrir 15.maí til fréttablaðsins á netfangið: smaar@frett.is merkt „Heildsala"

**Sómi sandwishes**
Wants to hire people on day shifts from 7:30- 16, Infromation given at Gilsbúð 210 Garðabær or tel. 565 6000.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**- Bar Polonia -**
**Zaprasza na dyskoreke w piatek oraz w sobote na zabawe przy zespole muzycznym „magic" (muzyka dla wszystkich). Bar Polonia otwarty codziennie od 17.00-24.00 piatek, sobota do godz 03.00, niedziela od 11.00-24.00.**
**Polskie Piwo, Polskie Dania Zapraszamy wszystkich serdecznie. Ul. Flatahrauni 21, Hafnarfjörður, tel. 555 2329.**

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

Kona með fallega rödd vill kynnast ógiftum karlmanni um sextugt með náin kynni í huga. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8818.

Óvenjuleg upptaka: tvær konur og baðkar. Sögur Rauða Torgsins, sími 905 2002 (símatorg) og 535 9930 (kreditkort), upptökunr. 9981.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# ATVINNA

**Sumarstarfsfólk óskast**
**á Kirkjubæjarklaustur**

Óskum eftir að ráða starfsfólk í aðhlynningu og einnig óskast aðstoð í eldhús við hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhóla. Í boði er frítt fæði og húsnæði (herbergi).

Upplýsingar veitir Margrét hjúkrunarforstjóri í síma 487-4870 og 894-4985

# FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

FÉLAG FASTEIGNASALA

## Opinn fundur
### Fasteignamarkaður á vordögum.

Félag Fasteignasala heldur opinn fund fyrir almenning föstudaginn 2. maí n.k á Grand Hótel frá kl 15-17. Á fundinum mun verða varpað ljósi á stöðu fasteignamarkaðarins nú á vordögum og líklega þróun næstu mánaða.

**Framsögumenn:**

Ingibjörg Þórðardóttir formaður FF
Þorsteinn Arnalds, aðstoðar framkvæmdastjóri mats- og hagsviðs Fasteignamats ríkisins
Arnór Sighvatsson aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands
Ásgeir Jónsson forstöðumaður greiningadeildar Kaupþings
Guðmundur Bjarnason framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs
Hallur Magnússon sérfræðingur

**Fundarstjóri:**
Jón Guðmundsson lögg.fasteignasali

Á eftir mun fundargestum gefast kostur á að setja fram sínar skoðanir og spyrja framsögumenn.

# FASTEIGNIR

Frum

ÁS FASTEIGNASALA

**Hafnarfirði, Fjarðargötu 17**
**Sími 520 2600, Fax 520 2601**
**Netfang as@as.is**
**Heimasíða www.as.is**
**Opið virka daga kl. 9–18**
*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*



**NORÐURBAKKI 5 - HFJ.** Sérlega vandaðar 3ja og 4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu í glæsilegu lyftuhúsi á frábærum stað í miðbæ Hfj.
**GLÆSILEGAR SÝNIGARÍBÚÐIR.**
Vandaðar innrétt. og tæki frá EGG
Gólfhiti m/hitastýringu í hverju rými
Extra hljóðeinangrun milli hæða
Extra lofthæð
Flísal. svalir og timburverandir
Stórar rennih. út á svalir og garð
Sjónvarpsdyrasími
Þakgarður
Verð frá 26,7 millj. 6928



**NORÐURBAKKI 1 OG 3 - HFJ.** Glæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu á frábærum stað við sjávarsíðuna í miðbæ Hfj.
Vandaðar innréttingar frá InnX
Vönduð tæki frá Miele
Granítborðplötur í eldhúsi og á baði
Gluggar niður í gólf
Sameiginlegt garðsvæði á milli húsanna
Sjónvarpsdyrasími
Þakgarður
Glæsileg fullbúin sýningaríbúð
Verð frá 24,9 millj. 6649



**KVISTAVELLIR 44 - AFH: MAÍ-JÚNÍ**
Glæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir og þrír bílskúrar í nýju 4. hæða lyftuhúsi. Granít í borðum, gólfhiti, sérlega vönduð tæki og innréttingar. **Afh. í maí-júní 2008. Verð frá 18,9 millj.** 7080



**NORÐURBAKKI 15 og 17 HAFNARFIRÐI** Glæsilegar sérlega vandaðar 105 til 130 fm 3ja herbergja íbúðir á 1. til 5 hæð í nýjum LYFTUHÚSUM á NORÐURBAKKANUM, m/ STÆÐUM í bílageymslu. Verð frá 27,4 millj. 7561



**FURUÁS 2 og 4** Falleg 240 fm raðhús m/bílskúr á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ. Möguleg 6 sv.herb. Möguleg aukaíbúð. Fullbúin að utan og fokheld að innan. Verð frá 38,9 millj. **6891**



**BYGGAKUR - GARÐABÆ** Glæsileg raðhús í suðurhlíðum Akralands í Garðabæ. Húsin eru fullbúin að utan, lóð tyrfð, hellulögn m/hita og tilbúin til innréttinga að innan. Verð frá 52,7 millj. 7443



**FJÓLUÁS 2 til 6** Sérlega falleg 220 fm RAÐHÚS á tveimur hæðum ásamt 29 fm innbyggðum bílskúr, samtals 249 fm á frábærum útsýnisstað í nýja ÁSAHVERFINU í Hafnarfirði. Húsin skilast fullbúin að utan og fokheld að innan. Verð frá 41,4 millj. 7521




**ENGJAVELLIR - LAUSAR STRAX** Vorum að fá tvær 128 fm SÉRHÆÐIR á jarðhæð og annarri hæð í glæsilegu fjórbýli. Húsið skilast fullbúið að utan og lóð frágengin. Að innan tilbúnar til innréttinga eða lengra komnar. Verð frá 28,0 millj. 7556



**DREKAVELLIR - HAFNARFIRÐI** Glæsilega 157 fm 4ra herb. raðhúsaíbúðir með opnu bílskýli. Húsin eru á þremur hæðum. Fernar svalir í suður og norður, sér garður. Afhennt allveg fullbúið að utan, rúmlega tilb. til innréttinga að innan. Verð frá 33,0 millj. 7123

Stóreign
Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590_7600
Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fast.sali
Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmúli 7. 108 Rvk.
storeign.is
FAX 535 1009
Stóreign kynnir:

# Þarftu að losa fjármagn?

- Er núverandi húsnæði óhentugt?
- Vantar ykkur stærra húsnæði eða nýjar höfuðstöðvar?
- Við útvegum ykkur nýtt húsnæði til leigu og seljum ykkar húsnæði á sama tíma.

Frum

**Hafið samband og fáið nánari upplýsingar.**

# Stóreign

**fremstir í atvinnufasteignum**

Stóreign.is s :: 590_7600

# Laun heimsins...

**UMRÆÐAN**
Jón Ármann Steinsson skrifar um rafbyssur


JÓN ÁRMANN STEINSSON

Maður að nafni Jack Cover var búinn að fá nóg af heimsfréttunum. Þetta var á þeim tíma þegar Víetnamstríðið geisaði og stúdentar flykktust út á göturnar og börðust við lögregluna. Yfirvöld voru getulaus þegar kom að því að kveða niður ofbeldið. Oft var þetta spurning um hvor væri sterkari, mótmælandinn eða lögreglan. Mótmælendur notuðu barefli, grjótkast og Molotovkokkteila og oft notaði lögreglan kylfur til að berja á fólki og stundum komu byssur við sögu hjá báðum aðilum. Fólk jafnt sem lögreglumenn hlutu varanlegan skaða og margir létu lífið. Jack Cover vildi leggja eitthvað af mörkum til að stöðva þetta endalausa ofbeldi og það hafði ekkert með réttmæti stríðsins að gera.

Jack Cover hafði verið flugmaður í seinni heimsstyrjöldinni og vann svo fyrir NASA og fleiri enda verkfræðingur að mennt. Einn morgun yfir kaffibolla las hann frétt um göngugarp sem óvart snerti rafmagnsgirðingu og gat sig hvergi hreyft. Rafstraumurinn orsakaði tímabundna lömun en göngugarpurinn hlaut engan skaða af. Kannski var þarna kominn vísir að hugmynd hvernig mætti stöðva árásarmenn?

Jack fann upp tæki sem sendi frá sér rafstraum í sekúndubrot til að lama yfirborðsvöðva án þess að skaða þann sem fyrir verður. Nú, næstum 40 árum síðar, skiptist heimsbyggðin í tvær andstæðar fylkingar þegar kemur að uppfinningu Jacks. Allir hafa skoðun á uppfinningunni jafnvel þó þeir hafi ekki hugmynd um hvernig hún virkar. Ótal fréttir hafa verið birtar og dregnar til baka um skaðsemi uppfinningarinnar. Ótal rannsóknir hafa sýnt fram á kosti hennar. Það hefur verið staðfest með tölfræði að hún hafi bjargað ótal mannslífum. Samt eru helstu rök andstæðinga hennar að hér sé um dulbúið drápstól að ræða. En þrátt fyrir allt þetta þjark og fuður er uppfinning Jacks notuð af lögreglu og einstaklingum í fjölmörgum löndum heims með góðum árangri. Þessi uppfinning er Taser rafbyssan.

**Rangfærslur í fréttum**

Já, Jack Cover hafði vissulega gefið heimsbyggðinni tæki til að stöðva átök og koma á stundarfrið en í staðinn deildu menn hatrammlega um sjálfa uppfinninguna. Taser var nánast eingöngu í umræðu fólks um ofbeldismál sem enduðu illa og brátt opnuðust ormagryfjur af spekúlasjónum. Villuupplýsingar voru matreiddar af fjölmiðlum heimspressunnar af meiri eldmóði en vísindalegar rannsóknir. Og eru enn.

Ekki var eins mikill áhugi fyrir Taserfréttum ef lögregla náði að koma í veg fyrir ofbeldi eða bjarga mannslífi. En ef einhver dó og rafbyssa kom við sögu voru viðbrögð spekúlantanna alltaf á sama veg: Þarna hafði lögreglan „drepið“ viðkomandi með rafbyssunni. Meira að segja íslenskir fjölmiðlar tóku þátt í dansinum. Hér er dæmi:

Ruv.is birti nýlega um mál sem kom upp í Bretlandi. Fyrirsögn Ruv.is var „Lést eftir rafbyssustuð“ og fréttin var á þá leið að rafbyssan hafði verið völd að dauða mannsins. Mbl.is birti samhljóma frétt með fyrirsögninni „Lést eftir að hafa fengið raflost úr rafbyssu.“

Þessi sama frétt var birt á fréttavef BBC. Þar mátti lesa að maður í sjálfsmorðsham hafði ógnað lögreglu með hníf og verið stuðaður með Taser. Rafstuðið bar ekki þann árangur sem til var ætlast því maðurinn hljóp inn til sín og stakk sjálfan sig með hnífnum. Krufning leiddi síðan í ljós að hann dó af sárum sínum. Semsagt sjálfsmorð. Mbl og Ruv birtu leiðréttingu daginn eftir.

En fljótfærnisfréttir halda áfram að birtast í heimspressunni um þennan vinsæla sökudólg, Taserinn. Það virðist sem slíkar fréttir séu frekar lesnar en fréttir um sjálfsmorð ólánsmanna.

**Treystum lögreglunni**

Ég tel að Taserinn, sjálfur friðarstillirinn, sé sakfelldur af þeim sem skilja ekki starfsumhverfi lögreglunnar. Rafbyssur hafa verið í notkun í áratugi í Bandaríkjunum og lögreglumenn fá ekki að nota þær nema hafa verið stuðaðir sjálfir. Hvaða annað tæki lögreglunnar er háð þeim skilyrðum? Lögreglumenn verða að skrifa skýrslu um hverja notkun og þar með er kominn gagnabanki um notkun Tasera. Þá sést að af þúsundum tilfella þar sem rafbyssur eru notaðar hafa þær orðið til góðs. Vill einhver gera samanburð á hvernig átök við lögreglu hafa endað þar sem rafbyssur komu ekki við sögu?

Kannski snýst þessi þráláta rafbyssufæð ekki um tækið sjálft heldur um traust á lögreglunni? Er Taserumræðan dulmál yfir meint lögregluofbeldi? Svari nú hver fyrir sig.

Eftir því sem ég best veit vilja íslenskir lögreglumenn fá Taser friðarstillinn í notkun. Góð hugmynd, segi ég. Treystum lögreglunni til að fara vel með, skrá notkun og birta opinberlega. Vonandi birta íslenskir fjölmiðlar þær niðurstöður svo með eldmóð og sannleiksást í hjarta.

*Höfundur er grafískur hönnuður og rithöfundur og býr í Los Angeles.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






**DAVID BECKHAM FÓTBOLTAKAPPI ER ÞRJÁTÍU OG ÞRIGGJA ÁRA Í DAG.**

*„Fólk er mjög fljótt að dæma mig vitlausan eða jafnvel heilalausan. Fólk má hugsa það sem það vill.“*

***David Robert Joseph Beckham er einn frægasti fótboltakappi heims. Hann er giftur fyrrverandi kryddpíunni Victoriu og eiga þau þrjá drengi saman. Í dag spilar David fyrir bandaríska fótboltaliðið Los Angeles Galaxy, en hann er einnig liðsmaður enska landsliðsins.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 2. MAÍ 1994**

## Dr. Kevorkian sýknaður



Þennan dag árið 1994 var Jack Kevorkian, bandarískur meinafræðingur, sýknaður af líknardrápi. „Dr. Dauði“ eins og hann er stundum kallaður, hefur verið talsmaður líknardrápa síðan 1987, þegar hann tók að auglýsa ráðgjöf um dauðann í dagblöðum í Bandaríkjunum. Kevorkian aðstoðaði yfir hundrað dauðvona sjúklinga við að deyja á árunum 1990 til 1998. Í öllum tilvikum voru það sjúklingarnir sjálfir sem gengu síðustu skrefin í drápsferlinu, Kevorkian aðstoði aðeins með því að setja upp þau tæki sem þurfti til að binda enda á lífið.

Kevorkian var dæmdur í 11-20 ára fangelsi árið 1999 fyrir líknardráp á Thomas Youk, 52 ára gömlum manni með banvænan taugasjúkdóm. Kevorkian tók undirbúningsferlið og dauða mannsins upp á myndband sem var sýnt í 60 Mínútum. Hann var látinn laus árið 2007.

Kevorkian sagði í viðtali að hann myndi ekki halda áfram að aðstoða fólk við að deyja eftir að hann yrði látinn laus. Í staðinn ætlaði hann að vinna að því að fá lögunum um líknardráp breytt.

Í janúar síðastliðnum hélt Kevorkian ræðu við Florida-háskóla þar sem hann sagði að líknardráp ættu að vera hluti af læknaþjónustu landsins. „Tilgangur minn var ekki að drepa fólk, heldur að stöðva þjáningu þess og það á ekki að þykja glæpsamlegt“, sagði hann.

**MERKISATBURÐIR**

**1919** Ljósmæðrafélag Íslands er stofnað. Það er elsta stéttarfélag faglærðra kvenna. Að stofnuninni standa tuttugu ljósmæður.

**1957** Tvær nýjar millilandaflugvélar af Viscount-gerð koma til landsins og fá þær nöfnin Hrímfaxi og Gullfaxi.

**1970** Búrfellsvirkjun er vígð. Hún er stærsta mannvirki sem Íslendingar hafa ráðist í.

**1972** William Rogers, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kemur í heimsókn til Íslands. Komu hans er mótmælt.

**1992** Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra undirritar samning um Evrópska efnahagssvæðið í Oporto.

†



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lukka Ingibjörg Magnúsdóttir**

Höfðavegi 5, (áður Vallanes)
Höfn í Hornafirði,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands þriðjudaginn 22. apríl, verður jarðsungin frá Hafnarkirkju laugardaginn 3. maí kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

| | |
|---|---|
| Sigurður Eymundsson | Olga Óla Bjarnadóttir |
| Anna Margrét Eymundsdóttir | Guðjón Davíðsson |
| Agnes Eymundsdóttir | Grétar Geir Guðmundsson |
| Eygló Eymundsdóttir | Jakob Ólason |
| Albert Eymundsson | Ásta Ásgeirsdóttir |
| Ragnar Hilmar Eymundsson | Rannveig Sverrisdóttir |
| Brynjar Eymundsson | Guðbjörg Elsa Guðmundsdóttir |
| Benedikt Þór Eymundsson | |
| Halldóra Eymundsdóttir | |
| Óðinn Eymundsson | Elísabet Jóhannesdóttir |

ömmubörn og langömmubörn.



**LÁRA JÓNSDÓTTIR** Framkvæmdastýra Fulbright er afar ánægð með þær móttökur sem hið nýstofnaða félag hefur fengið.

NÝTT FÉLAG: FÉLAG FULBRIGHT-STYRKÞEGA Á ÍSLANDI STOFNAÐ

# Markmiðið að efla samskipti

Félag Fulbright-styrkþega á Íslandi var formlega stofnað 25. mars síðastliðinn. Hugmyndin á bak við stofnunina er sú að gefa þeim styrkþegum sem farið hafa í gegnum Fulbright-verkefnið tækifæri til að hittast, vinna að sameiginlegum verkefnum og halda reynslu sinni lifandi. „Það tók um ár að safna saman upplýsingum um styrkþega síðastliðinna 50 ára hér á landi,“ segir Lára Jónsdóttir, framkvæmdastýra Fulbright-stofnunarinnar á Íslandi. „Ég sendi út um sjö hundruð bréf og viðbrögðin sem við fengum voru mjög góð. Fólk er afar þakklátt fyrir þá reynslu sem það hefur fengið í gegnum Fulbright-prógrammið og ánægt með að halda eigi minningunum og reynslunni lifandi með þessu nýja félagi“.

Í fimmtíu ára sögu stofnunarinnar hafa rúmlega 700 Íslendingar fengið styrk úr sjóðnum og þeir Bandaríkjamenn sem hingað hafa komið á Fulbright-styrk eru um 500. „Fulbright gengur út á það að Íslendingar fá styrk til að fara til Bandaríkjanna í nám eða til að stunda rannsóknarvinnu og Bandaríkjamenn geta fengið styrk til þess að koma til Íslands í sömu erindagerðum,“ útskýrir Lára. „Fulbright-styrkurinn er fyrir fólk úr öllum greinum masters- og doktorsnáms og felast styrkirnir í peningagreiðslum“.

Kröfurnar sem gerðar eru til styrkþega eru að þeir séu að fara í framhaldsnám, að þeir geti sýnt fram á góðan námsárangur, hafi góð meðmæli og séu með skýr markmið í námi sínu. Lára segir að ekki aðeins sé farið eftir einkunnum. „Fólk þarf að geta komið vel fyrir því það að fara sem Fulbright-styrkþegi til Bandaríkjanna er mikill heiður, en Fulbright er merkasta styrktarprógrammið í Bandaríkunum og því þarf styrkþeginn að vera góður fulltrúi Íslands.“

Bandaríski stjórnmálamaðurinn J. William Fulbright var frumkvöðull og upphafsmaður stofnunarinnar. Hann átti hugmyndina að því að gerðir yrðu tvíhliða samningar milli Bandaríkjanna og annarra þjóða um að efla samskipti þjóðanna á sviði menntamála. Hugmyndina fékk hann þegar bandaríska þjóðin þurfti í lok síðari heimsstyrjaldar að ákveða hvað gera skyldi við vörubirgðir í eigu bandaríska hersins, sem safnast höfðu upp í ýmsum löndum. Hann lagði til í þinginu að í stað þess að flytja vörubirgðirnar heim til Bandaríkjanna skyldu þær seldar í viðkomandi landi og afrakst-urinn notaður til að fjármagna samskipti Bandaríkjanna og viðkomandi lands á sviði menntamála. Tillagan var samþykkt og rúmlega hálfri öld síðar eru Fulbright-stofnanir starfandi í 51 landi. Að auki hafa aðrar 89 þjóðir undirritað Fulbright-samninginn.

Fulbright-stofnunin á Íslandi varð fimmtíu ára í febrúar í fyrra og var haldin vegleg veisla í tilefni þess. Ekkja J. William Fulbright kom til landsins í tilefni tímamótanna, menntamálaráðherra, styrkþegar og stjórn Fulbright ásamt fleirum komu einnig saman. „Af því tilefni var ákveðið að gangast í að stofna félag fyrir Fulbright-styrkþega á Íslandi. Markmiðið er að stuðla að og efla samskipti allra þeirra sem fengið hafa þennan styrk, bæði fyrir þá sjálfa og stofnunina.“

Fyrsti aðalfundur félagsins verður haldinn næsta haust og þeir Fulbright-styrkþegar sem enn hafa ekki fengið bréf frá stofnuninni eru beðnir um að hafa samband við Láru, annað hvort í síma 552-0830 eða á netfangið lara@fulbright.is. Frekari upplýsingar er hægt að finna á vef stofnunarinnar www.fulbright.is

klara@frettabladid.is

†



*Okkar ástkæri*

**Jósef Halldórsson**

byggingarmeistari, til heimilis að
Dvalarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi,

sem andaðist mánudaginn 28. apríl sl., verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 6. maí kl. 15.00.

**Börn, stjúpbörn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Arnfrið Heiðar Björnsson**

frá Gerði, Vestmannaeyjum,
Frælsið 4 (Torshavn),

andaðist á heimili sínu í Færeyjum mánudaginn 28. apríl sl. Útför hans fer fram í Færeyjum sunnudaginn 4. maí kl. 14.00.

**Oda Debes og fjölskylda.**

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Hjalti Þórarinsson**

fyrrverandi yfirlæknir og prófessor,
Laugarásvegi 36, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni að kvöldi dags 23. apríl. Verður jarðsunginn frá Langholtskirkju, mánudaginn 5. maí klukkan 15.00.

**Alma Anna Þórarinsson (Thorarensen)**

| | |
|---|---|
| Þórarinn Hjaltason | Halla Halldórsdóttir |
| Oddur Carl Hjaltason | Ingibjörg Jakobsdóttir |
| Sigríður Hjaltadóttir | Þórir Ragnarsson |
| Gunnlaug Hjaltadóttir | |
| Hrólfur Hjaltason | |

barnabörn og barnabarnabörn.

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinn Þórir Þorsteinsson**

sem andaðist 14. apríl, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 2. maí klukkan 15.00.

**Hjördís Einarsdóttir**

| | |
|---|---|
| Lísbet G. Sveinsdóttir | Árni Þór Árnason |
| Sveinn Þórir Geirsson | Tinna Hrafnsdóttir |
| Hjördís Árnadóttir | Ragnar Þórisson |
| Þórdís Hulda Árnadóttir | |

og barnabarnabörn.


# Legsteinar

í miklu úrvali



REIN

Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bónus býður betur!

**Lambasaltkjöt, ódýrt**
frá Kjarnafæði.
**349** kr./kg.
Merkt verð 498 kr./kg.




**Pepperóní magnpk., loftskiptar umbúðir**
frá Kjarnafæði.
**1.959** kr./kg.
Merkt verð 2.799 kr./kg.




**Lambasaltkjöt, blandað**
frá Kjarnafæði.
**699** kr./kg.
Merkt verð 998 kr./kg.




## Kjötfars, frosið
### frá Kjarnafæði
**299** kr./kg.
Merkt verð 499 kr./kg




BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

allt & sumt




**1.070** kr/kg. áður 1.783 kr/kg.
Goða grísakótilettur - bakki




**999** kr/kg.
Goða lambalæri sagað - frosið




**69** kr/ltr. áður 119 kr/ltr.
Vitan safar




**99** kr/pk. áður 198 kr/pk.
Nettó samlokurauð




**99** kr/ltr.
Kjörís - vanillu og súkkulaði

H:N markaðssamskipti / SÍA    Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 30. apríl til 4. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




## Úrval af indverskum vörum frá Patakas




**365** kr/kg. áður 729 kr/kg.

Ísfugl lausfrystir leggir

# Í... myndunar-ferðalag!



**Ljósmynd með ljósi og fuglasöng**
Þú getur valið um hitabeltisey baðaða björtu sólskini eða hitabeltisey við sólarlag. Friðsæl og róandi, upplýst mynd sem notalegt er að horfa á – öfugt við óróann á sjónvarpsskjánum. Myndin er 38 cm breið og 23,5 cm á hæð. 2000 krónur.



**Trúarvakning**
Vekjaraklukkan er í líki mosku með hvelfingu og mínarettum. Hún vekur þig til bæna eða í skólann þegar þú vilt. 400 krónur.



**Fyrir stóru upphæðirnar**
Stór vasareiknir fyrir djúpa vasa. Hann er 21 x 29 cm – en það er líka hægt að hafa hann uppi á borði og reikna lítil dæmi með honum. 800 krónur.





**Brauðristin sem brennimerkir sneiðarnar**
Þessi brauðrist brennimerkir ekki sjóræningja en hún merkir brauðsneiðarnar með sjóræningjatákni. Gerðu svo vel og fáðu þér sneið! 1600 krónur.

TIGER
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA Baráttudagurinn 1. maí

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** GEKK GLAÐUR NIÐUR LAUGAVEG Í GÆR



Í gær fagnaði ég baráttudegi verkalýðsins, líkt og fjölmargir víða um land. Í Reykjavík gekk fríður flokkur baráttumanna og -kvenna niður Laugaveginn og endaði á útifundi á Ingólfstorgi. Á göngu minni niður Laugaveg varð mér hugsað til þeirra breytinga sem orðið hafa á baráttudeginum frá því að honum var fyrst fagnað fyrir rúmum hundrað árum. Út undan mér heyrði ég einhvern tala um það að búið væri að stela baráttudeginum af vinnandi mönnum og konum landsins en því var ég ósammála.

Þar sem ég gekk um Laugaveginn fann ég fyrir þeirri miklu samkennd sem ríkti meðal hinna ólíku hópa sem þar voru saman komnir. Hópa sem hafa hver sín baráttumál en sameinuðust í gær í göngu til að berjast fyrir auknum rétti sínum eða þeirra sem minna mega sín.

Ég reyndi því að blanda mér í sem flesta hópa göngunnar eftir því sem hún hlykkjaðist áfram að endastöð sinni. Um tíma gekk ég með gömlum verkalýðshetjum og það fyllti mig anda að sjá stolt þeirra á þessum degi sem hefur markað svo djúp spor í sögu verkalýðsbaráttu. Því næst gekk ég með námsmönnum sem mæltu gegn skólagjöldum og töluðu fyrir eflingu menntunar á Íslandi.

Þá gekk ég með þeim sem berjast gegn stríðsrekstri og héldu á lofti spjöldum með gamalli kröfu sem þó hefur breyst ögn síðan herinn fór af landi brott um árið: Ísland úr Nató – Engan her. Það hefur eflaust verið gaman fyrir þá sem máluðu þessi nýju skilti að sjá að þeirra langþráða baráttumál var að hluta orðið að veruleika. Það hlýtur líka að vera markmið þeirra sem berjast fyrir málstað að gera sig að lokum óþarfa.

Dagur sem þessi er mikil hvatning til dáða og gefur fólki von. Mér þykir því jákvætt að fleiri hafi fylgt fordæmi verkalýðsins og noti þennan dag ár hvert til að minna á sig og sín málefni.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








## Hydropool Self Clean 575

Sjálfhreinsandi pottarnir frá Hydropool eru frábrugðnir flestum pottum sem í boði eru hvað varðar hreinsibúnaðinn. Pottarnir eru með tvöföldum botni og hringrásardælan dregur vatn úr botninum ásamt yfirborðsvatni og dælir í gegnum hreinsisíuna.

Það tekur einungis 15 mínútur að dæla öllu í vatninu gegnum hreinsisíuna. Hreinsun gerist einfaldlega ekki betri.

Verð áður ~~790.000~~ Tilboðsverð **649.000**



Weber Summit S420 3000257 **199.450**



Weber Genesis E310 3000254 **113.800**



Weber Genesis S310 3000258 **129.900**



Weber Spirit E310 3000256 **73.990**

GRILL OG FYLGIHLUTIR



**GLÆSILEG NÝ LÍNA FRÁ WEBER - LÍN DESIGN SVUNTA OG WEBER HANSKI FYLGIR WEBER GRILLUM Í DAG**

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG SMÁRATORGI

EGG | Smáratorgi | Sími 525 3400 | www.egg.is | egg@egg.is | Opið virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 18 | Sunnudaga 12 - 17

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Svaðalegur söngleikur!
Ástin er diskó, lífið er pönk
e. Hallgrím Helgason
sýn fös. 2/5 uppselt

„Þetta er vel unnin sýning, skemmtileg og óvenju skýrt hugsuð.“
MA, MBL 8/4
Sá ljóti
e. Marius von Mayenburg
sýn. fös. 2/5 örfá sæti laus
Leikhús tilboð vor á minni sviðunum

★★★★★
PBB FBL, 29/3
Engisprettur e. Biljana Srbljanovic
sýn. fös. 25/4 örfá sæti laus
Síðustu sýningar

„Þau eru frábær, öll fjögur... Þetta er hörkugóð sýning...!“
Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is
Bráðfyndið og ágengt gamanleikrit
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. lau. 3/5 örfá sæti laus
Síðasta sýning!
Leikhús tilboð vor á minni sviðunum

Sólarferð e. Guðmund Steinsson
sýn. lau. 3/5 örfá sæti laus
Síðasta sýning

Sýningar í Kúlunni
Skoppa og Skrítla í söng-leik
e. Guðmund Steinsson
Takmarkaður sýningafjöldi tryggður þér sæti

Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
allra síðasta sýning í vor
Sun. 4/5 kl. 14 örfá sæti laus
Sýningar hefjast aftur í haust

# Víkingaöldin, Mexíkó og portrettmyndir gleðja augað

Listahátíðin List án landamæra stendur nú sem hæst og gleður landsmenn með fjölbreyttum menningarviðburðum. Í gær voru opnaðar þrjár sýningar í Norræna húsinu sem allar eru hluti af hátíðinni. Þar kennir ýmissa grasa en sýnendur koma frá Finnlandi, Akureyri og af höfuðborgarsvæðinu.

Fyrst ber að nefna sýninguna Víkingaöldin, en þar er á ferð sýning 22 finnskra listamanna. Sýnendurnir koma úr Pettula vocational school og úr Kettukilistamiðstöðinni í borginni Hämeenlinna í Finnlandi. Kettukilistamiðstöðin er ætluð fólki með námsörðugleika og er markmið hennar að koma list fólks með fötlun á framfæri á heimsvísu og auka veg hennar og vanda. Viðfangsefni myndanna sem sjá má í Norræna húsinu eru Ísland, íslenskt landslag og kirkjur, fólk og víkingar.

Fjölmennt í Reykjavík og á Akureyri stendur fyrir sýningu á verkum sem innblásin eru af menningu Mexíkó og kjólum myndlistarkonunnar litríku Fridu Kahlo. Á sýningunni eru verk unnin í leir og pappamassa, en einnig má sjá málverk og leikföng. Þriðja sýningin er á vegum nemenda starfsbrautar Fjölbrautaskólans í Garðabæ, en þau sýna myndverk sem þau hafa unnið í vetur. Viðfangsefni myndanna eru portrett- og sjálfsmyndir unnar með fjölbreyttum aðferðum, til að mynda akrýlmálun, gifsi og grímugerð. Þessar áhugaverðu sýningar standa til 30. maí.

- vþ




**FARARTÆKI VÍKINGA?** Eitt af verkum finnsku listamannanna sem sýna í Norræna húsinu.

KRINGLU KRÁIN
Karma í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Örfáar aukasýningar
Fjórða leikárið í röð bjóðum við uppá sýningar á þessu vinsælasta leikriti áratugarins!
Rúmlega 30.000 áhorfendur komu á 160 sýningar í Borgarleikhúsinu og um allt land.
BORGARLEIKHÚSIÐ
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
ÞETTA ERU LOKASÝNINGAR VERKSINS!
alveg BRILLJANT
SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur
EKKI MISSA AF ÞESSARI BRILLJANT LEIKSÝNINGU!!!!

„HEILMIKIÐ FYRIR PENINGINN“ – M.K. MBL
„Fyndinn maður um fjármál“ – P.B.B. Fréttablaðið
HVER$ VIRÐI ER ÉG?
NÝ OG FÁRÁNLEGA SKEMMTILEG SÝNING UM FJÁRMÁL ÍSLENDINGA!
Fyrst var það Hellisbúinn, síðan Pabbinn og nú er það HVERS VIRÐI ER ÉG? Óborganlega fyndin sýning Bjarna Hauks Þórssonar um fjármál Íslendinga. Frábær sýning í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.

SÝNINGAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös | 2/5 | Örfá sæti laus | kl. 19 |
| Fös | 2/5 | Örfá sæti laus | kl. 21 |
| Lau | 3/5 | Örfá sæti laus | kl. 20 |
| Lau | 3/5 | | kl. 22 |
| Fös | 16/5 | | kl. 19 |
| Fös | 16/5 | Uppselt | kl. 21 |
| Lau | 17/5 | Örfá sæti laus | kl. 19 |
| Lau | 17/5 | | kl. 21 |

Sýnt í Salnum Kópavogi
Miðasala hjá Salnum í síma 5700 400, á salurinn.is og midi.is. Miðaverð 2000 kr. 50% afsláttur er fyrir viðskiptavini Byrs (allt að 5 miðar) ef keypt er í miðasölunni í Salnum. ATH! Takmarkaður sýningafjöldi.
DYNAMO REYKJAVÍK
TP THORSSON PRODUCTIONS
BYR SPARISJÓÐUR



**ALLT Á RÚI OG STÚI** Ein af ljósmyndum Stígs Steinþórssonar.

## Manngerð óreiða mynduð

**Ljósmyndasýning sem ber nafnið Óreiða verður opnuð í galleríinu Fótógrafí, Skólavörðustíg 4a, á morgun kl. 17. Á sýningunni má sjá ljósmyndir Stígs Steinþórssonar af hvers kyns manngerðri óreiðu.**

**Þetta er fyrsta einkasýning Stígs á ljósmyndum. Hann hefur starfað sem leikmyndahönnuður í öllum helstu leikhúsum landsins í tuttugu ár og hefur hannað fjölmargar leikmyndir fyrir sjónvarp, kvikmyndir og söfn. Sýning Stígs stendur til 6. júní.**

- vþ

Salurinn
LAUG. 2. OG SUNN. 3. MAÍ
HVERS VIRÐI ER ÉG?
GAMANLEIKUR ÚR SMIÐJU BJARNA HAUKS ÞÓRSSONAR
LAUGARDAGUR 3. MAÍ KL. 14
SELLÓTÓNLEIKAR TR
ÁSTA MARÍA KJARTANSDÓTTIR
LAUGARDAGUR 3. MAÍ KL. 17
FIÐLUTÓNLEIKAR LHÍ
JOAQUIN PALL PALOMARES
SUNNUDAGUR 4. MAÍ KL. 13
LÚÐRAHLJÓMUR
SKÓLAHLJÓMSVEIT KÓP. OG BLÁSARASVEIT ÁRNESS.
SUNNUDAGUR 4. MAÍ KL. 16
PÍANÓTÓNLEIKAR LHÍ
HELENE INGA STANKIEWICZ
SUNNUDAGUR 4. MAÍ KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
HRAFNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR OG MARTYN PARKES
MÁNUDAGUR 5. MAÍ KL. 18
VORTÓNLEIKAR FJÖLMENNTAR
ÞRIÐJUDAGUR 6. MAÍ KL. 20
FIÐLUTÓNLEIKAR
GEIRÞRÚÐUR ÁSA GUÐJÓNSDÓTTIR
MIÐVIKUDAGUR 7. MAÍ KL. 20
TÍBRÁ: TRÍÓ ROMANCE
VORSTEMNING OG GLEÐI
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

# 3 *fyrir* 2

# Útsölumarkaður Next hefst í dag í Skeifunni 17!

Ótrúleg verð! Þú tekur 3 flíkur en borgar aðeins fyrir 2 - á 40% afslætti!

Ódýrasta flíkin fylgir með.

**Fyrstir koma fyrstir fá!**

Opið mán.- föst: 12 - 18 · Lau: 12 - 18 · Sun: 13 - 17

next


YOHANNA


ISLANDS

## > Í SPILARANUM

Yohanna - Butterflies and Elvis
Portishead - Third
The Dandy Warhols - Earth to the Dandy Warhols
Neil Diamond - Home Before Dark
Islands - Arm's Way

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Málverk á nýrri plötu

Málverk Eugéne Delacroix frá árinu 1830 sem nefnist Frelsið leiðir fólkið prýðir umslag væntanlegrar plötu hljómsveitarinnar Coldplay. Málverkið var gert til að minnast júlíbyltingarinnar í Frakklandi 1830 þegar Karli tíunda var steypt af stóli.

Svo virðist sem þeir Coldplay-liðar hafi verið duglegir að sækja listasöfn að undanförnu því titill plötunnar, Viva La Vida, er fenginn að láni úr málverki mexíkósku listakonunnar Fridu Kahlo frá árinu 1954.

Violet Hill, fyrsta smáskífulagið af nýju plötunni, verður fáanlegt með ókeypis niðurhali næstu vikuna.




**VIVA LA VIDA** Málverk Eguéne Delacroux frá árinu 1830 prýðir umslag nýjustu plötu Coldplay.



## > Plata vikunnar

MGMT - Oracular Spectacular

★★★★

„MGMT er eitt af heitustu nöfnunum í tónlistarheiminum í dag. Þó að Oracular Spectacular sé svolítið óreiðukennd þá eru á henni mörg flott lög og góðar hugmyndir.“

TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Skoðað í skúmaskotin*

Tónlistarfíklar eins og ég hafa ekki síður gaman af því að grafa upp gömul óþekkt snilldarverk heldur en að taka púlsinn á því nýjasta. Síðustu ár hafa verið starfandi margar plötuútgáfur sem hafa sérhæft sig í því að skoða í skúmaskot poppsögunnar. Útgáfa á gamalli amerískri soul og fönk-tónlist hefur verið öflug og eins hafa menn verið duglegir að gramsa í gömlum reggí-upptökum og gefa út. Það hefur verið kafað djúpt í kjallarana hjá útgáfum eins og Motown, Stax, Hi, Atlantic, Chess, Studio 1 og Trojan og menn reyndar löngu farnir að rannsaka minni útgáfur. Eccentric Soul-útgáfuröðin tekur til dæmis aðeins fyrir litlar útgáfur sem náðu ekki vinsældum hjá almenningi. Flott sería.

Undanfarin ár hefur svo verið mjög mikið grafið upp af afrískri 70's tónlist, fönki og afró-bíti. Þekktasti fulltrúi þeirrar tónlistar er að sjálfsögðu Fela Kuti, en eins og kemur alltaf betur og betur í ljós þá voru ótal tónlistarmenn víða í Afríku að fást við samband af fönki, djassi og afrískum töktum á áttunda áratugnum og margir þeirra að gera frábæra hluti. Senan var sennilega sterkust í Lagos í Nígeríu og eru til margar flottar safnplötur með tónlist þaðan, meðal annars frá Soundway-útgáfunni. Önnur sterk sena var í Eþíópíu, en Ethiopiques-serían gerir henni skil. Hún telur þegar á þriðja tug platna og tvöföld safnplata, The Very Best of Ethiopiques, er nýkomin út. En fönkið virðist hafa blómstrað víðar í álfunni. Ghana Soundz-plöturnar eru hrein snilld og nýlega kom út safnplatan African Scream Contest sem geymir 70's tónlist frá Benín og Tógó. Það er Analog Africa-útgáfan sem gefur út, en hún heldur úti bloggi með tóndæmum á analogafrica.blogspot.com. Og það er hægt að mæla sérstaklega með nýlegum tvöföldum diskum með Tony Allen og Orlando Julius frá Vampisoul.

Það sem einkennir þessa afrísku fönktónlist er hvað hún er hrá og oft óhefluð, en á sama tíma ofboðslega grúví. Algerlega ómótstæðileg blanda...




**AFRÍSKT FÖNK** Ghana Soundz-serían geymir hrátt afrískt 70's-fönk.




Bruce Springsteen
Emirates Stadium í London
30. maí-1. júní
Verð á mann í tvíbýli
64.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* hóteli og miði á tónleikana.
Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

vísir.is
„...ég sá það á vísi"


# Drottningin heldur krúnunni

**Poppdrottning heimsins til tveggja áratuga, sjálf Madonna, hefur sent frá sér nýja plötu. Steinþór Helgi Arnsteinsson athugar hvernig í ósköpunum Madonna nær alltaf að halda sér svona ferskri.**

Allt frá útkomu smella á borð við Holiday og Like a Virgin hefur Madonna Louise Veronica Ciccone Ritchie deilt og drottnað yfir poppheiminum með drottningarsprotann að vopni. Fyrsta plata Madonnu kom út árið 1983 og nú 25 árum seinna, ég endurtek, 25 árum seinna, er komið að hennar elleftu breiðskífu.

Ferill Madonnu gekk reyndar í gegnum endurnýjun lífdaga árið 1998 þegar hún sendi frá sér Ray of Light í samvinnu við William Orbit. Síðan þá hefur Madonna (og auðvitað allt starfslið hennar) verið ótrúlega nösk við að finna sér upptökustjóra og tónlistarmenn til samstarfs sem hafa síðan skilað henni hverri poppsnilldinni á fætur annarri.

**Enn að toppa sig**

Síðasta plata Madonnu hét Confessions on a Dance Floor og sagði titill plötunnar allt sem segja þurfti. Platan innihélt ekki eina einustu ballöðu og Madonna ríkti yfir skemmtistaðagólfunum um allan heim árin 2005 og 2006.

Madonna leitaði í smiðju diskó-goðsagna á borð við ABBA og Giorgio Moroder, og í samvinnu við Stuart Price var árangurinn vægast sagt góður. Platan hefur selst í hátt í tíu milljónum eintaka auk þess sem tónleikaferðin í kjölfarið var hennar tekjuhæsta frá upphafi.

**Milljarða samningur**

Madonna þykir ekki eingöngu sniðug í tónlistarsköpun sinni því allt viðskiptaumhverfið í kringum listamanninn hefur verið öðrum til eftirbreytni. Í lok síðasta árs ákvað Madonna til dæmis að hætta hjá Warner-plöturisanum og gerði beinan samning við tónleikaskipuleggjandann Live Nation.

Samningurinn felur í sér plötuútgáfu, tónleikaferðir, söluvarning og kynningu og færir Madonnu litlar 120 milljónir dollara. Hún ætti að geta ættleitt nokkur börn fyrir þá upphæð.

**Föngulegt teymi**

Nýja platan, Hard Candy, er hins vegar síðasta hljóðversplatan sem Warner gefur út. Eins og áður fær Madonna með sér góða gesti. Timbaland, The Neptunes, Justin Timberlake, Danja og Kanye West leggja allir sitt af mörkum á plötunni og tryggja þannig áframhaldandi veru Madonnu í drottningarhásætinu.



**ENN LANGFLOTTUST** Madonna sendi í vikunni frá sér sína elleftu hljóðversskífu sem ber nafnið Hard Candy. Á plötunni fær hip-hop meira vægi en það sem áður hefur heyrst frá Madonnu, enda voru menn á borð við Timbaland og The Neptunes með puttana á tökkunum við upptökur plötunnar.

Platan hefur fengið fínar viðtökur hjá fjölmiðlum en mörgum finnst þó Madonna feta fullmikið í fótspor Britney Spears, Nelly Furtado og Gwen Stefani. Er poppdrottningunni kannski farið að förlast? Nei, vinsældir fyrsta smáskífulagsins, 4 Minutes, afsanna slíkt.

**Madonna að stela?**

Hard Candy er mun meiri hip-hop plata en Dansgólfsjátningarnar. Platan er reyndar ekki nærri því eins djörf og það sem áður hefur heyrst frá Madonnu. „Hip-hop útgáfan af Holiday,“ sagði Timbaland um nýju plötuna.

Aðrir vilja meina að Madonna sé að herma eftir Ítalódiskó sveitinni Class Candy (sjá t.d. p-beikon.blogspot.com). Lagið Candy Castle með Class Candy (sem kom út í fyrra á plötunni B/E/A/T/B/O/X) er einmitt skuggalega líkt 4 Minutes. En poppdrottningin er og verður Madonna og henni verður ekki skákað um sinn.

# Ekki aftur ókeypis

Hljómsveitin Radiohead ætlar ekki að leyfa aðdáendum sínum að ráða hvort þeir borgi fyrir plötur sínar í framtíðinni, líkt og hún gerði með síðustu plötu sína In Rainbows á netinu.

„Við vorum í þannig aðstöðu að allir voru að spyrja okkur hvað við ætluðum að gera,“ sagði söngvarinn Thom Yorke og bætti því við að um einangrað tilvik hefði verið að ræða. „Ég held líka að þetta myndi hvort sem er ekki hafa sömu áhrif ef við myndum ákveða að gefa eitthvað aftur.“




**THOM YORKE** Hljómsveitin Radiohead ætlar ekki leyfa aðdáendum að ráða því aftur hvort þeir borgi fyrir næstu plötur hljómsveitarinnar.

# Lag dagsins vestanhafs

Hljómsveitin Amiina átti fyrir skömmu lag dagsins, Rugla, á bandarísku útvarpsstöðinni National Public Radio. Yfir 26 milljónir Bandaríkjamanna hlusta á útvarpsstöðvar sem tilheyra NPR í viku hverri og því um frábæra kynningu að ræða fyrir Amiinu.

„Það er sígild tilfinninganæmni í lögum Amiinu. Á sama tíma þróast þau áfram á lagskiptan hátt með nýjum hljómum og léttleika,“ segir í umfjöllun á heimasíðunni NPR.org. Amiina er um þessar mundir að undirbúa tónleika í Hafnarhúsinu á Listahátíð þar sem sveitin kemur fram ásamt raftónlistarmanninum Kippa Kaninus dagana 15. og 16. maí.



# Harmoniku dagurinn

## laugardaginn 3. maí 2008

**Samband íslenskra harmonikuunnenda og harmonikufélögin í landinu**
**halda hátíðlegan harmonikudaginn 2008**

Þá munu harmonikufélög víða um land kynna þetta skemmtilega hljóðfæri með sérstakri áherslu á hversu margt ungt fólk spilar á harmoniku um þessar mundir.

# Reykjavík

## Dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur

### Tónleikar kl. 14:00

**Fram koma félagar úr eftirtöldum félögum:**
(Hljómsveitir og einleikarar).
**Í lok tónleika munu allir sem fram komu á tónleikunum spila saman þrjú lög**

Harmonikufélag Reykjavíkur | Harmonikufélag Selfoss
Félag harmonikuunnenda á Suðurnesjum
Hópar, einleikarar og ungir nemendur Vadims

## Harmonikuleikur víðsvegar um borgina og nágrenni í tilefni dagsins.

m.a. í Kringlunni, Kolaportinu og Smáranum.



## Dansleikur í Húnabúð

kl. 22:00

## Dalasýsla

**Harmonikufélagið Nikkolína Dalasýslu**

Tónleikar í Grunnskólanum í Búðardal
**sunnudagskvöldið 4. maí** kl. 20:30

Fram koma harmoniku-nemendu úr Tónlistarskóla Dalasýslu og harmoniku-hljómsveit Nikkolínu leikur nokkur skemmtileg lög.

## Þingeyri

**Félagar úr harmonikufélagi Vestfjarða verða með**

Harmonikuuppákomu í félagsheimilinu Þingeyri
kl. 15:00 auk kaffisölu

## Húnavatnssýsla

**Harmonikuunnendur Húnavatnssýslum**

Tónleikar í Ósbæ kl.15:00
Þar koma fram ungir nemar í harmonikkuleik, frá Tónlistarskólum í Húnavatnssýslum, ásamt eldri spilurum í H.U.H.
Einnig kemur fram unglingahljómsveit.

Dansleikur í Ósbæ kl. 22:00.



## Skagafjörður / sæluvika

**Harmonikfélag Skagafjarðar**

Opið hús í skemmtistaðnum Mælifelli, opnað kl. 13 með mynd á tjaldi

Tónleikar kl.14:00 | Dansleikur kl. 22:00-02:00

## Eyjafjörður

**Félag harmonikuunnenda við Eyjafjörð**

Tónleikar í Lóni við Hrísalund kl. 15:00

Fram koma harmonikuleikarar framtíðarinnar. Hljómsveit FHUE undir stjórn Róars Kvam.

Dansleikur í Lóni við Hrísalund kl. 22:00

## Þingeyjarsýsla

**Harmonikufélag Þingeyinga**

býður alla harmonikuunnendur velkomna í Ljósvetningabúð.
Dagskráin hefst kl. 14:00 með tónleikum harmonikunemenda.
Boðið verður upp á kaffi og meðlæti kl. 15:00.
*Á eftir spila félagar úr Harmonikufélaginu.*





## Egilsstaðir

**Harmonikufélag Héraðsbúa**

Tónleikar í Fellaskóla kl. 15:00. Félagar HFH spila í fyrirtækjum á Egilsstöðum og Fellabæ á tímabilinu frá kl 13:00-15:00

Harmonikudeginum lýkur á árshátíð Harmonikufélags Héraðsbúa og dansleik á Arhólsstöðum í Skriðdal. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

## Neskaupstaður

**Félag Harmonikuunnenda Norðfirði**

heldur dansleik í sal Nesskóla kl. 20-23.

Hittumst og skemmtum okkur við góða tónlist.

**Við hvetjum alla til að taka þátt í þessum degi og koma og njóta þessa sérstaka og skemmtilega hljóðfæris með okkur**

imago | grafísk hönnun

**> HNÉBROTIN GWYNETH**

Gwyneth Paltrow hefur enn ekki jafnað sig að fullu eftir að hafa brotið á sér hnéð við tökur á myndinni Iron Man. Hún var skorin upp vegna meiðslanna og segist halda að uppskurðurinn hafi valdið einhverjum skemmdum á taugum. „Mér líður ekki eins í fótleggjunum. Það getur gerst í aðgerð. Ef ég fer í vax finn ég meira til í öðrum fótleggnum,“ segir hún.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Dr. Reynsi Boy birtir niðurstöður

Reynir Þór Sigurðsson er líklega fróðasti Íslendingurinn um Eurovision. Það er nánast hægt að fletta upp í honum eins og alfræðiorðabók og hann hefur brennandi áhuga á keppninni. Reynir verður einn af vitringunum þremur sem munu hjálpa Páli Óskari í þætti hans Alla leið, sem hefst á morgun á RÚV.

Reynsi Boy, eins og Reynir kallar sig, hefur birt rannsóknarniðurstöður sínar fyrir keppnina á heimasíðu sinni **reynsiboy.blogcentral.is** undanfarin ár. Nú liggja fyrstu niðurstöðurnar í ár fyrir. Á fyrra kvöldinu telur Reynir líklegast að Ísrael, Aserbaídsjan, Slóvenía, Írland, Andorra, Armenía, Finnland, Rússland og Grikkland komist áfram og að dómnefnd muni senda Noreg eða Rúmeníu áfram sem tíunda lag. Reynir er þó ekki endilega viss um að þetta séu bestu lögin, hann segir til dæmis að það sé „pínu hneyksli“ að senda dúkkukalkúnann Dustin í aðalkeppnina.



**EKKI HRIFINN AF BELGÍSKA LAGINU** Reynir Þór Sigurðsson verður bráðum doktor.

Þá er Reynir ómyrkur í máli varðandi ýmis lög. Belgíska framlagið, sem er þjóðlagaskotið popp sungið á bullmáli, fer til að mynda sérstaklega í taugarnar á honum – „Þetta er lag frá þjóð sem er búin að fá nóg! Bæði af lélegri útkomu í keppninni og sendir bara eitthvað! Getur ekki einu sinni kosið sér ríkisstjórn þannig að það er kannske ekki von á góðu! Vonandi verður það ekki til að fólk úti um alla álfu slökkvi á sjónvarpinu og hætti við að horfa á fimmtudeginum og laugardeginum!“

Reynir hefur búið í London undanfarin ár og er nú að klára doktorsritgerðina sína. Nei, ekki um Eurovision, heldur um norrænar fornbókmenntir.

Eurovision **20 DAGAR TIL STEFNU**



**DAVID BLAINE** Töframaðurinn snjalli í vatnsbúri í New York fyrir tveimur árum.

# Setti heimsmet

Töframaðurinn David Blaine hefur sett heimsmet í því að halda niðri í sér andanum í kafi, eða í sautján mínútur og fjórar sekúndur. Metið setti hann í beinni útsendingu í spjallþætti Opruh Winfrey. Áhorfendur þáttarins fögnuðu hinum 35 ára Blaine mikið þegar kafarar sóttu hann úr vatnskúlunni þar sem hann setti metið.

Blaine virtist afslappaður eftir á og sagði að ævilangur draumur sinn hafi ræst. Fyrra metið átti Svisslendingurinn Peter Colat sem hélt niðri í sér andanum í sextán mínútur og 32 sekúndur. Blaine hefur áður látið grafa sig lifandi í eina viku í glærri kistu í New York og eytt rúmum mánuði í glerbúri yfir ánni Thames í London.




# Létt og leikandi í Ástralíu

**Tískuvikan í Ástralíu hófst á mánudag, en þar sýna hönnuðir línur sínar fyrir vor og sumar 2008 og 2009. Vor þar um slóðir hefst í september og sumarið tekur við eftir áramótin. Þau gegnsæju klæði sem hafa sett mark sitt á tískupallana í Evrópu voru einnig áberandi á fyrsta degi áströlsku tískuvikunnar, og þá sérstaklega hjá hönnuðunum Önnu Thomas og Lee Mathews.**



LEE MATHEWS



LEE MATHEWS



LEE MATHEWS



ANNA THOMAS



ANNA THOMAS



ANNA THOMAS

**NÆFURÞUNN SUMARFÖT**

Gegnsæ pils eru eflaust ekki allra, þó að fyrirsætan á sýningu Önnu Thomas í Sydney hafi tekið sig ágætlega út í einu slíku. Næfurþunnar blússur eiga hins vegar öruggleg upp á pallborðið hjá mörgum, og þá sérstaklega þegar hægt er að smeygja sér í bol undir. Bæði sumarlegt og dömulegt.

# Vill banna áfengi í Bollywood

Anbumani Ramadoss, heilbrigðisráðherra Indlands, hefur farið fram á að áfengisnotkun verði hætt í Bollywood-kvikmyndum. „Hér áður fyrr sáust bara vondu karlanir drekka áfengi. Núna eru hetjurnar farnar að drekka í miklu magni,“ sagði Ramadoss. „Leikarar sem drekka á hvíta tjaldinu hvetja ungmenni til að herma eftir þeim. Stöðva verður atriði þar sem áfengisnotkun er við lýði. Áfengisneysla er stærsta heilbrigðisvandamál Indlands.“

Hugmynd Ramadoss hefur ekki verið lögleidd. Í janúar bað hann um að reykingum í kvikmyndum yrði hætt því 52 prósent barna byrjuðu að reykja til að herma eftir átrúnaðargoðum sínum.



**BOLLYWOOD** Ramadoss er ósáttur við þróun mála í kvikmyndaborginni Bollywood.

Kossar á hvíta tjaldinu hafa ekki verið leyfðir til þessa í Bollywood, auk þess sem nekt er litin hornauga. Stutt er síðan leikkonan Kareena Kapoor vakti þjóðarathygli út af vangaveltum um það hvort hún myndi klæðast bikiní í næstu mynd sinni.

Kvikmyndaforkólfar í Bollywood telja að kröfur Ramadoss séu óraunhæfar. „Fyrst bannar hann reykingar og núna má ekki drekka. Þetta er ógerlegt því hvað er þá hægt að sýna?“ sagði Komal Nahta, ritstjóri Film Information. „Ungmenni herma ekki bara eftir því sem gerist í bíómyndum.“




DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| IRON MAN | DIGITAL | kl. 3D - 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN | | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| MAID OF HONOR | | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| DRILLBIT TAYLOR | | kl. 3:30 - 5:40 - 8 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| FORGETTING SARAH... | | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SHINE A LIGHT | | kl. 10:40 | L |
| FOOL´S GOLD | | kl. 3:30 - 5:40 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN | M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |
| KRINGLUNNI | | | |
| IRON MAN | DIGITAL | kl. 3:30D - 6D - 9D - 10D | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | | kl. 3:50 - 5:50 - 8 | 7 |
| P2 | | kl. 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ | DIGITAL | kl. 6D - 8D | 10 |
| UNDRAHUNDURINN | ÍSL TAL | kl. 4 | L |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 | 12 |
| 21 | kl. 10:30 | 12 |
| HORTON ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| AKUREYRI | | |
| IRON MAN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 6 | L |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 | 7 |
| THE RUINS | kl. 10 | 16 |
| KEFLAVÍK | | |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 8 | L |
| P2 | kl. 10 | 16 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 5:30 | L |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| MADE OF HONOUR LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| IRON MAN | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| 21 | kl. 10 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| HORTON | kl. 3.45 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 6 - 8.20 - 10.35 | |
| THE RUINS | kl. 8 - 10 | 16 |
| TROPA DE ELITE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 ENSKUR T | 16 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| AWAKE | kl. 10 | |
| 21 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10 | |
| STREET KINGS | kl. 10 | 16 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 8 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN - POWER | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 og 6 - 550 kr. | L |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 8 og 10.15 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 4 og 6 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |


# Vítamín bókuð út árið

„Það hefur verið talað um að sveitaballið væri að deyja en við erum bókaðir út allt þetta ár að gamlárskvöldi meðtöldu, þannig að það er ekkert að deyja," segir Jón Rósmann Mýrdal, söngvari Vítamín, heilbrigðustu hljómsveitar landsins. „Það er alveg hellingur að gera og við þurfum frekar að slá af okkur heldur en hitt." Giggið á gamlárskvöld verður á 800 Bar á Selfossi en fram að því spilar sveitin víðs vegar um landið, oftast nær tvisvar í viku.

Vítamín er með átta ný lög í vinnslu og eru einhver þeirra væntanleg í spilun á næstunni. „Við fengum Jóhann G. Jóhannsson til að semja fyrir okkur. Það er gott að hafa svoleiðis menn með sér," segir Jón Rósmann.

Athygli hefur vakið að Vítamín mætir á öll böll á hvítri, forláta Cadillac-bifreið, af árgerð ´75. „Hún vekur alltaf athygli og er ekki keyrð nema 38 þúsund mílur. Það var lítið búið að aka honum erlendis þegar hann kom hingað," segir hann. - fb



**Á CADILLAC** Strákarnir í Vítamín, þeir Sissi, Gústi, Jón Rósmann, Nonni og Jón Þór, mæta á sveitaböllin á glæsilegum hvítum Cadillac.

# Hollywoodgrín til Íslands

**Margir kannast eflaust við hina geysivinsælu þætti Vini, Will & Grace og Aðþrengdar eiginkonur. Jeff Greenstein hefur bæði skrifað og komið að framleiðslu þáttanna, en hann er nú á leið til Íslands og ætlar að miðla af reynslu sinni við íslenskt kvikmyndagerðarfólk.**

„Góð saga selur, sama hvar hún er skrifuð eða framleidd. Aðalatriðið er að áhorfendur tengi við þá sögu sem er verið að segja. Eftir því sem ég best veit eiga Íslendingar öfluga sagnahefð og hafa sýnt og sannað hve skapandi þeir eru. Þess vegna hef ég fulla trú á að ykkur takist að skapa gott sjónvarpsefni sem gæti einnig átt erindi erlendis," segir Jeff Greenstein, handritshöfundur og framleiðandi, sem er nú á leið til landsins. Hann hefur komið að þáttum á borð við Vini, Will & Grace og Aðþrengdar eiginkonur og ætlar nú að miðla af reynslu sinni til íslenskra kvikmyndagerðarmanna á þriggja daga námskeiði sem hefst á mánudaginn. Yfirskriftin er gamanefni fyrir sjónvarpsþætti og það er fyrirtækið MediaXchange sem heldur utan um námskeiðið. Ásamt Jeff kemur einnig John Barber, sem skapaði Frasier og Roseanne þættina, og John Vorhouse, sem vann að þáttum eins og Wonder Years og Married with Children.



**REYNDUR** Jeff Greenstein ætlar að kenna Íslendingum að búa til gamanefni.



**WILL & GRACE** Aðalleikarar þessara kunnu gamanþátta nutu leiðsagnar Jeffs Greenstein sem nú er á leið til Íslands til að miðla af reynslu sinni.

Jeff segir form sjónvarpsþáttanna vera að breytast í Bandaríkjunum og nefnir þar þekkt dæmi. „Vina-þættina gerðum við í stúdíói fyrir áhorfendur með tveimur til þremur tökuvélum. Í dag sjáum við mun fleiri þætti sem eru hreinlega eins og litlar bíómyndir, til dæmis eins og Aðþrengdar eiginkonur. Þess konar þættir eru nú mjög vinsælir og tölur sýna að þeir eru í harðri samkeppni við kvikmyndahúsin," útskýrir Jeff.

Hann nefnir líka nýjar leiðir í frásögn. „Við blöndum tegundum mikið og til dæmis lít ég á Aðþrengdar eiginkonur sem gamanþátt, þrátt fyrir sakamálin sem leysast. Síðan er mun algengara að höfundar leiki sér með hlutverk kynjanna og reyni að tala við raunverulegt fólk. Bjóði upp á raunveruleg vandamál án þess að missa húmorinn, sem verður til þess að fólk tengir við frásögnina," segir Jeff, sem hlakkar mikið til Íslandsferðarinnar. „Ég hef ferðast víða með MediaXchange en ég hef sjaldan verið jafn spenntur og nú. Ég er mikill aðdáandi Bjarkar og Sigur Rósar og get ekki beðið eftir að kynnast fleiri skapandi Íslendingum," segir Jeff. Allar upplýsingar um námskeiðið, sem stendur frá 5.-7.maí, er að finna á Mediaxchange.com og á Kvikmyndamidstod.is

rh@frettabladid.is

# Fórnarlömb eineltis svara fyrir sig

Þrír ungir félagar, einn spengilegur, annar mikill í holdum og þriðji væskilslegur, eru nýbyrjaðir í 9. bekk þegar þeir lenda í einelti eldribekkinga. Þeir grípa til örþrifaráða og ráða til sín lífvörð, en velja óafvitandi vonlausan heimilisleysingja, sem hefur aðeins hug á að féfletta þá.

Drillbit Taylor er enn ein gamanmyndin úr smiðju Judd Apatow sem framleiðir myndina, auk þess sem Seth Rogen, stjarnan úr Knocked Up, á þátt í handritinu. Með Owen Wilson í aðalhlutverki var því af einhverju að búast af myndinni en því miður virðist flest allt hafa farið út um þúfur.

Til að byrja með er mun minni broddur í Drillbit Taylor en í fyrri Apatow-myndum, á borð við Superbad. Hún höfðar þannig til yngri áhorfenda, en reynir samt að vera óborganleg og hjartnæm í senn. Gallinn er hins vegar hversu mikið af gríni myndarinnar misheppnast og hversu óþægilega illgjarnt það er, t.d. hvernig hrekkjusvínið leggur þá félaga í einelti. Allt sem snýr að persónu Owen Wilson passar illa í myndina, er ófyndið og fer að keppa um pláss við aðalsöguþráðinn.

Krakkarnir sem leika félagana standa sig ágætlega, en persónur þeirra þrjár eru ekki jafn áhugaverðar og þríeykið kostulega úr Superbad. Leikur Owen Wilson er eini ljósi punktur myndarinnar og honum tekst þó ekki að halda uppi myndinni. Leslie Mann skýtur upp kollinum sem kennari sem verður hugfanginn af persónu Wilson.

Í ofanálag er leikstjórnin slæm en hún er í höndum Steven Brill, sem gerði Adam Sandler-myndirnar Little Nicky og Mr. Deeds. Fyrir utan eitt ágætt atriði, eina rappkeppni, er útkoman eitt slakasta afsprengi Apatow-fjölskyldunnar og nær aldrei hæðum Superbad og Knocked Up. Einhvern tímann verða allir að klikka.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is



**KVIKMYNDIR**

**Drillbit Taylor**

Leikstjóri: Steven Brill. Aðalhlutverk: Owen Wilson.

★★

Slakasta myndin úr smiðju Judd Apatow. Góður leikur Owens Wilson nær því miður ekki að bjarga henni fyrir horn.

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

OPIÐ til 20 alla daga

## Dantax 15" LCD sjónvarp

15LCDDVDP1

- 15" 16:9 LCD skjár
- Upplausn: 1440 x 900 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- Innbyggður DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 3,5ms
- 12v og 220v
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi
- Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Svefnrofi og fjarstýring
- Passar fyrir VESA100 festingar (fylgir ekki)
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 38,3 x 30,9 x 6,5



**39.990kr**
ÓTRÚLEGT VERÐ

## United 19" LCD sjónvarp

TVD7056

- 19" 16:9 LCD skjár
- Upplausn: 1440 x 900 punktar
- Innbyggður DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Sjónsvið (h/v): 150/130° og birtustig: 300 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms
- 12v og 220v
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Scart, SVHS, CVBS og heyrnartóls-tengi
- VGA tengi
- Textavarp
- 12v snúra fylgir
- Svefnrofi og fjarstýring
- Passar fyrir VESA100 festingar (fylgir ekki)
- Borðstandur fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 46 x 35 x 8 og þyngd: 7 kg



**54.990kr**
Verð áður 59.990.

## Dantax 20" LCD sjónvarp

20LCDV7

- 20" 4:3 LCD sjónvarp
- Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
- Skerpa: 700:1 og 500cd/m2
- 12v og 220v
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartóls-tengi
- VGA tengi
- Textavarp með 7 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring
- Borðstandur og veggfesting fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 52,3 x 43,5 x 7,9 og þyngd: 9 kg



**39.990kr**
Verð áður 44.990.

## Panasonic 32" LCD sjónvarp

TX32LE7F

- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366 x 768 punktar
- HD Ready
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- Backlight Control
- VIERA Link
- 16w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 200 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 79,1 x 56,3 x 10,7 og þyngd: 16 kg



**89.990kr**
ÓTRÚLEGT VERÐ

## Dantax 40" LCD sjónvarp

40LCDV7

- 40" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366 x 768 punktar
- Progressive Scan
- Skerpa: 2.000:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 550 cd/m2
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 108 x 81,2 x 14,2



**119.990kr**
ÓTRÚLEGT VERÐ

## Panasonic 42" LCD sjónvarp

TH42PV70F

- 42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp
- Upplausn: 1024 x 768 punktar
- V-Real 2 Engine tækni - Frábær myndgæði
- Advanced 3D Colour management
- Motion Pattern Noise Reduction
- Sub-Pixel Control
- HD Ready
- Progressive Scan
- Real Black Drive 10.000:1 skerpa
- VIERA Link
- 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og PC tengi
- Textavarp með 1500 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Passar á Vogels EFW6305 veggfestinguna (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 102 x 68 x 9,7 og þyngd: 34 kg



**199.990kr**
ÓTRÚLEGT VERÐ

Gildir til 05. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR ÞRÓTTI 8. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2008

### > LYKILMAÐURINN



**Hjörtur Júlíus Hjartarson** er maðurinn sem á að skora mörkin fyrir Þrótt í sumar. Þessi reyndi framherji, sem hefur afrekað að vera markahæsti leikmaður efstu deildar, fór mikinn í 1. deildinni á síðustu leiktíð og skoraði 18 mörk í 21 leik í deildinni. Þróttarar þurfa á því að halda að hann verði skæður fyrir framan markið í sumar. Hjörtur skoraði ekki nema eitt mark fyrir ÍA sumarið 2006 og spurning hvort hann verður með markaskóna betur reimaða í sumar. Þróttarar þurfa sárlega á því að halda.

# Ætla að festa sig í sessi

Þróttur er kominn upp í efstu deild eina ferðina enn og markmið sumarsins er skýrt – að forðast fallið og festa sig í sessi í deild þeirra bestu.

Þróttarar ætla að gera allt til þess að forðast fallið í þetta skiptið og liður í þeirri áætlun er að spila á Valbjarnarvelli. Þróttur hefur hingað til flutt sig yfir á Laugardalsvöll þegar liðið kemst upp í úrvalsdeild en það hefur ekki gefið góða raun og því munu Þróttarar spila á þeim velli þar sem þeim líður best.

Gunnari Oddssyni, þjálfara Þróttar, hefur gengið ágætlega á leikmannamarkaðnum í vetur og hann mætir með ágætislið til leiks. Þar ber hæst að hinn uppaldi Þróttari Sigmundur Kristjánsson er kominn í heimahagana frá KR. Jens Elvar Sævarsson er einnig kominn heim frá Fylki.

Þróttarar eru með einn Dana og tvo Brasilíumenn sem gætu reynst liðinu drjúgir í sumar. Svo hefur fyrrverandi landsliðsmaðurinn Bjarni Þorsteinsson rifið skóna fram úr hillunni og hann ætti að styrkja Þróttara mikið.

Í framlínuna er síðan kominn hinn efnilegi Viktor Unnar Illugason, en hann fékk Þróttur að láni frá Reading. Viktor lék áður með Blikum og vakti hann talsverða athygli með þeim í Landsbankadeildinni sumarið 2006.

Verður áhugavert að fylgjast með samvinnu hins unga Viktors og reynsluboltans Hjartar Hjartarsonar.



### > X-FAKTORINN

**Brasilíumennirnir tveir** í herbúðum Þróttar eru algjört spurningarmerki. Reynist einhverjir sambataktar vera í tám þeirra er ljóst að Þróttarar verða talsvert skæðari en búist er við.

### AÐRIR LYKILMENN



EYSTEINN PÉTUR LÁRUSSON



SIGMUNDUR KRISTJÁNSSON



VIKTOR UNNAR ILLUGASON

### GENGI Á VORMÓTUNUM




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2007 2. sæti í B-deild | 2006 4. sæti í B-deild | 2005 10. sæti í A-deild | 2004 2. sæti í B-deild | 2003 9. sæti í A-deild | 2002 2. sæti í B-deild |

Tímaritið Forbes birtir lista sinn yfir verðmætustu knattspyrnufélög heims:

# Man. Utd verðmætast í heimi




**FÓTBOLTI** Glazer-fjölskyldan, sem á Manchester United, kvartar ekki mikið þessa dagana enda liðið í úrslitum Meistaradeildar og stefnir hraðbyri á enska meistaratitilinn. Í gær birti Forbes síðan lista sinn yfir verðmætustu knattspyrnufélög heims, og þar trónir United hátt á toppnum.

United er metið á 905 milljónir punda að mati Forbes en Real Madrid, sem er í öðru sæti listans, er metið á 646 milljónir punda.

Ensku félögin gera það annars gott á listanum, því Arsenal er í þriðja sæti og Liverpool í því fjórða.

Liverpool stekkur hátt á listanum enda var félagið síðast í 11. sæti. Bayern München er í fimmta sæti listans, AC Milan í því sjötta, Barcelona í því sjöunda og Chelsea loks í áttunda sæti. Juventus nær níunda sæti listans og Schalke tekur tíunda sætið. - hbg







**FRÁBÆR** Ragna hefur lagt mikið á sig til þess að láta drauma sína og markmið rætast og er nú að uppskera eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Draumur orðinn að veruleika

**Í gær var staðfest að Ragna Ingólfsdóttir úr TBR hefði öðlast keppnisrétt á Ólympíuleikunum í Peking.**

**BADMINTON** Ragna Ingólfsdóttir, margfaldur Íslandsmeistari í badminton, verður á meðal keppenda á Ólympíuleikunum í Peking næsta sumar en heimslisti Alþjóða Badmintonsambandsins skar í gær úr um hvaða badmintonleikmenn öðluðust keppnisrétt.

Ragna, sem er númer 56 á heimslista í einliðaleik kvenna, hefur ekki farið leynt með draum sinn um að taka þátt á Ólympíuleikum, hefur lagt á sig gríðarlega mikla vinnu til þess að komast þangað sem hún er komin og var því að vonum sátt þegar Fréttablaðið tók stöðuna á henni.

„Þetta er snilld og það er gríðarlegur léttir að sjá þetta loksins staðfest eftir að vera búin að vinna markvisst að þessu síðan árið 2004. Þetta er mikil vinna sem hefst í raun og veru að fullu tveimur árum fyrir Ólympíuleikana vegna þess að maður þarf að koma sér það ofarlega á heimslistann til þess að þurfa ekki að taka þátt í undankeppnum í hverju móti. Síðan snýst þetta um að velja réttu mótin og undirbúa sig vel undir þau, en sem betur fer er þetta aldrei búið að vera leiðinlegt,“ sagði Ragna, sem er á kafi í undirbúningi sínum fyrir Peking.

„Framundan eru strangar æfingar þar sem ég mun minnka badmintonið talsvert og fer frekar að hlaupa og lyfta og styrkja mig. Þegar nær dregur Ólympíuleikunum fer ég svo aftur að spila badminton,“ sagði Ragna, sem viðurkennir að hugurinn sé þegar farinn að leita til Peking.

„Ég verð samt að játa að ég er þegar farin að hugsa um hvernig það verður að labba hringinn á opnunarhátíðinni, það verður enn fremur mikil upplifun að spila þarna og vonandi næ ég að vinna einn leik eða tvo,“ sagði Ragna að lokum.

Árangur Rögnu er ekki síst frábær ef tekið er mið af því að hún meiddist illa á hné þegar hún sleit krossband á Opna hollenska mótinu í badminton fyrir tæpu ári. Aðgerð hefði þýtt það að hún hefði hrunið niður heimslistann, sem reiknaði út árangur badmintonleikara frá 1. maí 2007 til 30. apríl 2008. Hún ákvað að fara ekki í aðgerð og lagði frekar í mikla vinnu til þess að styrkja meidda hnéð og hélt þar með draumi sínum um að vinna sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum lifandi, draumi sem nú er orðinn að veruleika.

omar@frettabladid.is

# KAWASAKI SJÁLFSTÆÐI OG KRAFTUR




Kawasaki

## NINJA ZX 6R

Eitt flottasta sporthjólið á götunni. Mögnuð hönnun og ótrúlegur kraftur.
Vatnskælt, bein innspýting, 167 kg, 125 hestöfl, 6 gírar.

VERÐ: 1.410.000



Kawasaki

## VULCAN VN 900 CUSTOM

Glæsilegt götuhjól í sígildum stíl. Vatnskælt, bein innspýting, 249 kg, 54 hestöfl, 5 gírar.

VERÐ: 1.190.000

Kawasaki

## VERSYS

Frábært ferðahjól sem hefur komið einstaklega vel út úr prófunum.
Vatnskælt, bein innspýting, 181 kg, 64 hestöfl, 6 gírar.

VERÐ: 990.000



N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220, OPIÐ VIRKA DAGA 08-18, LAUGARDAGA 10-14
Dalshrauni 17 Hafnarfirði, Hafnargötu 90 Reykjanesbæ, Innnesvegi 1 Akranesi, Tryggvabraut 18-20 Akureyri,
Lyngási 13 Egilsstöðum, Hrísmýri 7 Selfossi, Básaskersbryggju Vestmannaeyjum.

NITRO

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Spænska blaðið AS spáir breytingum hjá Barca:

# Útsala á Nývangi

**FÓTBOLTI** Eftir tímabil vonbrigða hjá spænska stórliðinu Barcelona bendir allt til þess að miklar breytingar verði gerðar á leikmannahópi félagsins í sumar.

Tap Barcelona gegn Manchester United á dögunum í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu þýddi að tímabilið í ár er annað tímabilið í röð þar sem félagið situr eftir án titla og Txiki Beguiristáin, yfirmaður íþróttamála hjá Barcelona, viðurkenndi í viðtali við sjónvarpsstöðina Barca TV að breytinga væri þörf.

„Nú er tíminn til þess að skilgreina vandann og taka á honum. Það eru mikil vonbrigði að vinna ekki titla með þeim leikamannahópi sem við höfum yfir að ráða, en það hefur sýnt sig að það er ekki nóg að hafa bara stór nöfn á blaði, leikmenn verða að sýna hvað þeir geta inni á vellinum. Sökin er leikmannanna, þjálfaranna og tækniliðsins,“ sagði Beguiristáin.

Spænskir fjölmiðlar hafa fullyrt að dagar knattspyrnustjórans Franks Rijkaard séu senn taldir hjá Barcelona og eru José Mourinho og Josep Guardiola helst nefndir sem líklegir eftirmenn hans í starfi. Hvort sem skipt verður um mann í brúnni eða ekki verður líklega hrist rækilega upp í leikmannahópnum.

Spænska blaðið AS hefur tekið saman tíu manna lista yfir þá leikmenn sem eru líklegastir til þess að lenda í útsölunni á Nývangi. Eiður Smári Guðjohnsen er einn þeirra leikmanna en hinir eru Ronaldinho, Thierry Henry, Gianluca Zambrotta, Lilian Thuram, Deco, Sylvinho, Rafael Marquez, Edmilson og Santiago Ezquerro. - óþ



**Á FÖRUM?** Eiður Smári er talinn líklegur til að verða seldur í sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY




## ÚRSLIT

### Úrslital. Lengjubikars karla

| | |
|---|---|
| Fram-Valur | 1-4 |
| 0-1 Dennis Bo Mortesen (4.), 0-2 Dennis Bo Mortensen (29.), 1-2 Hjálmar Þórarinsson (33.), 1-3 Atli Sveinn Þórarinsson (49.), 1-4 Pálmi Rafn Pálmason (90.+1.). | |

### Undanúrslit UEFA-bikarsins

| | |
|---|---|
| Zenit-Bayern München | 4-0 |
| Pogrebnjak 2 (4., 73.), Zyrianov(39.), Fajzulin(54.) | |
| Fiorentina-Rangers | (2-4) 0-0 |
| Rangers vann 2-4 í vítaspyrnukeppni. | |






# Valur Lengjubikarmeistari

**Valur sigraði Fram í slag Reykjavíkurliða í úrslitaleik Lengjubikars karla í Kórnum í gær. Íslandsmeistarnir líta vel út viku fyrir fyrsta leik í Landsbankadeild.**

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar Vals sýndu styrk sinn þegar þeir sigruðu Fram, 4-1, í úrslitum Lengjubikarsins í Kórnum í Kópavogi í gærkvöld.

Valsmenn léku oft á tíðum flottan fótbolta þar sem allir leikmenn voru viljugir að fá boltann og fljótir að finna samherja. Það var einmitt flottur samleikur Vals sem skóp fyrsta markið strax á fjórðu mínútu. Guðmundur Benediktsson og Dennis Bo Mortensen galopnuðu vörn Fram með einföldum þríhyrningi. Guðmundur sendi boltann inn fyrir vörn Fram á glæsilegan hátt þar sem Mortensen kom askvaðandi og vippaði boltanum yfir Hannes Þór Halldórsson í marki Fram.

Mortensen bætti öðru marki við á 29. mínútu en Hjálmar Þórarinsson minnkaði muninn fyrir Fram úr vítaspyrnu aðeins fjórum mínútum síðar í einni af fáum sóknum Fram í leiknum.

Aðeins voru liðnar fimm mínútur af síðari hálfleik þegar þriðja mark Vals leit dagsins ljós. Það skoraði Atli Þórarinsson af stuttu færi með skalla eftir hornspyrnu Guðmundar Benediktssonar.

Yfirburðir Vals voru miklir og þegar mínúta var komin fram yfir venjulegan leiktíma skoraði Pálmi Rafn Pálmason frábært mark af 25 metra færi. Pálmi sá að Hannes var mjög framarlega í marki Fram og sendi boltann hnitmiðað yfir markvörðinn og gulltryggði öruggan sigur Íslandsmeistaranna.

**Willum sáttur með sína menn**

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, taldi sigurinn óþarflega stórann miðað við gang leiksins.

„Mér fannst tölurnar fullstórar miðað við leikinn. Framarar eru með fínasta lið og auðvitað væru þeir ekki í þessum úrslitaleik nema af því að þeir eru að gera eitthvað rétt. Þeir eru erfiðir andstæðingar. Þetta var alltaf leikur og aldrei neitt í hendi. Þeir létu hafa fyrir sér og þó að við næðum marki snemma og 2-0 stöðu gáfust þeir aldrei upp.“

Það verður erfitt fyrir hvaða lið sem er að hirða Íslandsmeistaratitilinn af Val í sumar. Liðið lítur mjög vel út í upphafi tímabils og er til alls líklegt.

„Ég held að staðan á liðinu sé góð. Við erum með hörkuhóp. Það ber lítið á milli liða og ef við komum einbeittir og ákveðnir í hvern einasta leik kvíði ég engu. Það er kominn ákveðinn stöðugleiki í liðið. Það eru litlar mannabreytingar á milli ára og menn þekkja hver annan orðið mjög vel. Við erum búnir að spila svipað skipulag og vera með svipaðar áherslur núna á fjórða árið og maður sér alltaf að áferðin á liðinu verður öruggari með hverju árinu,“ sagði Willum að lokinni verðlaunaafhendingu.

Óðinn Árnason, miðvörður Fram, var alls ekki sáttur við leik síns liðs.

„Við komum ekki nógu klárir í þennan leik. Við vorum fimm á hælunum þegar þeir skora mjög snemma leiks. Við vorum í vandræðum allan fyrri hálfleik. Við ætluðum að koma inn og gera betur en mér fannst seinni hálfleikur ekkert betri. Við vorum ekki nógu einbeittir í dag.“

Þrátt fyrir slakan leik er Óðinn bjartsýnn á sumarið.

„Sumarið lítur vel út. Við höfum staðið okkur vel í tíu leikjum í röð þangað til í þessum leik. Við erum miklu meiri liðsheild og miklu meira lið en í fyrra. Ég er bjartsýnn. Ég held að þetta verði skemmtilegt sumar. Toddi (Þorvaldur Örlygsson) er að gera skemmtilega hluti. Það er meiri barátta og meiri vilji í liðinu,“ sagði Óðinn rétt eftir að hafa tekið við silfurpeningnum í leikslok. - gmi



**SIGURREIFUR** Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði Vals, lyftir hér sigurlaununum hátt á loft í Kórnum í gærkvöld eftir góðan 1-4 sigur gegn Fram í úrslitaleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Zenit frá Pétursborg og Rangers komust í úrslit UEFA-bikarsins í gærkvöld:

# Bayern niðurlægt í Rússlandi

**FÓTBOLTI** Zenit frá Pétursborg og Rangers komust í úrslitaleik UEFA-bikarsins í gærkvöld en Bayern München og Fiorentina sátu eftir með sárt ennið.

Það kom mörgum á óvart þegar Zenit frá Pétursborg náði 1-1 jafntefli gegn Bayern München á Ólympíuleikvanginum í München í fyrri leik liðanna í undanúrslitum UEFA-bikarsins en Rússarnir sýndu svo um munaði í gærkvöld hvers þeir eru megnugir.

Heimamenn í Zenit tóku forystu strax á 4. mínútu þegar Pavel Pogrebnjak skoraði beint úr aukaspyrnu af 25 metra færi án þess að Oliver Kahn kæmi nokkrum vörnum við í markinu. Gestirnir í Bayern voru meira með boltann og náðu að skapa sér nokkur góð marktækifæri sem fóru forgörðum. Zenit-menn, sem vörðust skynsamlega og beittu eitruðum skyndisóknum, bættu við öðru marki í lok fyrri hálfleiks og þar var Konstantin Zyrianov á ferðinni.

Leikurinn var svipaður í síðari hálfleik þar sem Bæjarar fóru illa að ráði sínu en Zenit nýtti sín færi. Á 53. mínútu skoraði Victor Fajzulin þriðja mark Rússanna og á 73. mínútu fullkomnaði Pogrebnjak svo niðurlægingu Bayern með sínu öðru marki í leiknum og lokatölur á Petrovsky-leikvanginum því 4-0. Frábær árangur hjá leikmönnum Zenit frá Pétursborg sem eru komnir í úrslit UEFA-bikarsins í fyrsta skipti í sögu félagsins.

Rangers og Fiorentina skildu jöfn, 0-0, í fyrri undanúrslitaleik liðanna á Ibrox-leikvanginum í Glasgow og það sama var uppi á teningnum í Flórens í gærkvöld og leikurinn því framlengdur. Hvorugu liðinu tókst heldur að skora í framlengingunni og því þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni.

Í vítaspyrnukeppninni höfðu Skotarnir í Rangers betur 2-4. Það byrjaði þó ekki gæfulega fyrir þá því fyrirliðinn Barry Ferguson brenndi af fyrsta vítinu en Fabio Liverani og Christian Vieri brást bogalistin fyrir Fiorentina og því fór sem fór.

Rangers mætir því Zenit frá Pétursborg í úrslitaleiknum sem fram fer í Manchester á Englandi hinn 14. maí næstkomandi.



**VONBRIGÐI** Ítalski framherjinn Luca Toni hjá Bayern München trúir ekki að hann hafi ekki náð að skora á Petrovsky-leikvanginum í gærkvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY



GEGGJUÐ TILBOÐ • NOTAÐ • NÝTT • LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐ • AÐEINS Í DAG
ÓTRÚLEG TILBOÐ • TAKMARKAÐ MAGN
LAGER HREINSUN
Aflgjafar á ótrúlegu tilboðsverði
FRÁ 1.990
Nú er tíminn til að ná sér í margmiðlunar-spilara
FRÁ 3.990
Skjákort af öllum stærðum og gerðum
FRÁ 1.990
Móðurborð til að uppfæra gömlu græjuna almennilega
FRÁ 990
Flottir DVD skrifarar á rugl verði
FRÁ 1.990
Örgjörvar til að auka afl og afköst í græjunni
FRÁ 1.990
Hýsing utanum harða diska á tilboðverði
FRÁ 990
Mikið úrval af heyrnatólum á sérstöku útsöluverði
FRÁ 1.990
Nú er tíminn til að stækka vinnsluminnið í tölvunni þinni
FRÁ 490
Kassaviftur á klikkuðu verði
FRÁ 490
Turnkassar í miklu úrvali allar stærðir einstakt verð
FRÁ 2.990
Vertu í sambandi netbúnaður á frábæru verði
FRÁ 990
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU • ALDREI AÐ VITA HVAÐ ÞÚ FINNUR
Athugið að vörum af útsölu er ekki hægt að skila • Myndir í auglýsingu eru ekki endilega af viðkomandi vöru á útsölu • Birt með fyrirvara um breytingar
TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ
2%
REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | SELFOSS • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | HAFNARFJÖRÐUR • REYKJAVÍKURVEGI 66 • S: 414 1750
KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

## > Jessica Simpson

Jessica er ekki eins fullkomin og margir, og þá helst fjölmiðlar, halda. Jessica er nefnilega með ofnæmi fyrir osti, hveiti, kaffi, súkkulaði, tómötum og pipar. Þess má líka til gamans geta að náttúrulegur hárlitur hennar er brúnn. Jessica leikur í myndinni Employee of the Month sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON VILL EKKERT KLÁMFENGIÐ Í SJÓNVARP

## *Engar sænskar leiðir hér*

Ameríkanar og Bretar hafa verið framarlega á merinni hvað raunveruleikasjónvarp varðar. Engu skiptir hvort fólk sé gerilsneytt hæfileikum eða ekki, svo lengi sem hægt er að gera „Reality-TV“ þá er sótt um fjármagn, tökuvélarnar mundaðar og einhver foráttuheimskur kynnir fenginn til að stjórna herlegheitunum. Hingað til hafa frændur okkar á Norðurlöndunum verið fremur penir hvað þessa framleiðslu varðar ef undanskildar eru nokkrar sænskar útgáfur af Big Brother, en þar gátu Svíar fengið að fylgjast með fáklæddum löndum sínum í sturtu.

Þessi sænska leið virðist hafa gengið vel ofan í dönsku sandalaeigendurna sem tóku uppá sína arma einn alvitlausasta raunveruleikaþátt síðari tíma: Paradise Hotel. Ameríska útgáfan átti að ylja íslenskum sjónvarpsáhorfendum á köldum vetrarkvöldum um svipað leyti og Ástarfleyið sigldi í strand á Sirkus, en fyrirkomulagið var svo illskiljanlegt að erfitt var að halda með nokkrum keppanda þar sem þeir fengu alltaf að snúa aftur, fyrr eða seinna.



**SÆNSKA LEIÐIN** Svíar uppgötvuðu að þjóðin hefur áhuga á hvílubrögðum náungans.

En baunarnir sáu sér leik á borði eftir að hafa fylgst með Svíum fækka fötum fyrir framan sjónvarpsvélarnar og draga þannig að sér aukna athygli sjónvarpsáhorfenda. Þeir ákváðu því að fá til liðs við sig Dani sem voru ófeimnir við að sýna bert hold. En fyrrum nýlenduherrarnir höfðu séð slíkar strípisýningar hjá nágrönnum sínum og fúlsuðu við myndefninu enda var þeim slétt sama hvort leikjafyrirkomulagið gengi upp eða ekki. Mikið vill nefnilega alltaf meira.

Og þá voru góð ráð dýr. Danirnir dóu ekki ráðalausir og hafa nú slegið í gegn með fjórðu þáttaröðinni. Enda hefur því verið slegið upp á forsíðum danskra blaða að aldrei hafi jafnmargir átt náin kynni við rúmstokkinn fyrir framan tökuvélarnar og nú. Sem betur fer eru Íslendingar vandir að virðingu sinni, rétt eins og Færeyingar og Grænlendingar, og vita sem er að fáir, ef einhverjir hér á landi hafa áhuga á því hvað fer fram á bakvið luktar dyr svefnherbergisins. Ólíkt frændum okkar í Skandinavíu.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30 The Simpsons** STÖÐ 2



▶ **20.00 Falcon Beach** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Pirates of the Caribbean 2** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00 Svalbarði** SKJÁREINN



▶ **23.15 S.W.A.T.** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.25 Spæjarar**
**17.50 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.15 Ljóta Betty** (2:23) (Ugly Betty)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** Seinni undanúrslitaþáttur. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason. Útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson.
**21.15 Talið í söngvakeppni 2008** (1:3) Upphitun fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer í Belgrað 20.-24. maí.
**21.40 Hetjan unga** (Hero in the Family) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1986. Sonur geimfara reynir að hjálpa pabba sínum eftir að hann hefur heilaskipti við simpansa. Leikstjóri er Mel Damski og meðal leikenda eru Christopher Collet, Cliff De Young, Annabeth Gish og M. Emmet Walsh.
▶**23.15 Víkingasveitin** (S.W.A.T.) Bandarísk spennumynd frá 2003. Sérsveitarmenn í Los Angeles glíma við fíkniefnabarón sem býður hverjum þeim fúlgur fjár sem getur frelsað hann úr varðhaldi. Leikstjóri er Clark Johnson og meðal leikenda eru Samuel L. Jackson, Colin Farrell, Michelle Rodriguez og LL Cool J. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Pirates of the Caribbean 2**
**08.25 Land Before Time XI**
**10.00 Blue Sky**
**12.00 The Object of Beauty**
**14.00 Land Before Time XI**
**16.00 Blue Sky**
**18.00 The Object of Beauty**
▶**20.00 Pirates of the Caribbean 2** Önnur myndin í einum allra vinsælasta þríleik bíósögunnar um ævintýri sjóræningjans Jack Sparrow og Will Turner.
**22.25 Ice Harvest**
**00.00 Layer Cake**
**02.00 Dirty Deeds**
**04.00 Ice Harvest**

## STÖÐ 2

**07.00 Justice League Unlimited**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Extreme Makeover: HE** (29:32)
**11.15 Standoff** (9:18)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.45 Punk´d** (3:16)
**15.25 Bestu Strákarnir** (26:50)
**15.55 Galdrastelpurnar** (6:26)
**16.18 The Fugitives**
**16.43 Ben 10**
**17.03 Smá skrítnir foreldrar**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
▶**19.30 The Simpsons** (6:22) Ný þáttaröð með gulustu fjölskyldu í heimi, sú nítjánda í röðinni. The Simpsons hefur fyrir alllöngu síðan skipað sér á spjöld sögunnar sem langlífustu gamanþættir í bandarískri sjónvarpssögu auk þess auðvitað að vera langlífasta teiknimyndaserían. Og það sem meira er þá hefur Simpsons-fjölskyldan sjaldan eða aldrei verið eins vinsæl og einmitt um þessar mundir, þökk sé kvikmyndini sem sló rækilega í gegn í fyrrasumar.
**20.00 America´s Got Talent** (1:12)
**21.35 Employee of the Month** 2006. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.20 Sunset Strip** Gamansöm kvikmynd sem gerist í Hollywood á einum sólarhring árið 1972. Fram undan er dagur sem mun skipta sköpum í lífi nokkurra manneskja.
**00.50 Treed Murray**
**02.15 21 Grams**
**04.15 Standoff** (9:18)
**05.00 The Simpsons** (6:22)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 UEFA Cup**
**17.30 UEFA Cup**
**19.10 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**19.40 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA-mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**20.05 Spænski boltinn** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**20.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.00 World Supercross GP** (Qwest Field, Seattle, Wash.)
**21.55 $1,500 No Limit Hold ´Em, Las Vegas NV** (World Series of Poker 2007)
**22.40 $1,500 No Limit Hold ´Em, Las Vegas, NV** (World Series of Poker 2007)
**23.25 NBA-körfuboltinn** (NBA 2007/2008 - Playoff games) Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Tottenham - Bolton**
**19.05 Birmingham - Liverpool**
**20.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blackburn leiktíðina 1992-1993.
**22.20 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Svipmyndir frá leik Manchester United og Sheffield Wednesday leiktíðina 1992-1993.
**22.50 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**23.50 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Snocross** (e)
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.20 One Tree Hill** (e)
**20.10 Survivor: Micronesia** (9:14) Sextánda þáttaröðin í vinsælustu raunveruleikaseríu allra tíma. Nú eru það tíu eldheitir aðdáendur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendunum úr fyrri Survivor-seríum.
▶**21.00 Svalbarði** (5:10) Spriklandi ferskur skemmtiþáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar sem fær til sín góða gesti. Hljómsveitin Svalbarði spilar dillandi danstónlist ásamt söngkonunni Ágústu Evu Erlendsdóttur sem einnig bregður sér í ýmis gervi ásamt Þorsteini í nýstárlegum leiknum atriðum.
**22.00 Nánar auglýst síðar**
**22.25 Lipstick Jungle** (e) Aðalsöguhetjurnar eru þrjár valdamiklar vinkonur í New York. Victory kemst að því að annar hönnuður er búinn að stela hugmyndum hennar og reynir að komast að því hvernig hann komst yfir hennar hönnun. Það hitnar í kolunum á ný hjá Nico og Kirby en hversu alvarlegt er sambandið orðið? Wendy reynir að koma eiginmanni sínum á framfæri.
**23.15 Professional Poker Tour** (18:24)
**00.45 Brotherhood** (e)
**01.45 Law & Order: Criminal Intent** (e)
**02.35 World Cup of Pool 2007** (e)
**03.25 C.S.I.** (e)
**04.05 C.S.I.** (e)
**04.45 C.S.I.** (e)
**05.25 Vörutorg**
**06.25 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

HAPPY HOUR
2 FYRIR EINN
rex REYKJAVIK ICELAND
AUSTURSTRAETI 9. 101 REYKJAVIK ICELAND
WWW.REX.IS E-MAIL: REX@REX.IS



Í SUMAR OPNAR REX KL 21.00
MEÐ HAPPY HOUR (2 FYRIR EINN)
ALLAR HELGAR TIL 24.00.










## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

### America's Got Talent



Leitin að hæfileikaríkasta fólkinu í Ameríku er hafin á ný, nú ennþá veglegri og skemmtilegri. Þættirnir koma úr smiðju höfunda American Idol og So You Think You Can Dance. Dómararnir Pierce Morgan og David Hasselhoff hafa fengið frábæran liðstyrk því Sharon Osbourne er nýr dómari og kynnir í þáttunum er sjálfur Jerry Springer. Hér er á ferð hraður og fjölbreytilegur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Talið í söngvakeppni 2008
### Sjónvarpið kl. 21.15

Upphitun fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Í fyrri þættinum tveimur er fjallað um undirbúninginn fyrir stóru stundina í Belgrad, rætt við þátttakendur og sagðar af þeim fréttir. Í þriðja þættinum er svo sagt frá borginni góðu, Belgrad, þar sem keppnin fer fram.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Skugga-Baldur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Vorhret í sólskinskistunni
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Falcon Beach**
**17.45 Kenny vs. Spenny 2** (5:13)
**18.15 X-Files** (21:24)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**

**20.00 Falcon Beach** Paige, Lane og Erin eru öll í fríi á Falcon Beach. Paige er ung og snobbuð dekurrófa sem vill frekar vera að vinna í fyrirtækinu hjá pabba sínum heldur en að hanga á ströndinni með mömmu sinni en þegar hún hittir Jason, aðaltöffara bæjarins, fara málin að flækjast.

**20.45 Kenny vs. Spenny 2** (5:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa hvor við annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu atburðum.

**21.15 X-Files** (21:24)

**22.00 Hæðin** (7:9) Í þessum vandaða lífsstíls- og hönnunarþætti í anda The Block og Extreme Makeover fá þrjú gerólík pör það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæð.

**22.50 My Name Is Earl (13.22)**

**23.15 Bones** (5:13) Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af spennuþættinum Bones.

**00.00 ReGenesis** (9:13) Hörkuspennandi þættir sem lýsa má sem blöndu af CSI og X-Files.

**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem þeim dettur í hug. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Elly Ármanns og Björk Jakobsdóttir eru gestir þáttarins ásamt leynigesti.

**21.00 Skoðanaskipti** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi ræðir um borgarmenningu við gest sinn.

**21.30 Íslandsfari** Þáttur í umsjón Akeem Richard Oppong, formanns Íslands Panorama, sem er frjálst félag sem styður fjölmenningu og fjölþjóðlegt samfélag.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.20** Rabatten **10.50** Ønskehaven **11.20** Hammerslag **11.50** Auktionshuset Ellekilde **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Listen **15.00** Kim Possible **15.25** F for Får **15.30** Fredagsbio **15.45** Benjamin Bjørn **16.00** Når der er knald på elefantungen **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2007 **19.00** TV Avisen **19.30** Erin Brockovich **21.35** Klienten

## NRK 1

**7.55** Frokost-tv **10.00** NRK nyheter **10.10** Tinas mat **10.40** Columbo **12.15** Holy mobile! **13.00** Megafon **13.30** Dinosapiens **13.55** Frosk til middag **14.05** Desperados **14.30** Fin fredag **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Ørneredet **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.15** Robotgjengen **16.30** Det var en gang et eventyr **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Michael Palins nye Europa **18.55** 20 spørsmål **19.20** Detektimen. Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotell Babylon **22.05** Adresse Beograd **22.35** Glastonbury 2007. Søndag **23.35** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Annes trädgård **10.45** Inför Eurovision Song Contest **11.45** Glasklart **12.45** Veronica Mars **13.30** Sixties **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Klass 9A **15.30** Radiohjälpen. Vem kan hjälpa oss med minnena? **15.45** Arcimboldo **16.00** Hotell Kantarell **16.30** Madicken **17.00** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Var fan är mitt band? **19.30** A History of Violence **21.05** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.30** Morgonsoffan **22.00** Get Shorty




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég get aldrei hlustað á útvarp í vinnunni nema einstaka sinnum ef það eru þættir um myndlist. Þá reyni ég að hlusta í gegnum tölvuna. Ég reyni að hlusta á tónlist í bílnum og stilli þá oft á Rás 2 og Bylgjuna.“*

Rakel Pétursdóttir safnafræðingur.

# Vill að öryggisverðir fái að nota „mace“

Það hefur ekki farið framhjá neinum að það er enginn dans á rósum að vera öryggisvörður í búð um helgar. Þrjár hrottalegar líkamsárásir á öryggisverði í 10/11 í Austurstræti gefa tilefni til að áætla að þetta sé eitt hættulegasta starf landsins. Pétur Gíslason, öryggisvörður og tökumaður á ÍNN, er einn af þeim sem fara á næturvakt í kvöld.

„Nei, nei, ég kvíði nú ekkert fyrir að fara í vinnuna, enda er ég smá adrenalínfíkill,“ segir hann. Pétur stendur yfirleitt vaktina í verslun Select í Shell-stöðinni undir Perlunni. „Ég myndi aldrei nenna að vinna niðri í 10/11 í Lækjargötu. Þeir þyrftu að þrefalda tímakaupið mitt ef ég ætti að nenna því. En ég hef svo sem stundum þurft að vinna þar. Það eru svakalegar vaktir enda breytist búðin í eins konar félagsmiðstöð um helgar. Þarna er fullt af fólki sem er ekki að fara neitt, oft ógeðslega fullt, og þessu fylgir óhjákvæmilegt kaos.“

Þrír verðir frá Öryggismiðstöðinni, vinnuveitanda Péturs, eru á vakt, og einnig tveir frá Securitas. Pétur segir að starfið felist ekki bara í að reyna að hafa hemil á ástandinu heldur líka í að afgreiða, þrífa og svo framvegis.

„Ég hef alveg lent líka í átökum í Select þótt þar sé mun betra ástand. Drukknu fólki finnst maður bara fyndinn þar sem maður stendur, bara einhver gaur í peysu sem á stendur „öryggisvörður“. Maður er með lögguna á hraðvali. Það er bara verst að þeir koma ekki fyrr en einhver átök hafa átt sér stað, en þá koma þeir líka fljótt.“

Pétur vill meina að eina lausnin sé fólgin í að verðirnir fái einhver hjálpartæki, til dæmis mace-brúsa. „Til að drukkið fólk beri smá virðingu fyrir manni verður því að stafa einhver smá ógn af manni. Svona tæki væru bara öryggisatriði. Ekki það að við færum að meisa fólk í tíma og ótíma, enda fær ekki hvaða dúddi sem er þetta djobb. “ - glh



**HÆTTULEGT STARF** Pétur öryggisvörður segir að mace-brúsar gætu leyst vandann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** glundur 6. kúgun 8. mánuður 9. hamfletta 11. tónlistarmaður 12. goðmögn 14. kál 16. drykkur 17. hyggja 18. sóða 20. íþróttafélag 21. erlendis.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gas 3. umhverfis 4. markmið 5. svipuð 7. snyrting 10. beita 13. hnoðað 15. rokur 16. vefnaðarvara 19. samtök.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. gutl, 6. ok, 8. maí, 9. flá, 11. kk, 12. tótem, 14. salat, 16. te, 17. trú, 18. ata, 20. kr, 21. utan.

**LÓÐRÉTT:** 1. loft, 3. um, 4. takmark, 5. lík, 7. klósett, 10. áta, 13. elt, 15. túra, 16. tau, 19. aa.

## VEISTU SVARIÐ

Svar við spurningum á síðu 8.

1. Austurríki og Tyrkland.
2. Árni Beinteinn Árnason.
3. Hjá Iceland Express.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**STÓRSLASAÐUR BAGGALÚTSMAÐUR** Guðmundur Pálsson, til hægri á myndinni, segist vonast til að meiðslin setji ekki strik í reikninginn hjá Baggalúti. Bragi Valdimar félagi hans hefur sent honum hugheilar baráttukveðjur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

### GUÐMUNDUR PÁLSSON: SINAR Í HÆGRI HENDI LASKAÐAR

# Ekkert kósýkvöld hjá Baggalútsmanni á spítala

„Ég var að reyna að loka hurðinni heima hjá mér og hélt við glerið með hægri hendinni. Svo kom frekar öflug vindhviða og feykti eiginlega hurðinni á höndina með þeim afleiðingum að hún fór í gegnum glerið,“ segir Guðmundur Pálsson, útvarpsmaður og Baggalútur með meiru. Hann varð fyrir því óláni að skerast illa á hægri hendi í rokinu sem gekk yfir höfuðborgarsvæðið á þriðjudag. Samkvæmt síðustu fréttum benti allt til þess að sinar í hendinni hefðu laskast. Þegar Fréttablaðið náði tali af honum lá Guðmundur á spítala á fastandi maga en bar sig nokkuð vel. Hann var á leiðinni í aðgerð hjá handaskurðlækni og sagðist bera fullt traust til læknanna og hjúkrunarkvennanna sem ættu að höndla meiðslin. „Þetta eru miklir snillingar og fagmenn hérna,“ bætir Guðmundur við.

Og þótt slys séu auðvitað alltaf slæm þá koma þessi meiðsl á versta tíma, því Baggalútur er nú að leggja lokahönd á nýja afurð sína sem á að fylgja eftir með tilheyrandi tónleikahaldi. Og ef til vill er það kaldhæðni örlaganna að fyrsta smáskífa plötunnar heitir Kósýkvöld, nokkuð sem mörgum hugnast eflaust ekki að eiga innan veggja sjúkrahúss. Enda segir Guðmundur að hann hafi ekki haft rænu á því að kveikja á sjónvarpinu sem er þó á stofunni hans.

Baggalútsmaðurinn hefur þó bjartsýnina að leiðarljósi og segir það vissulega lán í óláni að hann skuli nánast eingöngu syngja með Baggalúti enda séu til sérstök statíf fyrir míkrófóna. Einnig sé vissulega betra að hægri höndin hafi orðið fyrir þessu hnjaski en ekki sú vinstri, því þá geti hann þó myndað hljóma á gítarnum þegar svo ber við. „Ég fæ síðan bara einhvern aðstoðarmann til að sjá um að slá strengina fyrir mig eða kynni mér eitthvert blásturshljóðfæri eins og munnhörpu,“ segir Guðmundur en ef marka má fyrstu fréttir af breiðskífunni koma einmitt slík hljóðfæri mikið fyrir í lögunum.

Það var Guðmundi síðan mikill stuðningur að félagi hans og fóstbróðir, Bragi Skúlason, skyldi hafa hringt og blásið honum baráttuanda í brjóst. „Við áttum gott samtal og hann sendir mér hlýja strauma.“ freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þrátt fyrir að vera höfundur textans við Eurovision-framlag Íslands í ár ætlar **Páll Óskar** ekki að fylgja Eurobandinu til Belgrad. Hann segir að sínu hlutverki sé lokið, hann hafi hjálpað til að gera atriðið sem flottast og treysti nú Friðriki og Regínu til að „massa þetta” á stóra sviðinu. Sjálfur ætlar Palli að horfa á keppnina í sjónvarpinu og veifa íslenska fánanum.

Fréttablaðið greindi í gær frá breytingum á dagskrá Rásar 2. Athygli vakti að tilgreint var að fjórar söngkonur munu skiptast á að stjórna hálftímaþætti á milli útvarps- og sjónvarpsfrétta á laugardögum og sunnudögum. Þær Alma Guðmundsdóttir, Sigríður Thorlacius, Erla Jónatansdóttir og **Hildur Vala Einarsdóttir** munu því fá eldskírn sína við þáttastjórn í sumar. Hermt er að þessir sumarþættir verði eins konar Idol-keppni milli söngkvennanna fjögurra. Sú sem standi sig best fái í kjölfarið fastan sess í Popplandi.



Óðum styttist í komu tónlistarmannsins **Bobs Dylan** til Íslands en hann leikur á tónleikum í nýju Laugardalshöllinni 26. maí. Dylan hefur það orð á sér að vera mikið ólíkindatól og eru aðstandendur tónleikanna þegar farnir að finna fyrir því, ef marka má sögusagnir. Sagt er að Dylan hafi heimtað að sjá sjálfur um að bóka sér hótel á Íslandi. Enginn, hvorki tónleikahaldarar né aðrir, megi vita um dvalarstað hans. Þeir geta þá kannski andað léttar að þurfa ekki að snúast í kringum karlinn á hótelinu.



- glh/hdm

GERÐUBERG
www.gerduberg.is



Verið velkomin á opnanir sýninga laugardaginn 3. maí kl. 15.00

**Kynjaskepnur úr íslenskum þjóðsögum**
Teikningar eftir Jón Baldur Hlíðberg.
Sigurður Ægisson þjóðfræðingur og Jón Baldur verða með leiðsögn um sýninguna kl. 15.30.



**Milli fjalls og fjöru**
Alþýðulistamennirnir Ósk Guðmundsdóttir og Michael Guðvarðarson sýna landslagsmálverk í Boganum.



**Stefnumót við safnara III**
Hljómfagurt stefnumót við tónlistarmenn og hljóðfærasafnara!
Sýningarstjórn: Anik Todd og Una Stígsdóttir
Boðið er upp á leiðsögn fyrir hópa. s. 575 7700

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.
Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is

# Gerir bíó úr Dubbeldusch

Björn Hlynur Haraldsson hyggst skrifa kvikmyndahandrit upp úr leikriti sínu Dubbeldusch sem var sýnt fyrir fullu húsi hjá Leikfélagi Akureyrar. „Ég hef alltaf haft það bak við eyrað að þetta gæti orðið kvikmynd. Og þá er mjög gott fyrir leikarana og mig að vera búnir að fara í gegnum leikhúsið.“

Leikritið fékk afbragðsgóða dóma og Björn Hlynur var að vonum ánægður með viðtökurnar við frumraun sinni sem leikritaskáldi en sagði þær eilítið skrýtnar. „Þetta er náttúrlega hádramatískt verk en gagnrýnendur hafa allir verið sammála um að þetta sé drepfyndið. Ég held að það sé svolítið íslenski húmorinn í hnotskurn, að okkur þyki fátt jafn fyndið og þegar einhver annar er í klemmu,“ segir Björn sem á ekki langt að sækja hæfileikana því frændi hans er Guðmundur Kamban, eitt fremsta leikritaskáld Íslendinga. Og á það hefur verið bent að það séu ekki bara hæfileikarnir sem tengi þá frændur saman því þeir séu einnig glettilega líkir í útliti. „Og það er ekki leiðum að líkjast, sérstaklega ef við erum í svart/hvítu báðir tveir,“ segir Björn. „Hann byrjaði náttúrlega sem leikari en fór síðan alfarið út í að skrifa leikrit. Ég er hins vegar ekkert búinn að gefa leiklistina upp á bátinn þótt bæði leikstjórn og leikritun eigi hug minn allan um þessar mundir,“ bætir leikstjórinn við.

- fgg





**LÍKIR** Björn Hlynur og frændi hans Guðmundur Kamban eru óneitanlega líkir í útliti en Guðmundur er afabróðir Björns Hlyns.

# +++ OUTLET 10 +++

merki fyrir minna

**BESTA** VERÐIÐ

KOMDU Í NÝJA VERSLUN OKKAR

## SMÁRATORGI 1

LÍTTU VIÐ Í STÓRVERSLUN OKKAR

## FAXAFENI 10



Myndir: Björn Blöndal

JAKKAFÖT 9.990,-

SVARTAR DÖMU BUXUR 36-56 2.990,-

KJÓLAR 4.990,-

GALLABUXUR 1.990,-

HERRA SKYRTUR 1.990,-

SMÁRA

ALLT Í BARNADEILD 500,-

HETTUPEYSUR 1.990,-

HERRA VINNUBUXUR 990,-

ALLIR STUTTERMA BOLIR 990,-

JAKKAFÖT 9.990,-

FAXAFE

**NÝJAR** VÖRUR Í STÆRÐUM 36-60

**SMÁRATORGI 1 s.** 534 4451

**FAXAFENI 10 s.** 534 4450

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000










**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar


## Þegar Musso var málið

Munið þið þegar þeirri skrítnu hugmynd skaut niður á Íslandi að enginn væri maður með mönnum nema hann eignaðist straumlínulagaðan jeppa sem hét hinu afspyrnu kjánalega og óþjála nafni SsangYong Musso?

**BURGEISARNIR** á Seltjarnarnesi og í Garðabæ sáu auðvitað við nýjabruminu og héldu sig við Pajero og Patrol en stéttirnar sem voru nýbúnar að brjótast til velmegunar féllu kylliflatar fyrir þessu kóreska þarfaþingi – ekki síst úti á landi.

**Á** landsbyggðinni slógu oddvitar, sýslumenn og orkubústjórar tóninn og í kjölfarið fylgdu trillukarlarnir; annar hver seldi kvótann, settist upp í Löduna og ók suður með peningana en sneri aftur á Musso. Um stutt skeið var sómi sjávarbyggða metinn í fjölda Musso-jeppa. Að koma frá tíu Mussoa bæjarfélagi vestur á fjörðum þótti um tíma hreint ekki ónýtt; sýndi að verðmætasköpunin hefði aldeilis borið ávöxt og menn komið ár sinni vel fyrir borð.

**SVO** hallaði á ógæfuhliðina. Verkfræðingarnir í Seúl höfðu ekki sýnt þá fyrirhyggju að gera ráð fyrir hinum alræmdu „íslensku aðstæðum“ (það er að segja handónýtu vegakerfi) og fyrr en varði fylltust bílaverkstæði af Musso-jeppum með ónýta vatnskassa, bilaðar sjálfskiptingar og brotin drifsköft. Trillukarlar sátu uppi kvótalausir með ónýtan jeppa og grétu Lödurnar sárt.

**ÞETTA** var áfall, ekki síst fyrir sjálfsmynd margra hinna dreifðu byggða. Sjálfur var ég á bílprófsaldri á þessum tíma og man vel að skyndilega þýddi lengur ekki að slá um sig með þeirri staðreynd að vera frá tíu Mussoa þorpi. Í einu vetfangi var Kóreujeppinn orðinn að tákngervingi stöðnunar.

**ÞAÐ** verður hins vegar ekki af jeppainnflytjendum tekið að þeir lærðu af reynslunni því undanfarin áratug hefur ekki sá jeppi verið fluttur inn til landsins án þess að auglýst sé að hann sé „sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður“ – með öðrum orðum hægt að aka honum fyrirhafnarlaust frá Reykjavík til Akureyrar. Það er hins vegar engum lengur kappsmál að eignast Musso. Af og til er þó hægt að rekast á smáauglýsingar í dagblöðunum þar sem eigendur ónýtra Musso-jeppa reyna að pranga varahlutum hver inn á annan.

**ÞAÐ** er auðvelt að vera vitur eftir á. Niðurlæging Musso-skeiðisins varði sem betur fer stutt en kenndi okkur dreifurunum aftur á móti að meta að verðleikum bifreiðina sem tryggði að við kæmumst leiðar okkar hvað sem á gekk. Hvenær skyldi Lödu-setrið verða opnað?

### GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 2. maí, 123. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.55 | 13.25 | 21.56 |
| Akureyri | 4.27 | 13.09 | 21.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


